



UMHVERFISSTOFNUN

# Ástand friðlýstra svæða

skýrsla Umhverfisstofnunar 2010





# ÁSTAND FRÍÐLÝSTRA SVÆÐA

Skýrsla Umhverfisstofnunar gefin út að hausti 2011

**TEXTI**

Aðalbjörg Birna Guttormsdóttir

**UMBROT**

Völundur Jónsson

**FORSÍÐUMYND**

Dimmuborgir í Mývatnssveit, sem voru friðlýstar árið 2011

**PRENTUN**

Guðjón Ó

© Umhverfisstofnun, Reykjavík, 2011

UST-2011:12



## UMHVERFISSTOFNUN

UMHVERFISSTOFNUN  
Suðurlandsbraut 24  
108 Reykjavík

SÍMI 591 2000  
SÍMBRÉF 591 2010  
umhverfisstofnun@umhverfisstofnun.is



# Ástand friðlýstra svæða

skýrsla Umhverfisstofnunar 2010



## 2 Suðvesturland

- 2.1 FRIDLÖND Á SUÐVESTURLANDI 6
- 2.1.1 Ástjörn, Hafnarfirði 6  
2.1.2 Bakkatjörn, Seltjarnarnesi 6  
2.1.3 Eldey, Reykjanesbæ 6  
2.1.4 Gróttu, Seltjarnarnesi 7  
2.1.5 Kasthúsatjörn, Álftanesi 8  
2.1.6 Varmárásar, Mosfellsbæ 8  
2.1.7 Vífilstaðavatn og nágrenni, Garðabæ 9
- 2.2 NÁTTÚRUVÆTTI Á SUÐVESTURLANDI 10
- 2.2.1 Borgir, Kópavogi 10  
2.2.2 Eldborg í Bláfjöllum, Reykjavík 10  
2.2.3 Eldborg undir Geitahlíð, Grindavíkurbæ 10  
2.2.4 Fossvogsbakkar, Reykjavík 11  
2.2.5 Gálgabrunn, Garðabæ 11  
2.2.6 Hamarinn, Hafnarfirði 12  
2.2.7 Háubakkar við Elliðaárdvög, Reykjavík 12  
2.2.8 Kaldárhraun og Gjárnar, Hafnarfjörður 12  
2.2.9 Laugarás, Reykjavík 12  
2.2.10 Litluborgir, Hafnarfjörður 13  
2.2.11 Tröllabörn í Lækjarbotnum, Kópavogi 13  
2.2.12 Valhúsaheð, Seltjarnarnesi 13  
2.2.13 Víghólar, Kópavogi 13
- 2.3 FRIDLÝSTAR LÍFVERUR, BÚSVÆÐI, VISTGERÐIR OG VISTKERFI Á SUÐVESTURLANDI 14
- 2.3.1 Skerjafjörður, Garðabæ 14
- 2.4 FÓLKVANGAR Á SUÐVESTURLANDI 14
- 2.4.1 Ástjörn og Ásfjall, Hafnarfirði 14  
2.4.2 Bláfjöll, Reykjavík, Kópavogi, Garðabæ, Sveitarfélaginu Ólfusi, Seltjarnarnesi og Hafnarfirði 14  
2.4.3 Fjaran við Kasthúsatjörn, Álftanesi 15  
2.4.4 Hleinar, Hafnarfjörður 15  
2.4.5 Hlíð, Álftanes 16  
2.4.6 Hvaleyrarlón og Hvaleyrarhöfði, Hafnarfjörður 16  
2.4.7 Rauðhólar, Reykjavík 16  
2.4.8 Reykjanesfölkvangur, Grindavíkurbæ, Hafnarfirði og Garðabæ 17  
2.4.9 Stekkjarhraun, Hafnarfjörður 17

## 3 Vesturland

- 3.1 FRIDLÖND Á VESTURLANDI 18
- 3.1.1 Blautós og Innstavigsnes, Akraneskaupstað 18  
3.1.2 Búðahraun 19  
3.1.3 Geitland, Borgarfjarðar 20  
3.1.4 Grunnafjörður, Leirár- og Melabreppi og Skilmannabreppi 21  
3.1.5 Húsafellskógur, Borgarfjarðarbyggð 21  
3.1.6 Melrúkkæy, Grindarfjarðar 22  
3.1.7 Ströndin við Stapa og Hellna, Snæfellsbæ 22  
3.1.8 Vatnshornsskógur, Skornadalur 23
- 3.2 NÁTTÚRUVÆTTI Á VESTURLANDI 23
- 3.2.1 Eldborg í Hnappadal, Borgarfjarðarbyggð 23  
3.2.2 Bárðarlaus, Snæfellsbæ 24  
3.2.3 Grábrókargígur, Borgarfjarðarbyggð 24  
3.2.4 Hraunfossar, Borgarfjarðarbyggð 25  
3.2.5 Steðji (Staupasteinn) á Skeiðhól, Kjósarhreppi 26
- 3.3 FRIDLÝSTAR LÍFVERUR, BÚSVÆÐI, VISTGERÐIR OG VISTKERFI Á VESTURLANDI 27
- 3.3.1 Hvanneyri, Borgarfjarðarbyggð 27
- 3.4 FÓLKVANGAR Á VESTURLANDI 27
- 3.4.1 Einkunnir, Borgarfjarðarbyggð 27
- 3.5 ÖNNUR SVÆÐI Á VESTURLANDI 28
- 3.5.1 Breiðafjörður, Vesturbyggð, Reykhólabreppi, Saurbæjarhreppi, Dalabyggð, Helgafellssveit, Stykkishólmi, Grindarfjarðar 28 og Snæfellsbæ 28  
3.5.2 Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull 28

## 4 Vestfirðir

- 4.1 FRIDLÖND Á VESTFJÖRÐUM 30
- 4.1.1 Flatey, Reykhólabreppi 30  
4.1.2 Hornstrandir, Ísafjarðar 30  
4.1.3 Vatnsfjörður, Vesturbyggð 32
- 4.2 NÁTTÚRUVÆTTI Á VESTFJÖRÐUM 33
- 4.2.1 Dynjandi, Ísafjarðar 33  
4.2.2 Surtarbránsgil, Vesturbyggð 34
- 4.3 FRIDLÝSTAR LÍFVERUR, BÚSVÆÐI, VISTGERÐIR OG VISTKERFI Á VESTFJÖRÐUM 35
- 4.4 FÓLKVANGAR Á VESTFJÖRÐUM 35
- 4.5 ÖNNUR SVÆÐI Á VESTFJÖRÐUM 35
- 4.5.1 Breiðafjörður, Vesturbyggð, Reykhólabreppi, Saurbæjarhreppi, Dalabyggð, Helgafellssveit, Stykkishólmi, Grindarfjarðar 35 og Snæfellsbæ 35

## 5 Norðurland vestra

- 5.1 FRIDLÖND Á NORÐURLANDI VESTRA 36
- 5.1.1 Miklavatn, Sveitarfélaginu Skagafirði 36  
5.1.2 Guðlaugstungur og Álfgestungur, Húnavatnsbreytur 37
- 5.2 NÁTTÚRUVÆTTI Á NORÐURLANDI VESTRA 38
- 5.2.1 Hveravellir á Kili, Húnavatnsbreytur 38  
5.2.2 Kattarauga, Húnavatnsbreytur 39
- 5.3 FRIDLÝSTAR LÍFVERUR, BÚSVÆÐI, VISTGERÐIR OG VISTKERFI Á NORÐURLANDI VESTRA 40
- 5.4 FÓLKVANGAR Á NORÐURLANDI VESTRA 40
- 5.4.1 Hrítey í Blöndu, Blönduós 40  
5.4.2 Spákonufellshöfði, Höfðahreppi 41

## 6 Norðurland eystra

- 6.1 FRIDLÖND Á NORÐURLANDI EYSTRA 43
- 6.1.1 Friðland í Svarfárdal, Dalvíkurbyggð 43  
6.1.2 Herðubreiðarlindir, Skútustaðahreppi 44  
6.1.3 Vestmannsvatn, Adaldalahreppi og Þingeyjarsveit 45
- 6.2 NÁTTÚRUVÆTTI Á NORÐURLANDI EYSTRA 45
- 6.2.1 Hverastrjútur, á botni Eyjafjarðar 45  
6.2.2 Hverastrjútur í botni Eyjafjarðar, norður á Arnarnes-nöfum (Arnarnesstrjútur). 46  
6.2.3 Skútustaðagígur, Skútustaðahreppi 46
- 6.3 FRIDLÝSTAR LÍFVERUR, BÚSVÆÐI, VISTGERÐIR OG VISTKERFI Á NORÐURLANDI EYSTRA 48
- 6.3.1 Kúluskitur, vaxtarforms grænþörungisins vatnaskúfs (Aegagropila linnaei). 48
- 6.4 FÓLKVANGAR Á NORÐURLANDI EYSTRA 48
- 6.4.1 Böggvistaðafjall, Dalvíkurbyggð 48  
6.4.2 Krossanesborgir, Akureyri, Eyjafjarðarsveit. 48  
6.4.3 Hraun í Öxnadal. 48
- 6.5 ÖNNUR SVÆÐI Á NORÐURLANDI EYSTRA 49
- 6.5.1 Mývatn og Laxá, Skútustaðahreppi, Þingeyjarsveit og Norðurþingi 49

## 7 Austurland

- 7.1 FRIDLÖND Á AUSTURLANDI 52
- 7.1.1 Hólmanes, Fjarðabyggð 52  
7.1.2 Salthöfði og Salthöfðamýrar, Sveitarfélaginu Hornafirði 52  
7.1.3 Skríður, Fjarðabyggð 53  
7.1.4 Hvannalindir í Krepputungu, Fljótalsbæ 53  
7.1.5 Ingólfsböfði, Sveitarfélaginu Hornafirði 54  
7.1.6 Kringilsárrani, Fljótalsbæ 54  
7.1.7 Lönsöræfi, Sveitarfélaginu Hornafirði 55
- 7.2 NÁTTÚRUVÆTTI Á AUSTURLANDI 57
- 7.2.1 Díma í Lóni, Sveitarfélaginu Hornafirði 57  
7.2.2 Háalda, Sveitarfélaginu Hornafirði 57  
7.2.3 Helgustadanáma, Fjarðabyggð 57  
7.2.4 Teigarhorn, Djúpvavogshreppi 58
- 7.3 FRIDLÝSTAR LÍFVERUR, BÚSVÆÐI, VISTGERÐIR OG VISTKERFI Á AUSTURLANDI 58
- 7.4 FÓLKVANGAR Á AUSTURLANDI 59
- 7.4.1 Álfborg, Borgarfjarðarhreppi 59  
7.4.2 Fölkvangur Neskaupsstaðar, Fjarðabyggð. 59  
7.4.3 Hólmanes, Fjarðabyggð 60  
7.4.4 Ósland, Sveitarfélaginu Hornafirði 60
- 7.5 ÖNNUR SVÆÐI Á AUSTURLANDI 60
- 7.5.1 Vatnajökulshjóðgarður 60


## 8 Suðurland

- 8.1 FRIDLÖND Á SUÐURLANDI 62
- 8.1.1 Dyrhólaey, Mýrdalsbreytur 62  
8.1.2 Friðland að Fjallabaki 63  
8.1.3 Gullfoss, Bláskógabyggð 64  
8.1.4 Herðisárvík, Sveitarfélaginu Ólfusi 65  
8.1.5 Oddaflöt, Rangárfingi 65  
8.1.6 Pollengi og Tunguey, Bláskógabyggð 65  
8.1.7 Surtsey, Vestmannaeyjabæ 66  
8.1.8 Þjórsárver, Skeiða- og Gnúpverjahreppi og Ásahreppi 67
- 8.2 NÁTTÚRUVÆTTI Á SUÐURLANDI 68
- 8.2.1 Álftaversgígur, Skaftárhreppi 68  
8.2.2 Árnahellir í Leitabrauni, Sveitarfélaginu Ólfusi 68  
8.2.3 Dvergghamrar, Skaftárhreppi. 68  
8.2.4 Jörundur í Lambabrauni, Bláskógabyggð 69  
8.2.5 Kirkjugólf, Skaftárhreppi 69  
8.2.6 Rangárfingi 69
- 8.3 FRIDLÝSTAR LÍFVERUR, BÚSVÆÐI, VISTGERÐIR OG VISTKERFI Á SUÐURLANDI 70
- 8.3.1 Kúluskitur 70
- 8.4 FÓLKVANGAR Á SUÐURLANDI 70
- 8.4.1 Bláfjallafölkvangur 70
- 8.5 ÖNNUR SVÆÐI Á SUÐURLANDI 70
- 8.5.1 Geysir í Haukadal, Bláskógabyggð 70  
8.5.2 Þjóðgarðurinn Þingvellir, Bláskógabyggð 70



# FRIDLÝST SVÆÐI OG SVÆÐI VERNDUÐ SKV. LÖGUM

PROTECTED AREAS AND AREAS PROTECTED ACCORDING TO SPECIAL ACTS



UMHVERFISSTOFNUN  
 LUST, Júní 2011 - Kartlagi JÓGU  
 Kartöfnun: Lambert Kartöfnun  
 © Landmælingar Íslands  
 Heiðislaus: ISN3



# 2 Suðvesturland

Á Suðvesturlandi eru 30 svæði friðlýst. Þar af eru 7 friðlönd, 13 náttúruvætti, 9 fólkvangar og 1 búsvæði.

## 2.1 FRIDLÖND Á SUÐVESTURLANDI

### 2.1.1 Ástjörn, Hafnarfirði

<b>FRIDLÝST</b>	Auglýsing nr. 189/1978 í Stjórnartíðindum B.
<b>STÆRD</b>	28,5 ha.
<b>LOKUNARÁKVÆÐI</b>	Vegna fuglaverndunar er óheimilt að fara um svæðið frá 1. maí til 15.júlí. Enginn er þó á svæðinu til að framfylgja því banni.
<b>LANDVARSLA</b>	Árið 2010 var ekki sumarvarsla við Ástjörn líkt og áður. Starfsmenn þjónustumiðstöðvar og vinnuflokkar á vegum sveitarfélagsins unnu við stígaviðhald.
<b>SKILTI</b>	Hafnarfjarðarbær hefur komið upp fræðsluskiltum við Ástjörn.
<b>STÍGAR</b>	Stígur liggur umhverfis tjörnina. Svæðið er afar vinsælt til útivistar. Viðhald göngustíga hefur verið á vegum Hafnarfjarðarbæjar.
<b>FRAMKVEMDIR</b>	Uppræta þarf framandi plöntutegundir á svæðinu. Válistategundir Flórgoði (VU).
<b>ALÞJÓÐASAMNINGAR</b>	Bernarsamningur (viðauki II)

### 2.1.2 Bakkatjörn, Seltjarnarnesi

<b>FRIDLÝST</b>	Auglýsing nr. 889/2000 í Stjórnartíðindi B.
<b>STÆRD</b>	14,9 ha.
<b>LOKUNARÁKVÆÐI</b>	Á varptíma, 1. maí til 1. júlí, er umferð um friðlandið næst Bakkatjörn takmörkuð.
<b>SAMNINGUR</b>	Umhverfisnefnd Seltjarnarness hefur umsjón með friðlandinu í umboði Umhverfisstofnunar og bæjarstjórnar Seltjarnarness. Ekki hefur verið gerður formlegur umsjónarsamningur þess efnis.
<b>SKILTI</b>	Seltjarnarnesbær hefur komið upp fræðsluskilti um fugla á svæðinu.
<b>FRÆÐSLUÁÆTLUN</b>	Áætlað er að setja upp skilti árið 2014 af Umhverfisstofnun.
<b>ANNAÐ</b>	Gera þarf úttekt á ástandi og endurmeta verndargildi svæðisins. Skýra þarf betur ákvæði í auglýsingu um friðlandið hvað átt er við með því að umferð um friðlandið eigi að vera takmörkuð.

### 2.1.3 Eldey, Reykjanesbæ

<b>FRIDLÝST</b>	Auglýsing nr. 119/1974 í Stjórnartíðindum B. Fyrst friðlýst með sérstökum lögum árið 1940, lýst friðland 1960.
<b>STÆRD</b>	2 ha.
<b>LOKUNARÁKVÆÐI</b>	Óheimilt er að fara í eyjuna án leyfis Umhverfisstofnunar. Til verndar fuglalífi eru skot bönnuð nær eyjunni en 2 km.
<b>SKILTI</b>	Enginn skilti eru í eyinni.
<b>VÁLISTATEGUNDIR</b>	Súla (VU). Stór súlubyggið er í Eldey. Súlubyggið er tiltölulega fáar en stórar og er tegundin talin þarfnast sérstakra verndaraðgerða og eftirlits. Súla er friðuð tegund (SPEC-2 og Bernarviðauki III).

<b>ÖRYGGI</b>	Mjög hættulegt er að fara nærri brún eyjarinnar. Þverhnípt niður og margra tugi metra fall. Hægt er að renna á bleytu og gúanói.
<b>ALÞJÓÐASAMNINGAR</b>	Eldey er ein af stærstu súlubyggðum í heimi (stærstu eru á Bretlandseyjum), en súlan verpir beggja vegna Atlantshafsins.
<b>VÖKTUN</b>	Engin á vegum Umhverfisstofnunar. Líffræðistofnun Háskóla Íslands (Arnþór Garðarsson) hefur annast fuglatalningar.
<b>FRÆÐSLUÁÆTLUN</b>	Áætlað er að setja upp skilti árið 2014 af Umhverfisstofnun.
<b>ANNAÐ</b>	Vefmyndavél hefur verið komið upp af Hitaveitu Suðurnesja og Reykjanesbæ. Farið var út í Eldey í desember 2010 vegna bilunar í henni. Mikið var um netadræsur, netabúta og plastbönd sem fuglinn safnar í hreiðrin. Athuga þarf hvort ástæða er til að hreinsa svæðið.

### 2.1.4 Gróttu, Seltjarnarnesi

<b>FRIDLÝST</b>	Auglýsing nr. 13/1984 í Stjórnartíðindum B. Lýst friðland árið 1974.
<b>STÆRÐ</b>	39,6 ha.
<b>LOKUNARÁKVÆÐI</b>	Vegna fuglaverndar er óheimilt að fara um svæðið frá 1. maí til 15. júlí.
<b>SAMNINGUR</b>	Samkvæmt auglýsingu getur Umhverfisstofnun falið umhverfisnefnd Seltjarnarnesbæjar umboð sitt til framkvæmda á friðlýsingunni að nokkru eða öllu leyti.
<b>SKILTI</b>	Seltjarnarnesbær kom upp fræðsluskiltum um fuglalíf á svæðinu við Snoppu. Þar er einnig skilti sem sýnir að umferð með hunda er bönnuð allt árið. Einnig gamalt skilti frá Umhverfisstofnun (Náttúruvernd ríkisins) um að Gróttu sé friðland. Skiltið er í slæmu ásigkomulagi og þyrfti að taka það niður. Hvergi kemur fram á erlendum tungumálum að ekki megi fara út í eyjuna á lokunartíma.
<b>STÍGAR</b>	Gömul slóð er frá höfn heim að húsum. Fólk stytta sér leið frá fræðasetri að gamla vitavarðarhúsinu. Svað myndaðist þar sem áður var góður gróður og raskað svæði hefur stækkað.
<b>FRÆÐSLA</b>	Á vegum Seltjarnarnesbæjar er fræðslumiðstöð í Gróttu og er sérstakt samkomulag um aðgengi að miðstöðinni á lokunartíma. Öflug fræðsla er á svæðinu og margs konar fræðslustarf.
<b>BÆKLINGUR</b>	Góður bæklingur frá 2002.
<b>ALÞJÓÐASAMNINGAR</b>	Krían er á Bernarviðauka III.
<b>VÖKTUN/EFTIRLIT</b>	Vöktun frá áhaldahúsi Seltjarnarness. Securitas er með vöktun á fræðasetri og vitavarðarhúsi. Siglingastofnun sér um vitann.
<b>RANNSÓKNIR</b>	Vöktun á fuglalífi er í höndum Seltjarnarnesbæjar, sem fengið hefur til sín sérfræðing (Jóhann Óla Hilmarsson) til verksins.
<b>FRÆÐSLUÁÆTLUN</b>	Áætlað er að setja upp skilti árið 2014 af Umhverfisstofnun.
<b>ANNAÐ</b>	Er inni á tillögu um náttúruverndaráætlun 2009-2013. Kríuvarp er í Gróttu, krían er ábyrgðartegund og alfriðuð. Á hverju ári stendur sveitarfélagið fyrir Gróttudegi. Gera þarf úttekt á ástandi og verndargildi svæðisins. Tekið er á móti mörgum skólahópum, einkum á haustin og síðan aftur frá febrúar og til 1. maí, mest ásókn er í apríl. Fræðsluferðir eru farnar um lífríki fjörunnar og menningarsögu um vitann, sjósókn og útræði.



### 2.1.5 Kasthúsatjörn, Álftanesi

<b>FRIDLYST</b>	Auglýsing nr. 663/2002 í Stjórnartíðindum B.
<b>STÆRD</b>	4 ha.
<b>LOKUNARÁKVÆÐI</b>	Á varptíma, frá 1. maí til 1. júlí, er umferð fólks um friðlandið við Kasthúsatjörn takmörkuð.
<b>SAMNINGUR</b>	Umhverfisnefnd Bessastaðahrepps hefur umsjón með friðlandinu í umboði Umhverfisstofnunar og sveitarstjórnar Bessastaðahrepps. Ekki hefur verið gerður formlegur samningur þess efnis.
<b>STÍGAR</b>	Gömul ökuslóð fyrir ofan fjöru.
<b>FRÆDSLÚÁÆTLUN</b>	Áætlað er að setja upp skilti árið 2011 af Umhverfisstofnun.
<b>ANNAÐ</b>	Tjörn hefur breytt sér nokkuð eftir tilkomu sjóvarnargarðs. Gæti þurft rás þar til að viðhalda lífríki. Óleyst eignarhaldsmál á norðurenda. Nemandi vinnur nú að verkefni í sambandi við skipulag á Kasthúsatjarnarsvæðinu. Áhugavert rannsóknarverkefni á svæðinu gæti verið að efnagreina sýni úr tjörninni með tilliti til efnamengunar frá álverinu í Straumsvík sem gæti skolast inn í tjörnina með sjónum. Skýra þarf hvað þýðir í auglýsingu að umferð manna sé takmörkuð á tímabilinu 1. maí til 1. júlí.

### 2.1.6 Varmárósar, Mosfellsbæ

<b>FRIDLYST</b>	Auglýsing nr. 506/1987 í Stjórnartíðindum B. Lýst friðland 1980.
<b>STÆRD</b>	9,6 ha.
<b>SAMNINGUR</b>	Samkvæmt auglýsingu getur Umhverfisstofnun falið umhverfisnefnd Mosfellsbæjar umboð sitt til framkvæmdar á friðlýsingunni að nokkru eða öllu leyti. Enginn samningur hefur verið gerður þess efnis.
<b>VÁLISTATEGUNDIR</b>	Fitjasef (CR), einn af 2 fundarstöðum á Íslandi.
<b>RANNSÓKNIR</b>	Margs konar rannsóknir hafa verið gerðar í tengslum við umhverfismat.
<b>FRÆDSLÚÁÆTLUN</b>	Áætlað er að setja upp skilti árið 2013 af Umhverfisstofnun.
<b>ANNAÐ</b>	Verið er að endurskoða friðlýsingarskilmála friðlandsins í samvinnu við sveitarfélagið bæði m.t.t. texta og útmarka svæðisins. Gera þarf úttekt á ástandi og endurmeta verndargildi svæðisins. Fylgjast þarf með hestamennsku í nágrenni friðlýsta svæðisins. Fylgjast þarf með lífríki svæðisins.

### 2.1.7 Víflsstaðavatn og nágrenni, Garðabæ

<b>FRIDLÝST</b>	Auglýsing nr. 1064/2007 í Stjórnartíðindum B.
<b>STÆRÐ</b>	188 ha.
<b>SAMNINGUR</b>	Samkvæmt auglýsingu hefur umhverfisnefnd Garðabæjar umsjón með friðlandinu. Umhverfisstofnun gerði samning við bæjarstjórn Garðabæjar þar að lútandi 6. okt. 2009. Þann 28. júní 2010 komu fulltrúar Umhverfisstofnunar í heimsókn, gengu umhverfis Víflsstaðavatn og skoðuðu aðstæður í friðlandinu m.a. framkvæmd við klippingu lúpínu.
<b>SKILTI</b>	Fræðsluskilti við vatnið eru á vegum Garðabæjar. Þau eru um 1) lífríki vatnsins, 2) fugla í og við vatnið, 3) gróður umhverfis vatnið. Einnig önnur upplýsingaskilti með kortum.
<b>STÍGAR</b>	Malarstígur liggur umhverfis vatnið. Göngu- og hlaupaleið er um 2,6 km.
<b>BÍLASTÆÐI</b>	Aðkoma að vatninu er frá þremur bílaplönnum af Elliðavatnsvegi, eitt malbikað. Aðalplanið er með stóru upplýsingaskilti.
<b>FRÆÐSLA</b>	Fræðsla um lífríki Víflsstaðavatns og umhverfi. Árleg útikennsla hefur verið í boði umhverfisnefndar fyrir 6. bekk í grunnskólum Garðabæjar. Sérstök kennslubók Víflsstaðavatn "Gersemi Garðabæjar" var gefin út af umhverfisnefnd 2001 (Sólrun Harðardóttir). Fjölmargir sérfræðingar nýta sér Víflsstaðavatn til kennslu á háskólastigi.
<b>ÁHUGAVERT</b>	Að ganga upp hlíðina að vörðunni Gunnhildi, því þar er byrgi frá síðari heimstyrjöldinni og útsýnisskilti. Trjálundurinn Bakki er skógarlundur berkla sjúklinga frá um 1950, með fjölbreyttu úrvali trjáa. Eins er hægt að ganga upp Grunnvatnaskarð í Grunnvötn. Í holtunum norðan og austan vatnsins eru skógræktar- og útivistarsvæðin Smalaholt og Sandahlíð með útivistarstígum, bekkjum og leiktækjum.
<b>FRAMKVÆMDIR</b>	Útivistarstígnum umhverfis vatnið er árlega viðhaldið. Minjum um fyrstu vatnsveituna í Garðabæ, dælukofi með torfi við Víflsstaðalæk, er haldið við. Framkvæmdir voru á minjum um fyrstu vatnsveituna í Garðabæ, en þakið á dælukofanum var endurgert og tyrftsumarið 2010. Einnig var gert sérstakt átak við klippingu lúpínu á þeim tíma sem hún er viðkvæmust fyrir áreiti þ.e. í júní. Verkefninu verður haldið áfram næsta sumar 2011. Girðingar hafa verið fjarlægðar umhverfis Víflsstaðavatn.
<b>BÆKLINGUR</b>	Garðabær hefur gefið út kennslubók fyrir grunnskóla.
<b>VEIÐI</b>	Veiðitímabilið er frá 1. apríl til 15. september.
<b>VÖKTUN</b>	Vöktun á lífríki Víflsstaðavatns hefur staðið frá árinu 1998 á vegum umhverfisnefndar Garðabæjar (Bjarni Jónsson Veiðimálastofnun).
<b>RANNSÓKNIR</b>	Engar á vegum Umhverfisstofnunar. Árleg vöktun fer fram á vatninu á vegum Garðabæjar í samstarfi við Veiðimálastofnun, þ.e. regluleg vöktun er á bleikju, urriða, ál og hornsílum. Fræðigreinar hafa birst um hornsílin kviðgaddalaus og glerálanna sem eru blanda Evrópskar- og Ameríkuála. Gefin var út skýrsla árið 2010 um rannsóknir á nýrnaveiki í bleikju á vegum Veiðimálastofnunar frá 2009.
<b>ANNAÐ</b>	Á svæðinu er skýli með útsýni yfir vatnið. Göngubrú yfir stíflu tengir gönguleiðina umhverfis vatnið saman. Bryggja við vesturbakkann opnar aðgengi fatlaðra að vatninu. Þrír bekkir eru við gönguhringleiðina. Skógarkerfill breiðist út frá landi Víflsstaða sem ógnar friðlandinu.



## 2.2 NÁTTÚRUVÆTTI Á SUÐVESTURLANDI

### 2.2.1 Borgir, Kópavogi

<b>FRIÐLÝST</b>	Auglýsing nr. 269/1981 í Stjórnartíðindum B.
<b>STÆRD</b>	2,8 ha en umhverfis friðlýsta svæðið afmarkast svokallað jaðarsvæði og er stærð þess 1,3 ha.
<b>SAMNINGUR</b>	Umhverfisráð Kópavogs hefur eftirlit með framkvæmd friðlýsingar í umboði Umhverfisstofnunar og bæjaryfirvalda.
<b>SKILTI</b>	Fræðsluskilti, sem Kópavogsbær hefur sett upp á svæðinu.
<b>STÍGAR</b>	Stígakerfi Kópavogsbæjar.
<b>FRAMKVÆMDIR</b>	Garðyrkjustjóri sinnir því að halda í skefjum trjágróðri og öðrum plöntum, sem hafa náð að sá sér í holtinu, enda er markmið friðlýsingarinnar að vernda jökulrispaða hnellingana. Spornað er við óheftu flæði sjálfsáins gróðurs á 80-90% af holtinu, en ekki á jaðarsvæðunum.
<b>VÁLISTATEGUNDIR</b>	Blátoppa (VU) er skráð í Borgarholti, fylgjast þarf með þessari tegund á svæðinu.
<b>ANNAÐ</b>	Árið 2004 gaf Náttúrufræðistofnun Íslands út skýrslu um gróður í Borgarholti sem gerð var að frumkvæði Kópavogsbæjar. Í tengslum við Staðardagskrá 21 stendur til á árinu 2011 að ljúka við úttekt á vernduðum svæðum í Kópavogi.

### 2.2.2 Eldborg í Bláfjöllum, Reykjavík

<b>FRIÐLÝST</b>	Friðlýst sem náttúruvætti skv. auglýsingu nr. 121/1974 í B- deild Stjórnartíðinda. Fyrst friðlýst 1971.
<b>STÆRD</b>	35 ha.
<b>STÍGAR</b>	Stígur liggur frá bílastæði upp á Eldborgina.
<b>SKILTI</b>	Skilti vantar.
<b>FRAMKVÆMDIR</b>	Þarft er að gera úttekt og meta ástand gönguleiða.
<b>FRÆDSLÚÁÆTLUN</b>	Áætlað er að setja upp skilti árið 2012 af Umhverfisstofnun.
<b>ANNAÐ</b>	Svæðið er á appelsínugula lista Umhverfisstofnunar yfir þau svæði sem þarf að fylgjast sérstaklega með að tapi ekki verndargildi sínu. Eldborg í Bláfjöllum er innan marka Bláfjallafólkvangs. Eldborgin er einn þriggja gíga af eldborgargerð hjá Kóngsfelli. Innan svæðisins við bílastæðið er eitthvað af rusli og brotajárni (gömlum skiltum), sem þarf að fjarlægja.

### 2.2.3 Eldborg undir Geitahlíð, Grindavíkurbæ

<b>FRIÐLÝST</b>	Auglýsing nr. 622/1987 í Stjórnartíðindum B.
<b>STÆRD</b>	101 ha.
<b>LANDVARSLA</b>	Í Reykjanesfólkvangi starfaði verkamaður í sumar og sinnti þar viðhaldi.
<b>STÍGAR</b>	Stígur liggur frá bílastæði upp á Eldborgina.
<b>SKILTI</b>	Skilti vantar.
<b>FRÆDSLÚÁÆTLUN</b>	Áætlað er að setja upp skilti árið 2013 af Umhverfisstofnun.
<b>ANNAÐ</b>	Eldborg undir Geitahlíð er innan marka Reykjanesfólkvangs. Gera þarf úttekt á ástandi og endurmeta verndargildi svæðisins. Þarf að ganga stíga, skoða og stika eftir aðstæðum.

## 2.2.4 Fossvogsbakkar, Reykjavík

<b>FRIDLÝST</b>	Auglýsing nr. 326/1999 í Stjórnartíðindum B.
<b>STÆRÐ</b>	18 ha.
<b>SAMNINGUR</b>	Umhverfis- og samgönguráð Reykjavíkur hefur umsjón með hinu friðlýsta svæði í umboði Umhverfisstofnunar og borgarstjórnar. Gera skal sérstakan samning þar að lútandi sem umhverfisráðherra staðfestir. Slíkur samningur hefur ekki verið gerður.
<b>STÍGAR</b>	Göngustígur liggur rétt ofan náttúruvættisins. Afar vinsæl gönguleið.
<b>SKILTI</b>	Skilti vantar.
<b>FRAMKVÆMDIR</b>	Halda þarf lúpínu og pistli í skefjum. Hér vantar fræðsluskilti um svæðið.
<b>ANNAÐ</b>	Svæðið er á appelsínugula lista Umhverfisstofnunar yfir þau svæði sem þarf að fylgjast sérstaklega með að tapi ekki verndargildi sínu. Svæðið er kjörið fræðslusvæði. Brýnt er að setja upp fræðsluskilti og útbúa fræðsluefni því tengdu.

## 2.2.5 Gálgahraun, Garðabæ

<b>FRIDLÝST</b>	Auglýsing nr. 877/2009 í Stjórnartíðindum B.
<b>STÆRÐ</b>	108,2 ha.
<b>ANNAÐ</b>	Verndargildi svæðisins byggir m.a. á því að verndarsvæðið í Gálgahrauni er að mestu ósnortið. Forsendur friðlýsingar eru jarðmyndanir, gróðurfar, fuglalíf og menningarmínjar.
<b>SKILTI</b>	Fræðsluskilti um fugla er við strandstígin.
<b>ATHYGLISVERT</b>	Gálgaklettur, Garðastekkur og Fógetagata, ásamt fjölda fornra gönguleiða.
<b>FRAMKVÆMDIR</b>	Ruslatínsla fer fram reglulega, aðallega af sumarvinnustarfskröfum á vegum Garðabæjar, enda safnast mikið rusl vegna foks í hraungjótur og rekur á ströndina. Einnig hafa nemendur Sjálandsskóla tínt rusl úr hrauni og fjöru á vorin í tengslum við verkefnið að taka til í nærumhverfinu og hlutu þeir styrk fyrir.



### 2.2.6 Hamarinn, Hafnarfirði

<b>FRIDLÝST</b>	Auglýsing nr. 188/1984 í Stjórnartíðindum B.
<b>STÆRD</b>	2,1 ha.
<b>SAMNINGUR</b>	Umhverfisnefnd Hafnarfjarðar hefur umsjón með framkvæmd friðlýsingar í umboði Umhverfisstofnunar og bæjarstjórnar. Enginn formlegur samningur hefur verið gerður þess efnis.
<b>STÍGAR</b>	Slóð liggur upp að flaggstöng.
<b>ANNAÐ</b>	Hringsjá er uppi á Hamrinum. Gera þarf úttekt á ástandi og endurmeta verndargildi svæðisins. Stígur lagfærður upp að hamri. Einnig var gerður stígur upp frá Flensborgarskóla fyrir nokkrum árum.

### 2.2.7 Háubakkar við Elliðaárvog, Reykjavík

<b>FRIDLÝST</b>	Auglýsing nr. 347/1983 í Stjórnartíðindum B.
<b>STÆRD</b>	2,1 ha.
<b>SAMNINGUR</b>	Enginn samningur. Umhverfis- og samgönguráð Reykjavíkurborgar hefur eftirlit með framkvæmd friðlýsingar í umboði Umhverfisstofnunar og borgarstjórnar.
<b>SKILTI</b>	Skilti var sett upp við Háubakka af Reykjavíkurborg sumarið 2009.

### 2.2.8 Kaldárhraun og Gjárnar, Hafnarfjörður

<b>FRIDLÝST</b>	Auglýsing nr. 396/2009 í Stjórnartíðindum B.
<b>STÆRD</b>	208,9 ha
<b>STÍGAR</b>	Göngustígar og akstursvegur eru innan svæðisins. Kaldárstígur er gömul gata sem tengist selbúskap. Fræðsluskilti um gönguleiðir var komið fyrir rétt utan við mörk friðlandsins, gjöf frá Rotaryklúbbi Hafnarfjarðar til bæjaryfirvalda og útivistarfólks.
<b>ANNAÐ</b>	Vatnsverndarsvæði.

### 2.2.9 Laugarás, Reykjavík

<b>FRIDLÝST</b>	Auglýsing nr. 41/1982 í Stjórnartíðindum B.
<b>STÆRD</b>	1,5 ha.
<b>SAMNINGUR</b>	Umsjón náttúruvættisins skal vera í höndum Umhverfis- og samgönguráðs Reykjavíkurborgar. Enginn formlegur samningur hefur verið gerður þess efnis.
<b>SKILTI</b>	Reykjavíkurborg hefur komið upp skiltum á svæðinu.
<b>FRAMKVÆMDIR</b>	Vinnuhópar Umhverfisstofnunar unnu að því sumarið 2010 að slá lúpínu í Laugarási. Ástæða friðlýsingar svæðisins var að halda opnu svæði þar sem unnt er að skoða jökulrispað berg. Brýnt er að koma í veg fyrir að lúpína og annar garðagróður þeki klappirnar. Í samræmi við samþykkt hefur Reykjavíkurborg látið slá lúpínu innan verndarsvæðisins undanfarin ár. Vinnuhópur Umhverfisstofnunar unnu einnig að endurbótum göngustígs.
<b>ANNAÐ</b>	Svæðið er á appelsínugula lista Umhverfisstofnunar yfir þau svæði sem þarf að fylgjast sérstaklega með að tapi ekki verndargildi sínu.

### 2.2.10 Litluborgir, Hafnarfjörður

<b>FRIÐLÝST</b>	Auglýsing nr. 395/2009 í Stjórnartíðindum B.
<b>STÆRÐ</b>	10.6 ha
<b>ANNAÐ</b>	Verndun sérstæðra jarðmyndana.

### 2.2.11 Tröllabörn í Lækjarbotnum, Kópavogi

<b>FRIÐLÝST</b>	Auglýsing nr. 294/1983 í Stjórnartíðindum B.
<b>STÆRÐ</b>	4,7 ha.
<b>SAMNINGUR</b>	Umhverfissráð Kópavogs hefur umsjón með framkvæmd friðlýsingar í umboði Umhverfisstofnunar og bæjarstjórnar. Enginn samningur hefur verið gerður þess efnis.
<b>STÍGAR</b>	Malarstígur 1,5 m breiður liggur um hluta svæðisins.
<b>SKILTI</b>	Fræðsluskilti, sem Kópavogsbær hefur sett upp á svæðinu.
<b>ANNAÐ</b>	Svæðið er mjög múrlent að hluta. Lítið bílaplan veitir aukið aðgengi. Í tengslum við Staðardagskrá 21 stendur til á árinu 2011 að ljúka við úttekt á vernduðum svæðum í Kópavogi.

### 2.2.12 Valhúsaheð, Seltjarnarnesi

<b>FRIÐLÝST</b>	Auglýsing nr. 81/1998 í Stjórnartíðindum B.
<b>STÆRÐ</b>	1,7 ha.
<b>SAMNINGUR</b>	Umhverfisnefnd Seltjarnarness hefur eftirlit með framkvæmd friðlýsingar.
<b>SKILTI</b>	Skilti á vegum Seltjarnarnesbæjar og Lionsklúbbsins.
<b>STÍGAR</b>	Stígakerfi Seltjarnarnesbæjar.
<b>ANNAÐ</b>	Hringsjá á vegum Seltjarnarnesbæjar. Gera þyrfti úttekt á ástandi og endurmeta verndargildi.

### 2.2.13 Víghólar, Kópavogi

<b>FRIÐLÝST</b>	Auglýsing nr. 778/1983 í Stjórnartíðindum B.
<b>STÆRÐ</b>	1,4 ha.
<b>SAMNINGUR</b>	Enginn samningur. Umhverfissráð Kópavogs hefur umsjón með framkvæmd friðlýsingar í umboði Umhverfisstofnunar og bæjarstjórnar.
<b>SKILTI</b>	Fræðsluskilti, sem Kópavogsbær hefur sett upp á svæðinu.
<b>STÍGAR</b>	Stígakerfi Kópavogsbæjar.
<b>FRAMKVÆMDIR</b>	Lúpinu er haldið í skefjum þannig að verndargildi svæðisins rýrist ekki. Aðgerðir hafa verið til viðhalds svæðis, m.a. barrtré felld til að viðhalda útsýni.
<b>ANNAÐ</b>	Hringsjá á vegum bæjarins. Gera þarf úttekt á ástandi og verndargildi svæðisins. Í tengslum við Staðardagskrá 21 stendur til á árinu 2011 að ljúka við úttekt á vernduðum svæðum í Kópavogi. Hugmyndir eru uppi um að útbúa útikennslusvæði á Víghólum og þá er helst um að ræða svæði á norðurhluta friðlýsta svæðisins en í því felst að setja niður einfalda trébekki úr trjástofnum. Þá gæti þurft að grísa birkikjarrið að litlu leyti til að koma bekkjunum fyrir í góðu skjóli. Áður en farið er í slíkar framkvæmdir verður haft samband við Umhverfisstofnun.

## 2.3 FRIDLÝSTAR LÍFVERUR, BÚSVÆÐI, VISTGERÐIR OG VISTKERFI Á SUÐVESTURLANDI

### 2.3.1 Skerjafjörður, Garðabæ

<b>FRIDLÝST</b>	Auglýsing nr. 878/2009 í Stjórnartíðindum B.
<b>STÆRD</b>	427,5 ha.
<b>ANNAÐ</b>	Afar fjölbreytt fuglalíf allt árið um kring og er svæðið mikilvægur viðkomustaður farfugla. Fjörur og leirur svæðisins eru lífríkar og hefur svæðið alþjóðlegt verndargildi vegna fuglategunda, svo sem rauðbrystings og margæsar og einnig er svæðið mikilvægt vegna marhálms, en plantan hefur takmarkaða útbreiðslu hér á landi og er ein aðalfæðutegund margæsar. Fræðslugildi svæðisins er hátt með tilliti til lífríkis og aðgengi að svæðinu er gott, en strandlengjan er vinsæl til úti-vistar og fjörðurinn til skemmtisiglinga. Skerjafjörður er friðlýstur sem búsvæði.

## 2.4 FÓLVANGAR Á SUÐVESTURLANDI

### 2.4.1 Ástjörn og Ásfjall, Hafnarfirði

<b>FRIDLÝST</b>	Auglýsing nr. 658/1996 í stjórnartíðindum um fólkvanginn.
<b>STÆRD</b>	57 ha.
<b>SAMNINGUR</b>	Umhverfisnefnd Hafnarfjarðar hefur umsjón með fólkvanginum.
<b>FRAMKVÆMDIR</b>	Uppræta þarf framandi plöntutegundir, einkum lúpínu, á svæðinu.
<b>VÁLISTATEGUNDIR</b>	Flórigoði (VU), en tegundinni hefur fækkað til muna frá því sem var á fyrri hluta 20. aldar, hrunið hófst um miðbik 20. aldar. Flórigoða hefur einnig fækkað í Skotlandi, Noregi og Finnlandi en hann verpir á norðlægum slóðum. Flórigoði er alfriðuð tegund.
<b>ALPJÓÐASAMNINGAR</b>	Samkvæmt Bernarsamningnum (viðauki II) ber að leggja áherslu á vernd flórigoða og búsvæða hans (í samningnum er ákvæði um búsvæðavernd).
<b>VÖKTUN</b>	Árið 2010 var ekki sumarvarsla við Ástjörn líkt og áður. Starfsmenn þjónustumiðstöðvar og vinnuflokkar við stígaviðhald etc. höfðu eftirlit eftir því sem aðstæður leyfðu.
<b>ANNAÐ</b>	Hús fyrir gæslumann var fært og nýtt til annars verkefnis sumarið 2010 þar sem enginn gæslumaður var við Ástjörn. Viðhald göngustíga er á vegum Hafnarfjarðarbæjar. Gera þarf úttekt á ástandi svæðisins og endurmeta verndargildi þess.

### 2.4.2 Bláfjöll, Reykjavík, Kópavogi, Garðabæ, Sveitarfélaginu Ölfusi, Seltjarnarnesi og Hafnarfirði

<b>FRIDLÝST</b>	Auglýsing nr. 173/1985 í Stjórnartíðindum B. Fyrst fólkvangur 1973.
<b>STÆRD</b>	9.035 ha.
<b>SAMNINGUR</b>	Samvinnunefnd sveitarfélaganna (stjórn skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins og Bláfjallafólkvangs) fer með stjórn fólkvangsins og er hún skipuð einum fulltrúa frá hverjum aðila. Umhverfisstofnun er ekki með áheyrnarfulltrúa.
<b>LANDVARSLA</b>	Engin á vegum Umhverfisstofnunar, en starfsmenn eru á skíðasvæðinu í Bláfjöllum.
<b>SKILTI</b>	Skilti á vegum skíðasvæðisins. Skilti á vegum Þríhnúka ehf. um Þríhnúkagíg.
<b>STÍGAR</b>	Reykjavegur er stíkuð leið gegnum fólkvanginn. Skipulagt gönguskíðasvæði á veturna.



<b>BÆKLINGUR</b>	Bæklingur um skíðasvæðið gefinn út af stjórn fólkvangsins.
<b>FRAMKVÆMDIR</b>	Einn skáli var byggður veturinn 2008-2009 (TR). Uppgræðsla er í gangi inn á skíðasvæðum til að draga úr rofi og er notast við heyrúllur. Í kjölfar aukinnar umferðar fólks við Þríhnjúka var árið 2010 í samráði við Kópavogsbæ og Umhverfisstofnuneytið stikuð ein leið til uppgöngu að gígnum og öryggisgirðing reist umhverfis gígopið.
<b>ANNAÐ</b>	Bláfjallafólkvangur er um margt merkilegt svæði en Bláfjöllin eru móbergshryggur og umhverfis þau hafa runnið hraun. Fjölmargir gígar og gígabyrpingar er að finna á svæðinu og hraunhella. Þríhnúkar eru þrjár hnúkar innana fólkvangsins. Þar er gígur, Þríhnúkagígur, sem er tæmt kvíkuhólf eldstöðvar undir norðaustasta hnúknunum. Árið 2005 var félagið Þríhnúkar ehf. stofnað með það að markmiði að gera Þríhnúkagíg aðgengilegan almenningi og um leið að vernda gíginn og umhverfi hans. Innan fólkvangsins er einnig náttúruvættið Eldborg í Bláfjöllum.
	Aðilar að rekstri fólkvangsins eru eftirtalin sveitarfélög: Reykjavík, Kópavogsbær, Seltjarnarnesbær, Hafnarfjarðarbær, Garðabær, Álftanes, Vatnsleysustrandahreppur, Gerðahreppur, Sandgerðisbær, Reykjanesbær og Grindavíkurbær. Svæðið er á fjarsvæði vatnsverndar. Aukið álag er á svæðinu vegna fjölgunar skála.

### 2.4.3 Fjaran við Kasthúsatjörn, Álftanesi

<b>FRIÐLÝST</b>	Auglýsing nr. 663/2002 í Stjórnartíðindum B.
<b>STÆRÐ</b>	17,6 ha.
<b>LOKUNARÁKVÆÐI</b>	Á varptíma, frá 1. maí til 1. júlí, er umferð fólks um aðliggjandi friðland takmörkuð.
<b>SAMNINGUR</b>	Umhverfisnefnd Álftaness hefur umsjón með fólkvanginum í umboði Umhverfisstofnunar og sveitarstjórnar Álftaness. Enginn samningur hefur verið gerður þess efnis.
<b>STÍGAR</b>	Gömul ökuslóð fyrir ofan fjöru.
<b>VÖKTUN</b>	Engin á vegum Umhverfisstofnunar. Margæs er vöktuð á Álftanesi á vegum Náttúrufræðistofnunar Íslands.
<b>ALÞJÓÐASAMNINGAR</b>	Margæs, æðarfugl, rauðbrystingur, sendlingur og tildra eru ábyrgðartegundir. Tegundirnar eru Bernarviðauki II og III.
<b>ANNAÐ</b>	Sveitarfélagið tekur þátt í norrænu verkefni um líffræðilegan fjölbreytileika ("countdown 2010"). Sjóvarnargarður hefur skemmst og honum er viðhaldið. Verkfræðistofa Sigurðar Thoroddsen hefur útbúið skýrslu varðandi endurheimt votlendis. Vilji er hjá umhverfisnefnd til að endurheimta votlendi. Ekki náðist að friða alla Kasthúsatjörn. Vilji er til að stækka verndarsvæði. Friðun fyrirhugað á „H1-friðunarsvæðum“ á aðalskipulagi. Nemandi vinnur nú að verkefni er varðar skipulag Kasthúsatjarnarsvæðisins. Áhugavert rannsóknarverkefni á svæðinu gæti verið að efnagreina sýni úr tjörninni með tilliti til efnamengunar frá álverinu í Straumsvík sem gæti skolast inn í tjörnina með sjónum.

### 2.4.4 Hleinar, Hafnarfjörður

<b>FRIÐLÝST</b>	Auglýsing nr. 399/2009 í Stjórnartíðindum B
<b>STÆRÐ</b>	32,2 ha
<b>STÍGAR</b>	Gert er ráð fyrir merktum og stikuðum gönguleiðum í samræmi við deiliskipulag svæðisins.
<b>ANNAÐ</b>	Friðlýst sem fólkvangur.

### 2.4.5 Hlið, Álftanes

<b>FRIDLYST</b>	Auglýsing nr. 549/2002 í Stjórnartíðindum B.
<b>STÆRD</b>	40 ha.
<b>SAMNINGUR</b>	Eftirlit með fólkvanginum er í höndum sveitarfélagsins.
<b>STÍGAR</b>	Götuslóð liggur inn á svæðið.
<b>VÖKTUN</b>	Engin á vegum Umhverfisstofnunar. Margæs er vöktuð á Álftanesi á vegum Náttúrufræðistofnunar Íslands.
<b>ALÞJÓÐASAMNINGAR</b>	Margæs, æðarfugl, rauðbrustingur, sendlingur og tildra eru ábyrgðartegundir. Tegundirnar eru Bernarviðauki II og III.
<b>ANNAÐ</b>	Sveitarfélagið tekur þátt í norrænu verkefni um líffræðilegan fjölbreytileika ("countdown 2010") og er það nú í gangi. Fellur undir svæði á tillögu að náttúruverndaráætlun 2009-2013, Álftanes og Skerjafjörður. Búið er að breyta Þvottatjörn til fyrra horfs en mold var skafin af tjarnarstæðinu, jörð umbylt til að losna við rætur og fræ af lúpínu og fjörusandur tekinn af svæðinu og sturtað yfir flagið. Nú gengur sjór í tjörnina í kringum haust og vorjafndægur. Í sumar verptu þarna sandlóur og tjaldur. Kría verpti ekki á svæðinu en verpti í nágrenninu í mýri sem er aðeins frá og er það víst í fyrsta skipti í einhver ári sem það gerist. Næsta og næstu sumur munur væntanlega leiða í ljós hvort árangur verði varðandi kríuvarpið. Túnvingli var sáð í sár á svæðinu.

### 2.4.6 Hvaleyrarlón og Hvaleyrarhöfði, Hafnarfjörður

<b>FRIDLYST</b>	Auglýsing nr. 397/2009 í Stjórnartíðindum B.
<b>STÆRD</b>	39,9 ha
<b>STÍGAR</b>	Gönguleið skv. aðalskipulagi
<b>ANNAÐ</b>	Friðlýst sem fólkvangur.

### 2.4.7 Rauðhólar, Reykjavík

<b>FRIDLYST</b>	Auglýsing nr. 185/1974 í Stjórnartíðindum B. Fyrst friðlýst sem náttúruvætti 1961. Rauðhólar eru einnig á vatnsverndarsvæði.
<b>STÆRD</b>	130 ha.
<b>SKILTI</b>	Skilti á vegum Reykjavíkurborgar.
<b>STÍGAR</b>	Gamlar slóðir tengdar efnistöku liggja um hluta svæðisins. Töluvert reiðleiðakerfi er innan svæðisins.
<b>FRAMKVÆMDIR</b>	Í Rauðhólum var unnið að því af vinnuhópum Umhverfisstofnunar að lagfæra girðinguna sem liggur umhverfis hólana og á að varna því að menn keyri inn á svæðið og spæni þar allt upp. Girðingin var víða mjög illa farin, lá niðri á sumum stöðum, var orðin skökk og skæld og jafnvel brotin. Einnig vantaði víða borð í girðinguna. Mikið magn rusls var týnt úr fólkvanginum. Í Rauðhólum var einnig unnið að því að slá lúpínu og raka henni saman. Uppræta þarf framandi plöntutegundir.
<b>ANNAÐ</b>	Hestagerði er við Elliðavatnsveg. Umhverfisstofnun þyrfti að gera úttekt á ástandi svæðisins m.t.t. verndargildis. Umsjón með fólkvanginum er í höndum Umhverfis- og samgöngu- sviðs Reykjavíkurborgar (Heilbrigðiseftirlitsins) þar sem um vatnsverndarsvæði er að ræða.

## 2.4.8 Reykjanesfólkvangur, Grindarvíkurbæ, Hafnarfirði og Garðabæ

<b>FRÍÐLÝST</b>	Auglýsing nr. 520/1975 í Stjórnartíðindum B.
<b>STÆRÐ</b>	30.000 ha.
<b>SAMNINGUR</b>	Samvinnunefnd sveitarfélaganna allra fer með stjórn fólkvangsins og er hún skipuð einum fulltrúa frá hverjum aðila.
<b>LANDVARSLA</b>	Engin landvarsla árið 2010 en ráðinn var verkamaður til viðhaldsverka. Sjálfboðaliðar Umhverfisstofnunar unnu á svæðinu.
<b>SKILTI</b>	Ný skilti voru sett upp sumarið 2009 við Seltún á vegum Hafnarfjarðarbæjar. Aðkomuskilti vantar.
<b>STÍGAR</b>	Í Seltúni voru göngustígarnir í kringum hverasvæðið endurnýjaðir og öll gömlu þrepin lagfærð. Ástand stígana var í bágbornu ástandi. Borin var mól í allan stíginn og ný steinþrep gerð í mesta brattanum milli pallanna tveggja.
<b>FRÆÐSLA</b>	Efla þarf fræðslu um fólkvanginn, náttúru- og menningarmiðjar innan hans. Fræðsluaðstaða er við Hvaleyrarvatn, útiskólastofa: skýli. Vefsíða er til en þarfnast endurskoðunar.
<b>BÆKLINGUR</b>	Bæklingur á vegum fólkvangsstjórnar. Upplag er uppuríð.
<b>VÁLISTATEGUNDIR</b>	Naðurtunga er talin í nokkurri hættu (LR) skv. válista NÍ, talsvert útbreidd við hverri norðan Trölladyngju.
<b>FRAMKVÆMDIR</b>	Nýju þjónustuhúsin í Seltúni voru máluð að utan, klósetthúsin máluð að innan og pallaolía borin á pallinn og grindverkið fyrir utan húsin. Dagspartur var tekinn í að tína upp rusl á svæðinu. Að beiðni umsjónarmanns Reykjanesfólkvangs var borin mól í göngustíg sem liggur frá Bláfjallavegi að hellisopi við hellinn Leiðarenda. Það var gert til að afmarka hann frá öðrum troðningum sem menn hafa gert sér fyrir viðkvæmt apalhraunið til að komast að hellinum. Frá veginum að hellinum liggja töluvert margir troðningar yfir viðkvæman mosann og svæðið orðið fremur illa farið. Mikið magn rusls var tínt úr fólkvangnum sumarið 2010.
<b>ANNAÐ</b>	Göngupallar og útsýnispallar eru á hverasvæðinu. Um fólkvanginn liggur stikuð gönguleið, Reykjavegur. Stuðst líka við gamla slóða. Göngupallar eru við Seltún. Innan marka fólkvangsins er náttúruvættið Eldborg undir Geitahlíð. Samvinnunefnd eftirtalinna sveitarfélaga fer með stjórn fólkvangsins: Kópavogur, Seltjarnarnes, Hafnarfjörður, Reykjanesbær, Grindavíkurbær, Garðabær og Reykjavík. Öflugt samstarf milli sveitarfélaganna þarf við þróun og áætlanagerð fyrir fólkvanginn. Borholur og fleiri framkvæmdir geta verið innan svæðis og þarf að fylgjast með þeim sérstaklega. Efla þarf landvörslu, m.a. vegna talsverðrar hættu á utanvega akstri. Uppgræðsla með samvinnu við Landgræðslu ríkisins, talsverð beit innan fólkvangs, dreift er hrossa- og hænsnaskít til náttúrlegrar uppgræðslu, gefur besta raun, endist lengur, styður náttúrlegan gróður. Vatnskarðsnámur á að stækka verulega. Árlegt „rally“ er á haustin um fólkvanginn. Álit Samvinnunefndar á þessu rallyi er neikvætt. Vinna er í gangi í Umhverfisráðuneytinu til að draga úr utanvegaakstri. Gera þarf ráð fyrir að raddir þeirra sem vilja virkja jarðvarma í Krýsuvík verði háværi.

## 2.4.9 Stekkjarhraun, Hafnarfjörður

<b>FRÍÐLÝST</b>	Stekkarhraun Auglýsing nr. 398/2009 í Stjórnartíðindum B
<b>STÆRÐ</b>	15,9 ha.
<b>STÍGAR</b>	Samkvæmt deiliskipulagi eru stígar umhverfis Stekkjarhraunið.
<b>ANNAÐ</b>	Leiksvæði er til staðar. Horblaðka og starir eru fágætar tegundir sem vaxa í votlendisblettum í Stekkjarhrauni.





Blautós

Völundur Jónsson

## 3 Vesturland

Á Vesturlandi eru 15 landsvæði friðlýst samkvæmt lögum um náttúruvernd, þar af eru 8 friðlönd, 4 náttúruvætti, 1 búsvæði, 1 fólkvangur og 1 þjóðgarður. Auk þess heyrir verndarsvæði Breiðafjarðar til Vesturlands að hluta til, sbr. lög nr. 54/1995, um vernd Breiðafjarðar.

### 3.1 FRIDLÖND Á VESTURLANDI

#### 3.1.1 Blautós og Innstavogsnes, Akraneskaupstað

<b>FRIDLÝST</b>	Auglýsing nr. 166/1999 í Stjórnartíðindum B. Lýst friðland 1977.
<b>STÆRÐ</b>	295 ha.
<b>SAMNINGUR</b>	Samnings drög eru til.
<b>LANDVARSLA</b>	Árið 2010 var svæðalandvarsla í Borgarbyggð annað árið í röð á vegum Umhverfisstofnunar yfir tímabilið 1. júní til 18. ágúst.
<b>STÍGAR</b>	Göngustígur liggur meðfram ströndinni. Troðningar hafa myndast út frá stíga-kerfi bæjarins út á Innstavogsnes.
<b>SKILTI</b>	Skilti um friðlandið vantar. Eingöngu er þar skilti þar sem fólki er bent á að fara með gát á varptíma og að lausaganga hunda, hestaferðir er bönnuð á þeim tíma.
<b>FRAMKVÆMDIR</b>	Nauðsynlegt er að gera göngustíg út á nesið, sem mun gera það að verkum að umferð fólks um nesið fer í einn ákveðinn farveg. Einnig er nauðsynlegt að setja upp einhverskonar skilti við mörk friðlandsins, sem segir ferðafólki hverju það má eiga von á í friðlandinu, hvað beri að varast og hvað sé bannað (t. d. vegna varptíma).
<b>VÖKTUN</b>	Engin á vegum Umhverfisstofnunar. Á grannsvæði friðlandsins hafa margæsir verið veiddar til árlegra merkinga.
<b>ALÞJÓÐASAMNINGAR</b>	Engir. Margæsin er ábyrgðartegund og á Bernarviðauka III.
<b>FRÆDSLÚÁÆTLUN</b>	Áætlað er að setja upp skilti árið 2014 af Umhverfisstofnun.
<b>ANNAD</b>	Skipulags- og umhverfisnefnd kaupstaðarins hefur verið að vinna að því að láta leggja göngustíg út friðlandið. Orkuveita Reykjavíkur hefur gefið vilyrði fyrir styrk til verkefnisins að fjárhæð kr. 1,0 millj. en framkvæmdir hafa þó ekki hafist enn sem komið er. Hugmyndin er sú að jafnhliða stígagerð verði komið upp upplýsingaskilti á mörkum svæðisins. Hesthúsahverfi er í útjaðri, upp að línu, hrossum haldið af friðlandi, hestatúrar fá leyfi til að fara út í friðlandið einu sinni á ári á haustin. Hreinsa mætti fjöruna.



Búðakirkja

### 3.1.2 Búðahraun

- FRIDLÝST** Auglýsing nr. 47/1977 í Stjórnartíðindum B
- STÆRÐ** 1.002 ha
- SKILTI** 3 skilti eru í friðlandinu með almennum upplýsingum um svæðið, gönguleiðakorti og náttúrufarslýsingum. Vegpóstar eru til staðar sem vísa fólki á gönguleiðir.
- STÍGAR** Helstu gönguleiðir í friðlandinu eru merktar og eru gönguferðir skipulagðar undir leiðsögn landvarða frá Þjóðgarðinum Snæfellsjökli á sumrin. Göngustígar hafa verið lagfærðir lítillga en vinna þarf frekar í því.
- FRAMKVÆMDIR** Unnið hefur verið að stækkun bílastæðis við hótél og kirkju. Bundið slitlag er komið frá aðalvegi og niður að kirkjunni. Girðingar voru endurnýjaðar í Búðahrauni árið 2007 og verða endurbættar árlega eða eftir því sem þurfa þykir.
- FRÆÐSLUÁÆTLUN** Áætlað er að setja upp skilti við Búðahraun árið 2013 af Umhverfisstofnun.
- ANNAÐ** Árið 1703 var reist kirkja að Búðum og var hún endurreist árið 1848. Árið 1984 var kirkjan flutt í heilu lagi úr gamla kirkjugarðinum á núverandi grunn. Kirkjan var endurgerð í þeirri mynd sem hún var talin hafa verið 1848. Hún var endurvígð 1987 og er friðuð safnkirkja í eigu Þjóðminjasafns Íslands en er í vörslu sóknarnefndar.



Grunnaförður

Völundur Jónsson

### 3.1.3 Geitland, Borgarbyggð

<b>FRIDLÝST</b>	Auglýsing nr. 283/1988 í Stjórnartíðindum B.
<b>STÆRÐ</b>	11.750 ha.
<b>LOKUNARÁKVÆÐI</b>	Beitarfriðun.
<b>LANDVARSLA</b>	Árið 2010 var svæðalandvarsla í Borgarbyggð annað árið í röð á vegum Umhverfisstofnunar yfir tímabilið 1. júní til 18. ágúst.
<b>STÍGAR</b>	Engir göngustígar eru í friðlandinu en ein brú. Þekktar eru skemmtilegar gönguleiðir í friðlandinu sem hægt væri að merkja.
<b>FRÆDSL</b>	Meira efni vantar frá Umhverfisstofnun. Nýtt Borgarfjarðarkort, ímyndarbæklingur fyrir Vesturland, endurútgáfa, lýsingar í Ferðafélagsbókum geta hjálpað við gerð fræðsluefnis.
<b>FJÁRHAGSÁÆTLUN</b>	Launakostnaður landvarðar auk búnaðar (bifreið, fatnaður, sími o.fl.)
<b>VÖKTUN</b>	Landvörður sér um vöktun á lífríki í samráði við Náttúrustofu Vesturlands.
<b>RANNSÓKNIR</b>	Árið 2010 fór fram rannsókn á gróðri á gróðursniðum í Húsafellsskógi Geitlandi á vegum Náttúrustofu Vesturlands. Í niðurstöðu skýrslu kemur fram að mikið áfok sands sé á svæðinu og að frekara álag vegna beitar geti auðveldlega valdið tjóni á landinu þar sem náttúrulegt rask er þegar mikið. Settar eru fram eftirfarandi ábendingar um nýtingu svæðisins. Lagst er gegn breytingum á friðun svæðisins og lagt til að svæðið verði friðað fyrir beit eins og verið hefur, og fylgst verði með gróðurframvindu á svæðinu með vöktun, t.d. á 5 ára fresti, með endurmælingu á gróðursniðunum.
<b>FRÆDSLÚÁÆTLUN</b>	Áætlað er að setja upp skilti árið 2011.
<b>ANNAD</b>	Vegslóði liggur frá Kaldadalsvegi að skála ferðapjónustuaðila við Langjökul. Vesturlandsstofa er markaðsstofa fyrir kynningarmál, stendur til að sameina Vesturlandsstofu og Upplýsingamiðstöð Vesturlands. Þjónusta á svæðinu er lítil sem engin. Svæðið er á appelsínugula lista Umhverfisstofnunar yfir þau svæði sem þarf að fylgjast sérstaklega með að tapi ekki verndargildi sínu. Huga þarf vel að því hvað fæst með meiri opnun Geitlands t.d. með fleiri brúm, en þá er hætt á að sauðfé fari inn í Geitlandið, hestahópar, mótörhjólafolk og jeppamenn. Huga þarf að umgengni í kringum Jaka sem er verulega ábótavant vegna rusls. Fylgjast þarf með lúpinu sem getur „lætt sér inn“ á Geitlandið frá Kaldalsleið í Lambatungum þar sem lúpinu hefur verið sáð. Fylgjast þarf með vélhjóraakstri og rjúpnaveiðum síðsumars og á haustin. Mikið af haglaskotshylkjum fundust innan friðlandsins árið 2010 eins og áður. Eignarhaldsfélag Geitlands er búið að segja upp leigusamning þeim var um Jaka og er málið nú í umræðu og samningaferli milli viðkomandi aðila. Skoða þyrfti hvernig eignarhald er á svæðinu sem verður til vegna hopunar Langjökuls og fleiri svæða (vantar nánari skilgreiningu á eignarhaldi).



### 3.1.4 Grunnafjörður, Leirár- og Melahreppi og Skilmannahreppi

<b>FRIDLÝST</b>	Auglýsing nr. 548/1994 í Stjórnartíðindum B.
<b>STÆRÐ</b>	1.470 ha.
<b>LANDVARSLA</b>	Árið 2010 var svæðalandvarsla í Borgarbyggð annað árið í röð á vegum Umhverfisstofnunar yfir tímabilið 1. júní til 18. ágúst.
<b>FRAMKVÆMDIR</b>	Umsjón friðlandsins er í höndum þriggja manna umsjónanefndar og er þar einn skipaður af Umhverfisstofnun. Æskilegt væri að útbúa bílastæði með útsýni og fræðslu, með áherslu á fuglaskoðun.
<b>ALPJÓÐASAMNINGAR</b>	Ramsar-svæði. Mikilvægt svæði fyrir rauðbrysting og margæs sem eru ábyrgðartegundir og á Bernarviðauka III.
<b>FRÆÐSLUÁÆTLUN</b>	Áætlað er að setja upp skilti árið 2011.
<b>ANNAÐ</b>	Hugmyndir hafa verið um að brúa Grunnafjörð en þær hugmyndir fengust ekki samþykktar af umhverfisráðherra. Gera þarf úttekt á ástandi og verndargildi svæðis. Í undirbúningi eru sjóvarnir í landi Skipaness.

### 3.1.5 Húsafellsskógur, Borgarbyggð

<b>FRIDLÝST</b>	Auglýsing nr. 606/2001 í Stjórnartíðindum B. Lýst friðland 1974.
<b>STÆRÐ</b>	437 ha.
<b>LANDVARSLA</b>	Árið 2010 var svæðalandvarsla í Borgarbyggð annað árið í röð á vegum Umhverfisstofnunar yfir tímabilið 1. júní til 18. ágúst.
<b>SKILTI</b>	Ekkert.
<b>STÍGAR</b>	Reiðvegur liggur þvert í gegnum friðlandið. Ofan við skóginn liggur gamall vegslóði sem liggur inn í mitt friðlandið. Hægt væri að gera göngustíg meðfram reiðstígum þar sem þeir liggja við fjallsræturnar. Auk þess væri hægt að merkja og gera fleiri en eina gönguleið um svæðið, sem og að gera gönguleiðina um Kaldárbotna skýrari.
<b>RANNSÓKNIR</b>	Óskað hefur verið eftir upplýsingum frá Náttúrufræðistofnun Íslands um nauðsynlegar rannsóknir og vöktun á skóginum. Rannsóknarstöð Skógræktar ríkisins að Mógilsá er með tilraunir, sem hófst árið 1998, á birkikvæmum í gömlu túni í hlíðum Selfjalls (innan friðlandsins). Árið 2010 fór fram rannsókn á gróðri á gróðursniðum í Húsafellsskógi og Geitlandi á vegum Náttúrustofu Vesturlands. Í niðurstöðu skýrslu kemur fram að skógurinn er jafnt og þétt að þéttast og tegundasamsetning botngróðurs að breytast. Í dag er skógurinn víðast svo þéttur að erfitt er að fara um hann. Eigi skógurinn á að vera útivistarsvæði áfram þarf að grisja hann á tilteknum svæðum og hvaða aðferðir eru bestar í því sambandi. Kanna þyrfti sérstaklega hvert raunverulegt sinumagn er í skógarbotninum og meta hættuna á skógareldum.
<b>FRÆÐSLUÁÆTLUN</b>	Áætlað er að setja upp skilti árið 2010 en skiltið er nú þegar tilbúið en þarf að ganga í gegnum breytingar. Einnig er áætlað að gefa út bækling árið 2014.
<b>ANNAÐ</b>	Álag á svæðið er alltaf að aukast með fleiri sumarbústöðum. Gríðarleg aukning var á sauðfé á svæðinu í byrjun sumars 2010 og er lausaganga hunda þar töluverð. Töluvert var af torfæruhjóllum í Húsafellslandi þrátt fyrir að landeigendur hafi sett upp skilti um bann gegn þeim. Fjarlægja þarf gamla ónýta girðingu.

### 3.1.6 Melrakkaey, Grundarfjarðarbæ

<b>FRIDLÝST</b>	Auglýsing nr. 118/1974 í Stjórnartíðindum B. Lýst friðland 1971.
<b>STÆRD</b>	9 ha.
<b>LOKUNARÁKVÆÐI</b>	Óheimilt að fara í eyna án leyfis Umhverfisstofnunar.
<b>LANDVARSLA</b>	Engin á vegum Umhverfisstofnunar. Fyrr á tímum sá presturinn á Setbergi um eftirlit á eyggi.
<b>ANNAD</b>	Melrakkaey er innan verndarsvæðis Breiðafjarðar sem verndað er með sér lögum nr. 54/1995. Leyfi hefur verið veitt á árinu til umferðar í eygjuna vegna björgunarsveitaræfinga.

### 3.1.7 Ströndin við Stapa og Hellna, Snæfellsbæ

<b>FRIDLÝST</b>	Auglýsing nr. 284/1988 í stjórnartíðindum b. Lýst friðland 1979.
<b>STÆRD</b>	58 ha.
<b>SAMNINGUR</b>	Leigusamningur vegna gestastofu á Hellnum.
<b>LANDVARSLA</b>	Landverðir Þjóðgarðsins sjá um landvörslu á svæðinu. Landverðir sjá um barnastund einu sinni í viku á Arnarstapa og einnig gönguferð á milli Arnarstapa og Hellna. Landverðir ganga reglubundið gönguleiðina á milli Arnarstapa og Hellna til að tína þar upp rusl og sinna almennu eftirliti. Landverðir starfa í gestastofunni á Hellnum.
<b>FJÁRHAGSÁÆTLUN</b>	Hluti af fjárhagsáætlun Þjóðgarðsins.
<b>BÆKLINGUR</b>	Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull og friðlönd í nágrenninu kom út sumarið 2009.
<b>SKILTI</b>	Árið 2003 voru sett upp aðkomuskilti við Arnarstapa og Hellna auk skilta sem sýna gönguleiðir, fuglategundir og plöntur. Einnig voru settir upp vegvísar.
<b>STÍGAR</b>	Gönguleið á milli Arnarstapa og Hellna er afar vinsæl leið. Landverðir laga hana eftir því sem aðstæður leyfa. BTCV löguðu upphaf leiðarinnar bæði Hellnamegin sumarið 2002 og Arnarstapamegin sumarið 2005. Haustið 2009 var hafist handa við fyrsta áfanga við að leggja göngustíg með eco-grinds frá stytta af Bárði og niður að höfn. Unnið hefur verið í því að leggja stíg frá stytta að ströndinni og lagfæra stíginn frá bílastæði að stytta.
<b>FRAMKVÆMDIR</b>	Ljúka þarf við stíginn á Arnarstapa og gera það í áföngum vegna kostnaðar. Bæta þarf gönguleið frá bílastæði á Gróuhól á Hellnum niður að fjörunni. Sjálfboðaliðar Umhverfisstofnunar unnu sem samsvarar 15 vikum (m.v. einn starfskraft) í friðlandinu sumarið 2010. Fyrirhugað er að fara í lúpínuhreinsun og annað almennt viðhald á svæðinu.
<b>FRÆDSLUSKILTI</b>	Almenn fræðsluskilti vantar bæði á Arnarstapa og Hellnum, sérstaklega um sögu svæðisins. Setja þarf varanlegt skilti við Ásgrímsbrunn, en hann var grafinn upp sumarið 2002. Setja þarf upp fræðsluskilti um fjöruþyr en á svæðinu er m.a. fágæt fló. Merkja þarf miðgötu, en hún er alveg ómerkt.
<b>FRÆDSLÚÁÆTLUN</b>	Áætlað er að setja upp aðkomu- og fræðsluskilti árið 2013 af Umhverfisstofnun.
<b>VÖKTUN</b>	Vöktun á göngustígum á vegum Umhverfisstofnunar hófst sumarið 2007.
<b>ANNAD</b>	Gestastofa var opnuð á Hellnum sumarið 2004 (sjá Þjóðgarðinn Snæfellsjökul). Á vegum Snæfellsbæjar var reistur útsýnispallur fyrir ofan höfnina á Arnarstapa og annar á hafnarsvæðinu.

### 3.1.8 Vatnshornsskógur, Skorradalur

<b>FRIDLÝST</b>	Auglýsing nr. 164/2009 í Stjórnartíðindum B.
<b>STÆRÐ</b>	247 ha.
<b>SAMNINGUR</b>	Skógrækt ríkisins hefur umsjón með svæðinu en Umhverfisstofnun hefur eftirlit með framkvæmd friðlýsingarinnar. Samningur hefur verið gerður.
<b>LANDVARSLA</b>	Árið 2010 var svæðalandvarsla í Borgarbyggð annað árið í röð á vegum Umhverfisstofnunar yfir tímabilið 1. júní til 18. ágúst.
<b>SKILTI</b>	Eingöngu eru bannskilti á svæðinu, sjá neðar.
<b>STÍGAR</b>	Göngustígur á svæðinu er á gömlum slóða.
<b>FRAMKVÆMDIR</b>	Vegur á svæðinu var lagaður að einhverju leyti sumarið 2010 og bílastæði útbúið. Árið 2010 rifu sjálfbóðaliðar Umhverfisstofnunar upp lúpínu meðfram vatninu. Halda þyrfti áfram að hreinsa burt lúpínu á næstu árum. Einnig var settur niður staur á svæðið með skilti um að bannað sé að kveikja bál. Staurar voru settur upp við sitthvorn endann á slóða sem lokað var með skilti um að bannað sé að aka þar, auk staura með böndum.
<b>FRÆÐSLUÁÆTLUN</b>	Áætlað er að setja upp skilti árið 2011 af Umhverfisstofnun.
<b>ANNAÐ</b>	Skógarvörður á Vesturlandi hefur fylgst með svæðinu.

## 3.2 NÁTTÚRUVÆTTI Á VESTURLANDI

### 3.2.1 Eldborg í Hnappadal, Borgarbyggð

<b>FRIDLÝST</b>	Auglýsing nr. 309/1974 í Stjórnartíðindum B.
<b>STÆRÐ</b>	125 ha.
<b>LANDVARSLA</b>	Árið 2010 var svæðalandvarsla í Borgarbyggð annað árið í röð á vegum Umhverfisstofnunar yfir tímabilið 1. júní til 18. ágúst.
<b>SKILTI</b>	Ábúendur settu upp bílastæðaskilti á nokkrum stöðum við bílastæðið. Sett var upp göngumannsmerki við brúna.
<b>STÍGAR</b>	Stígur er frá Bílastæði og upp á Eldborgina.
<b>FRAMKVÆMDIR</b>	Sumarið 2010 röðuðu ábúendur hvítmáluðum steinum meðfram bílastæði á Snorrastöðum. Sjálfbóðaliðar Umhverfisstofnunar sáu um að grjóthreinsa og lagfæra stíginn að Eldborginni, að breikka tröppur í hlíð litla gígsins og að setja tröppur í stíginn nest í aðal gígnum. Einnig settu þeir upp nýja prílu yfir girðingu á gönguleiðinni að Eldborginni. Sennilega er þörf á að breikka tröppurnar í stígnum neðst í aðal gígnum sem og að vinna áfram í stígnum. Laga þarf eitt hlið inn á svæðið (er í verkahring ábúenda).
<b>VÖKTUN</b>	Landvörður sér um vöktun á lífríki í samráði við Náttúrustofu Vesturlands.
<b>FJÁRHAGSÁÆTLUN</b>	Launakostnaður landvarðar auk búnaðar (þ.m.t. bifreið, fatnaður, sími o. fl.).
<b>ANNAÐ</b>	Bílastæði er á Snorrastöðum. Sjálfbóðaliðar fengu að nota salernisaðstöðu, sturtur og eldhús og gista inn í sal ef þeir vildu í gístaðstöðunni á Snorrastöðum.

Þrátt fyrir að settar hafi verið upp járnstangir með keðjum sitthvoru megin við gönguleið upp á gígninn fara ferðamenn yfir þær til að tína grjót.



### 3.2.2 Bárðarlaug, Snæfellsbæ

<b>FRIDLÝST</b>	Auglýsing nr. 445/1980 í Stjórnartíðindum B.
<b>STÆRÐ</b>	50 ha.
<b>LANDVARSLA</b>	Landverðir þjóðgarðsins Snæfellsjökuls sjá um landvörslu á svæðinu.
<b>BÆKLINGUR</b>	Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull og friðlönd í nágrenninu kom út sumarið 2009.
<b>SKILTI</b>	Sameiginlegt aðkomuskilti með friðlandinu á ströndinni. Vegvísar.
<b>STÍGAR</b>	Gönguleið stikuð árið 2003.
<b>FRÆDSLÚÁÆTLUN</b>	Áætlað er að setja upp skilti árið 2013 af Umhverfisstofnun.
<b>ANNAÐ</b>	Æskilegt er að koma upp fræðsluskiltum og friðlýsingarskiltum. Við Bárðarlaug er reyndar skilti um Arnarstapa-Hellna en ekkert sérstakt um Bárðarlaug.

### 3.2.3 Grábrókargígar, Borgarbyggð

<b>FRIDLÝST</b>	Auglýsing nr. 216/1975 í Stjórnartíðindum B. Fyrst lýst náttúruvætti 1962.
<b>STÆRÐ</b>	29 ha.
<b>LOKUNARÁKVÆÐI</b>	Engin. Gæti þarfnast endurskoðunar vegna mikils álags gesta.
<b>LANDVARSLA</b>	Árið 2010 var svæðalandvarsla í Borgarbyggð annað árið í röð á vegum Umhverfisstofnunar yfir tímabilið 1. júní til 18. ágúst.
<b>SKILTI</b>	Skilti er frá Vegagerðinni.
<b>STÍGAR</b>	Upp á Grábrókargíga liggur timbur- og malarstígur auk stiga.
<b>ÖRYGGI</b>	Búið er að endurnýja alla stiga á svæðinu og bæta nokkrum við þar sem ástandið var verst. Þetta verk var klárað sumarið 2010. Sama sumar var haldið áfram lokunum á óæskilegum stígum við Grábrók.
<b>FRÆDSLÁ</b>	Auka fræðslufni um að skemma ekki svæði. Ekki umstafla vörðum, koma þessu inn í bæklinga.
<b>FRAMKVÆMDIR</b>	Sumarið 2010 settu sjálfboðaliðar Umhverfisstofnunar upp skilti um göngubann á nokkrum stöðum þar sem gönguleiðum/stígum var lokað. Setja þarf upp fleiri skilti til leiðbeiningar um m.a. leiðina inn að Grábrókarfellið, hvar má ganga, um hve mosi er viðkvæmur, um bann við grjóttfínslu og vörðuhleðslu. Leiðréttu þarf gönguleiðakort við bílastæði. Að mati landvarðar þurfa skilti með texta að vera bæði á íslensku og ensku. Einnig lokuðu sjálfboðaliðar Umhverfisstofnunar mörgum stígum/gönguleiðum, m.a. þremur gönguleiðum að Hreðavatni, uppgöngu á Grábrókarfellið þeim megin sem snýr að Grábrók og aukaleiðum á fellinu, göngustígum ofan í gígnum og í miðju hans. Við lokanir voru ýmist notaðir járnteinar með stálvír á milli, staurar með böndum á milli eða grjót. Loka mætti fleiri stígum í Grábrókarfellinu. Klárað var að smíða stigasett næst bílastæðinu og staðsetningu stigans breytt. Einnig voru sett upp nokkur laus þrep vinstra megin við uppgöngu á fellið og klárað að smíða stigasett uppi á brún gígsins. Endurnýja þarf stigasettið á miðri gönguleiðinni. Fúaverja þarf ný stigasett.
<b>FJÁRHAGSÁÆTLUN</b>	Launakostnaður landvarðar auk búnaðar (bifreið, fatnaður, sími o. fl.). Leigð var stúdíóíbúð á nemendagörðunum á Hvanneyri. Landvörður var með skrifstofu-aðstöðu í Reykholti síðsumars. Fjárfest var í nokkrum verkfærum, plastpokum og fleiru til ruslatínslu.
<b>FRÆDSLÚÁÆTLUN</b>	Áætlað er að setja upp skilti árið 2011 af Umhverfisstofnun.
<b>ANNAÐ</b>	Vegagerðin hefur komið upp áningarborði og lagt bílastæði. Svæðið var sett á rauðan lista Umhverfisstofnunar árið 2010 sem eitt þeirra 10 svæða sem stofnunin telur í hættu á að missa verndargildi sitt. Skipuleggja þarf svæðið í heild sinni, ákveða aðgerðir og hvað eigi að vernda. Gera þarf úttekt á aðstöðu og verndargildi svæðisins. Vinna þarf verndaráætlun. Skoða þarf ábyrgð fyrirtækja með rútuþópa s.s. vegna grjóttöku úr Grábrókinni eða að fólk rífur upp mosa og plöntur. Athuga þarf hvort girða ætti af svæðið svo að búfenaður komist ekki inn og til að stjórna aðkomu fólks. Lagfæra þarf járnhlíð inn á svæðið. Lagfæra þarf bílastæði og snyrta.

### 3.2.4 Hraunfossar, Borgarbyggð

<b>FRÍÐLÝST</b>	Auglýsing nr. 410/1987 í Stjórnartíðindum B.
<b>STÆRÐ</b>	36 ha.
<b>LANDVARSLA</b>	Árið 2010 var svæðalandvarsla í Borgarbyggð annað árið í röð á vegum Umhverfisstofnunar yfir tímabilið 1. júní til 18. ágúst
<b>STÍGAR</b>	Stígur liggur frá bílastæði að fossunum.
<b>SKILTI</b>	Skilti er á svæðinu.
<b>FRAMKVÆMDIR</b>	Sumarið 2010 góðursettu sjálfboðaliðar Umhverfisstofnunar birki til að loka aukastígum sem myndast höfðu. Einnig voru lagfærðar tvær hleðslur sem eru undir stígum og skipt um tvo tréstauro. Auk þess rökuðu sjálfboðaliðar mól upp í stígana og hlóðu grjót með fram þeim þar sem loka þurfti aukastígum. 30 birkiplöntum var plantað til að loka auka stígum sem myndast hafa og fá fólk til að halda sig á stígum, lagfærðar tröppur og efni borið í stíga. Þetta er hluti af átaksverkefni á vegum Borgarbyggðar í samstarfi við Skógræktarfélag Borgarfjarðar, Vinnumálastofnun og Samgönguráðuneytið. Verkefnið var í umsjón Umhverfisfulltrúa Borgarbyggðar með samþykki Umhverfisstofnunar. Skipt var um bönd á þremur stöðum við fyrsta útsýnispall og í kringum hann. Sjálfboðaliðar Umhverfisstofnunar unnu 10 mannvikur á svæðinu sumarið 2010 við stígavinnu og annað tilfallandi viðhald svæðisins. Borgarbyggð lét bera á svæðið vorið 2010 og keypti 160 birkiplöntur til viðbótar til að loka stígum, sumar voru gróðursettar sumarið 2010 og afgangurinn verður gróðursettur vorið 2011. Tröppur hraunmegin voru lagfærðar og efni borið í þær. Stíka þarf gönguleið í Hallmundarhrauni því að hraunið er allt niður troðið og útsparkað.
<b>ÖRYGGI</b>	Sjálfboðaliðar settu upp staur með merki þar sem varað er við fallhættu.
<b>FRÆÐSLUÁÆTLUN</b>	Auka þarf fræðslu um að skemma ekki svæðið. Áætlað er að setja upp skilti árið 2012.
<b>VERNDARÁÆTLUN</b>	Ekki til fyrir svæðið.
<b>VÖKTUN</b>	Landvörður sér um vöktun á lífríki í samráði við Náttúrustofu Vesturlands.
<b>FJÁRHAGSÁÆTLUN</b>	Launakostnaður landvarðar auk búnaðar (þ.m.t. bifreið, fatnaður, sími o. fl.).
<b>ANNAÐ</b>	Gott bílastæði, salerni og greiðasala. Sveitarfélagið sér um rekstur salernis og er það í höndum rekstraraðila á svæðinu sem einnig hefur séð um almennt viðhald svæðisins. Svæðið er á appelsínugula lista Umhverfisstofnunar yfir þau svæði sem þarf að fylgjast sérstaklega með að tapi ekki verndargildi sínu. Gríðarlegt álag ferðamanna er á svæðinu, oft án leiðsögumanna. Gera þarf skýrari gönguleiðir og loka öllum öðrum leiðum með meira afgerandi hætti. Illa gengur að halda fólk á stígum og klifrar það fram á öllum klettum og brúnum. Eftir því sem að trampíð eykst, stækkar svæðið sem fólk álitur stíga og teygir sig lengra fram á klettabrúnir. Mjög mikið er um að fólk slíti upp gróður og hlaði vörður. Við vörðuhleðslu eyðileggur það gjarnan gamlar friðaðar vörður og safnar steinum á stóru svæði í kring þannig að stór sér á því. Sauðfé hefur aukist mjög á svæðinu síðan árið 2008 og hefur bitið ofan af nokkrum nýjum birkiplöntum eða þeim kippt upp úr moldinni. Huga þarf að því hvort eftirlitsmann þurfi á staðinn og meiri leiðbeiningar til leiðsögumanna með stóra hópa. Bera þarf meira af áburði á svæðið. Að hluta þarf að endurnýja staura/önnur timburmannvirki og mála timbur. Lagfæra þarf bílastæði þar sem eru víða djúpar holur. Fjarlægja þarf trékassa af svæðinu sem hefur engan tilgang. Útbúa þarf skilti um að ákveðnar vörður séu friðaðar. Einnig þarf að útbúa skilti til að vísa á gönguleiðir og merkja betur hvar salerni eru á svæðinu t.d. á bílastæði og vísa síðan leiðina með örvaskiltum. Við innkeyrsluna á bílastæðið mætti setja skilti um 30 km/klst. hámarkshraða inni á bílastæði.



Steðji

Völundur Jónsson

### 3.2.5 Steðji (Staupasteinn) á Skeiðhól, Kjósarhreppi

- FRIDLÝST** Auglýsing nr. 218/1974 í Stjórnartíðindum B.
- STÆRD** 3,2 ha.
- SKILTI** Vegvísir frá Vegagerðinni frá Þjóðvegi. Umhverfisstofnun setti upp aðkomu- og fræðsluskilti við Steðja sumarið 2010.
- FRAMKVÆMDIR** Á svæðinu er að finna lítið bílastæði sem þarf að afmarka og setja þarf upp bekk sem fólk getur sest við og borðað nesti.
- ANNAÐ** Ef horft er til þeirra vistkerfajónustan sem náttúruvættið býr yfir þá er einna helst að nefna það upplýsingagildi sem Steðji stendur fyrir. Steðji býr yfir fallegum landslagsþáttum og fjölbreytileika í landslagi sem býður upp á þó nokkra afþreyingarmöguleika. Einnig býr Steðji yfir menningarlegum og listrænum innblæstri en til eru sögusagnir um einbúa sem býr í Steðja og að auki má nefna vísinda- og menntunargildi fyrirbærisins en náttúruvættið hefur að geyma jarðvísindalega sögu ásamt því að vera tilvalið til notkunar fyrir skólaferðir og til vísindarannsókna.



### 3.3 FRIDLÝSTAR LÍFVERUR, BÚSVÆÐI, VISTGERÐIR OG VISTKERFI Á VESTURLANDI

#### 3.3.1 Hvanneyri, Borgarbyggð

<b>FRIDLÝST</b>	Auglýsing nr. 364/2002 í Stjórnartíðindum B.
<b>STÆRÐ</b>	1.744 ha.
<b>SAMNINGUR</b>	Landbúnaðarháskólinn hefur umsjón og rekstur með búsvæðavernd blesgæsar á Hvanneyri í samræmi við samning dags. 2. maí 2002.
<b>STÍGAR</b>	Gamlir slóðar vegna landbúnaðar. Það er búið að leggja nýja reiðstíga um hluta svæðisins sem einnig eru nýttir sem göngustígar.

### 3.4 FÓLKVANGAR Á VESTURLANDI

#### 3.4.1 Einkunnir, Borgarbyggð

<b>FRIDLÝST</b>	Auglýsing nr. 480/2006 í Stjórnartíðindum B. Breyting var gerð 2010 á reglum um fólkvanginn.
<b>STÆRÐ</b>	266 ha.
<b>SKILTI</b>	Skilti voru sett upp haustið 2008. Umhverfisstofnun sá um hönnun og ráðgjöf við gerð skiltanna en texti, efniskostnaður og uppsetning var á vegum sveitarfélagsins. Borgarbyggð lét setja upp skilti við þjóðveg 1 með styrk frá Menningarráði Vesturlands og keyptar voru myndir af Jóni Hlíðberg til að setja á skilti við Álatjörn sem kostað var með sölu á jólatrjám úr skóginum í Einkunnum.
<b>STÍGAR</b>	Stígakerfi er á vegum Borgarbyggðar, bæði merktir reiðvegir og gönguleiðir. Leiðir hafa verið stikaðar sumarið 2008. 2,1 km af göngustíg var lagður sumarið 2009. Framkvæmdir við tvö bílastæði, tvo áningastaði, gönguleið og bryggju við Álatjörn var lokið sumarið 2009. Fræðslurjóður var útbúið við Litlu-Einkunnir sumarið 2009. Bætt var efni í gamla stíga sumarið 2010 og opnað fyrir stíga sem voru að lokast.
<b>BÆKLINGUR</b>	Nýr útivistarbæklingur kom út sumarið 2007
<b>FRAMKVÆMDIR</b>	Svæðið er í umsjón sveitarfélagsins.
<b>VERNDARÁÆTLUN</b>	Ekki til fyrir svæðið. Deiliskipulag á vegum sveitarfélagsins er í vinnslu. Ræktunaráætlun að beiðni Umhverfisstofnunar er lokið.
<b>VÖKTUN</b>	Engin á vegum Umhverfisstofnunar. Einungis óformleg landvarsla. Segja má að Umsjónarnefnd Einkunna, Skógræktarfélag Borgarfjarðar og Hestamannfélagið vakti svæðið.
<b>RANNSÓKNIR</b>	Engar á vegum Umhverfisstofnunar. Lífríki Álatjarnar hefur verið rannsakað af Veiðimálastofnun fyrir umsjónarnefndina.
<b>ANNAÐ</b>	Skátaskáli er innan fólkvangsins og hestagerði. Fyrirhugað deiliskipulag gerir auk áður nefndra framkvæmda ráð fyrir aukningu reiðvega og bættu hestagerði, náttúruskóla og fuglaskoðunarhúsi, viðhaldi núverandi skógar og aukningu birkiskógar í norðanverður fólkvanginum og á svæðinu við skátaskálann. Fyrirhugað er að koma upp náttúruskóla og útikennslu á svæðinu. Sveitarfélagið hefur fengið styrk til að efla aðgengi fyrir alla, m.a. gerð bryggju út í Álatjörn. Fyrirhugaðar framkvæmdir: stígar, bryggja, áningastaðir. Ný hverfisvernd í gangi. Greni- og furuskógur er á svæðinu og er gert ráð fyrir frekari ræktun, sem skoða þarf í samhengi við verndaráætlun.





Úr þjóðgarðinum Snæfellsjökli

## 3.5 ÖNNUR SVÆÐI Á VESTURLANDI

### 3.5.1 Breiðafjörður, Vesturbyggð, Reykhólahreppi, Saurbæjarhreppi, Dalabyggð, Helgafellssveit, Stykkishólmi, Grundarfjarðarbæ og Snæfellsbæ

Auk þess heyrir verndarsvæði Breiðafjarðar til Vesturlands og Vestfjarða, en svæðið er verndað með lögum nr. 54/1995 um vernd Breiðafjarðar. Sérstök nefnd, Breiðafjarðarnefnd, er umhverfissráðherra til ráðgjafar um vernd svæðisins.

### 3.5.2 Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull

<b>FRIDLÝST</b>	Auglýsing nr. 568/2001 Stjórnartíðindum B. Lýst þjóðgarður 2001.
<b>STÆRD</b>	16.705 ha. Landvarsla Landverðir unnu í þjóðgarðinum í alls 50 vikur sumarið 2010, einnig eru tveir fastir starfsmenn, þjóðgarðsvörður og sérfræðingur og auk þess unnu 5 sjálfbóðaliðar Umhverfisstofnunar í fjórar vikur í þjóðgarðinum. Einnig voru tveir starfsmenn úr atvinnuáttaki ríkisstjórnarinnar í 8 vikur hvor og auka landvörður í 6 vikur. Landverðir þjóðgarðsins sjá um landvörslu á svæðinu. Reglulegar eftirlitsferðir, hellaferðir í Vatnshelli og gönguferðir.
<b>SKILTI</b>	Fræðsluskilti voru sett upp 2003 og þau endurnýjuð sumarið 2004, þegar vegvísar voru einnig settir upp. Heimagerð skilti hafa verið sett upp síðan. Aðkomuskilti voru sett upp sumarið 2010 auk kortaskilta á Djúpalóni, Svalþúfu og Hellissandi. Fræðslu- og gönguleiðaskilti vantar.
<b>STÍGAR</b>	Fornar götur sem haldið er við og nokkrar stuttar leiðir sem eru nýjar. Talsvert viðhald var á stígum og slóðum sumarið 2009 og 2010 t. d. á Djúpalónssandi og Saxhóli.
<b>GESTASTOFA</b>	Gestastofu í þjóðgarðinum var komið á fót árið 2004. Hún er opin frá 20. maí til 10. september. Fjölgun var um 60% á gestum milli árana 2008-2009 en gestafjöldinn stóð í stað milli 2009 og 2010. Um 10.000 gestir heimsækja gestastofuna árlega.
<b>FRÆÐSLA</b>	Talsverð fræðsla fer fram á vegum þjóðgarðsins bæði gönguferðir, hellaferðir og fræðsludagskrá. Einnig hefur verið samvinna við Grunnskólann í Snæfellsbæ.



- BÆKLINGUR** Nýr heildar bæklingur um þjóðgarðinn var gefinn út 2009. Einnig var gefin út sumardagskrá og lítill bæklingur um göngur meðfram ströndinni. Ferðaþjónustan á Vesturland hefur gefið út kynningarbækling, kynningarmynd og staðið fyrir viðburðum.
- FRAMKVÆMDIR** Talsverð vinna er við viðhald svæðisins, stikun og val leiða, girðingar, brunnhreinsun, viðhald salerna, viðhald á áningaraðstöðu. Landverðir og sjálfböðaliðar hafa unnið að þessu ásamt verktökum. Áætlaðar framkvæmdir vegna þjóðgarðsmiðstöðvar á Hellissandi hefur verið frestað, enda fengust ekki fjármunir í verkið, hönnun er lokið. Sumarið 2009 var lokið við að leggja bundið slitlag á veginn fyrir Jökul og bílastæði gerð meðfram honum. Slitlag var einnig lagt á veginn að Malarífi og slitlag er komið á veginn á Gufuskálasvæðinu. Haustið 2009 var hafist handa við að gera Vatnshelli aðgengilegan og er það verk unnið í sjálfböðavinnu heimamanna. Verkið var klárað árið 2010. Unnið verður að almennri stígagerð samkvæmt verndaráætlun. Á Malarífi, við Írskrabrunn, á Djúpalónssandi og við Vatnshelli verður farið í framkvæmdir. Áætlaður kostnaður er metinn á 11.025.000 ISK.
- VÖKTUN** Landverðir fylgjast með göngustígum og bera áburð á eftir þörfum.
- RANNSÓKNIR** Sumarið 2009 var fylgst með afkomu ritunnar í björgum þjóðgarðsins og í nágrenni hans. Rannsóknina gerði Hákon Ásgeirsson landvörður og verður hún lokaverkefni hans frá LBHÍ. Rannsóknin var unnin að tilstuðlan Háskóla-seturs Snæfellsness og undir leiðsögn sérfræðinga þar. Guðrún Lára Pálmadóttir landvörður vann að rannsókn sem er gerð á landsvísu. Í henni er verið að fylgjast með blómgunartíma nokkurra tegunda. Um langtímarannsókn er að ræða þar sem skoða á hvort blómgun færir fram á sumarið með tilliti til hlýnandi veðurfars. Rannsóknin kallast Sóleyjarverkefnið og er unnið að tilstuðlan og í umsjón sérfræðinga. Aðkallandi er að gerðar verði rannsóknir á strönd þjóðgarðsins og lífríki.
- FRÆDSLÚÁÆTLUN** Áætlað er að setja upp skilti á hverju ári fram til ársins 2014. Árið 2010, 2012 og 2013 á svo að endurskoða bæklinga.
- ANNAÐ** Aðstaða til áningar hefur verið sett upp á 7 stöðum í þjóðgarðinum.  
Þjóðgarðurinn er inni í sveitarfélaginu Snæfellsbæ og er þorpið Hellissandur við þjóðgarðsmörk að norðanverðu. Innan verndarsvæðis Búða er rekið hótél.





Frá Hornvík

Jón Björnsson

## 4 Vestfirðir

Á Vestfirðum eru 6 landsvæði friðlýst samkvæmt lögum um náttúruvernd, það eru 4 friðlönd og 2 náttúruvætti. Auk þess heyrir verndarsvæði Breiðafjarðar til Vestfjarða að hluta til, sbr. lög nr. 54/1995, um vernd Breiðafjarðar.

### 4.1 FRIÐLÖND Á VESTFJÖRÐUM

#### 4.1.1 Flatey, Reykhólahreppi

<b>FRIÐLÝST</b>	Auglýsing nr. 395/1975 í Stjórnartíðindum B.
<b>STÆRÐ</b>	85 ha.
<b>LOKUNARÁKVÆÐI</b>	Vegna fuglaverndar er óheimilt að fara um friðlandið frá 15. apríl til 15. ágúst.
<b>SKILTI</b>	Skilti eru til staðar. Kanna þarf ástand þessara skilta.
<b>STÍGAR</b>	Moldartroðningar liggja um svæðið
<b>VÁLISTATEGUNDIR</b>	Þórshani (EN). Þórshana verpa á Íslandi, Svalbarða, Grænlandi, Rússlandi, Kanada og Alaska.
<b>ALÞJÓÐASAMNINGAR</b>	Samkvæmt Bernarsamningnum (viðauki II) ber að vernda búsvæði þórshana. Hér á landi hefur búsvæðum verið raskað vegna framkvæmda.
<b>FRÆDSLÚÁÆTLUN</b>	Áætlað er að setja upp skilti árið 2014.
<b>ANNAÐ</b>	Friðlandið fellur innan verndarsvæðis Breiðafjarðar sbr. lög nr. 54/1995. Gera þarf úttekt á ástandi og verndargildi svæðisins.

#### 4.1.2 Hornstrandir, Ísafjarðarbæ

<b>FRIÐLÝST</b>	Auglýsing nr. 332/1985 í Stjórnartíðindum B. Fyrst lýst friðland 1975.
<b>STÆRÐ</b>	58.915 ha.
<b>LOKUNARÁKVÆÐI</b>	Frá 15. apríl til 15. júní þarf að tilkynna Umhverfisstofnun um ferðalög á svæðinu.

<b>LANDVARSLA</b>	Sumarið 2010 vann einn landvörður í friðlandinu í alls 32 daga svo og sérfræðingur friðlandsins í alls 70 daga. Þá störfuðu sjálfboðaliðar Umhverfisstofnunar í friðlandinu í 2 vikur og skiluðu 80 dagsverkum og innlendir sjálfboðaliðar skiluðu 20 dagsverkum. Unglingar á vegum Vinnuskóla Ísafjarðarbæjar unnu um 30 starfsdaga í friðlandinu. Á veturna starfar sérfræðingur friðlandsins á skrifstofu Hornstranda á Ísafirði. Ráðinn var skammtímasterarfsmaður á skrifstofuna yfir sumarmánuðina þetta ár samhliða átaksverkefni í atvinnumálum ungs fólks.
<b>STÍGAR</b>	Undanfarin ár hefur verið unnið nokkuð í lagfæringum á göngustígum og gömlum þjóðleiðum. Áfram var unnið sumarið 2010 við göngustíg umhverfis Hesteyrarþorpið. Jafnframt var lagfærður stígur út á Stekkeyri (Hvalveiðistöð) og stígur uppá ytri Hesteyrarbrúnir. Þá var unnið við gönguslóða frá Skipakletti að Hornsá í Hornvík. Grjóthreinsað var í göngustíg um Skálakamb ofan Hlöðuvíkur og fram í Atlaskarð.
<b>BÆKLINGUR</b>	Vinna er hafin að gerð nýs bæklingum um Hornstrandafriðlandið og er ætlunin að gefa hann út 2012 (talsvert er til af gamla bæklingnum og ræður upplag hans talsverðu um útgáfutíma). Þá er í vinnu bæklingur um umgengni í friðlandinu.
<b>FRAMKVÆMDIR</b>	Árið 2010 var unnið við stígaverkefni sem fyrr, smíðaðir 2 nýjir kamrar, gömlum skipt út og nýtt tjaldsvæði formlega tekið í notkun við Hlöðuvíkurs. Áfram var unnið við þjónustuhúsið í Höfn og er þeim framkvæmdum nær lokið. Smíðaeefni í tvo nýja kamra var flutt í Smiðjuvík og Bjarnarnes.
<b>ÖRYGGI</b>	Landverðir ganga með handtalstöðvar (VHF) og í þjónustuhúsinu í Höfn er gervihnattasími. Friðlandið er yfirfarið á vorin og m.a. leitað ummerkja eftir hvítabirni. Öryggisáætlun verður unnin samhliða verndaráætlunargerð.
<b>VÁLISTATEGUNDIR</b>	Stuttnefja (VU).
<b>ALPJÓÐASAMNINGAR</b>	Samkvæmt Bernarsamningnum ber að stýra veiðum á stuttnefju.
<b>VERNDARÁÆTLUN</b>	Ekki til fyrir svæðið. Aðalskipulag fyrir svæðið var unnið af sveitafélaginu. Stefnt er að því að hefja vinnu við verndaráætlun á vordögum 2011 og mun vinnan taka 18 mánuði.
<b>VÖKTUN</b>	Á vegum Umhverfisstofnunar er fylgst með fjölda ferðamanna, aðkomuleiðum í friðlandið og ferðahegðun, þ.e. sumarhúsafólk, göngumenn o.s.frv. Stefnt er að vöktun á mófuglum í samstarfi við Náttúrustofu Vestfjarða. Æskilegt er að vakta stofna refa og minka og einnig að vakta nytjar sem leyfðar eru á svæðinu. Náttúrustofa Vestfjarða hefur fylgst með skordýralífi í Fljótavík, af og til eru framkvæmdar gróðurlendismælingar. Landverðir hafa tekið þátt í vöktunarverkefnum í samstarfi við Náttúrustofuna. Landverðir fylgjast með náttúrufari, ástandi göngustíga og annað slíkt og skrá í landvarðaskýrslur, þó ekki sé um stöðuga vakt að ræða.
<b>RANNSÓKNIR</b>	Engar á vegum Umhverfisstofnunar, en hegðun refs hefur í friðlandinu hefur verið rannsökuð. Náttúrustofa Vestfjarða hefur verið með skordýragildir í Fljótavík.
<b>FRÆÐSLUÁÆTLUN</b>	Ætlunin er að endurnýja öll skilti í friðlandinu á komandi árum og bæta nýjum við. Hefst sú vinna þegar á vordögum 2011. Áætlað er að setja upp skilti árið 2012 og 2014. Einnig á að endurskoða bæklinga árið 2010 og 2013 og gera fræðsluefni fyrir internetið.
<b>ANNAÐ</b>	Nú eru á vegum Umhverfisstofnunar 14 kamrar í friðlandinu og flestir þeirra nýir. Þá er þjónustuhús í Hornvík líkt. Sex upplýsinga- og leiðbeiningaskilti eru í friðlandinu og nokkur smærri sérskilta s.s. tjaldsvæði, vatnsból o.s.frv. Vinna þarf verndaráætlun og skilgreina í henni sérstöðu svæðisins og framtíð. Leggja þarf mikla áherslu á fræðslu til almennings, íbúa á Vestfjörðum og landeigenda um skilgreind verðmæti friðlandsins. Skilgreina þarf eignarhald á svæði. Bæta þarf þjónustu, upplýsingaflæði og eftirlit.



### 4.1.3 Vatnsfjörður, Vesturbyggð

<b>FRIDLÝST</b>	Auglýsing nr. 96/1975 í Stjórnartíðindum B.
<b>STÆRD</b>	20.003 ha.
<b>SAMNINGUR</b>	Gert hefur verið árlegt samkomulag við Hótel Flókalund um gístiaðstöðu fyrir landvörð.
<b>LANDVARSLA</b>	Landvörður starfaði í tvo mánuði sumarið 2010. Sameiginlegur landvörður er við svæðin Dynjanda og Surtarbrandsgil. Efla þyrfti landvörslu á suðursvæðinu t. d. með því að tryggja reglulegar eftirlitsferðir til allra svæðanna. Mikill akstur fylgir eftirliti og vöktun með svæðunum en landvörður hefur jafnan verið staðsettur í Vatnsfirði eða næsta nágrenni. Einnig er gert ráð fyrir því að landvörður hafi eftirlit með Látrabjargs – Rauðasands svæðinu.
<b>BÆKLINGUR</b>	Friðland í Vatnsfirði, almennur friðlands bæklingur.
<b>SKILTI</b>	Aðkomuskilti, fræðsluskilti (fuglar og plöntur) og vegvísar.
<b>FRAMKVÆMDIR</b>	Sumarið 2010 voru sett upp fjögur áningaborð innan friðlandsins, við Pennu að norðanverðu, við Lómatjarnir, við Þingmannaá og við gamla tjaldstæðið í botni Vatnsfjarðar. Sjálfboðaliðar Umhverfisstofnunar hreinsuðu rusl við Flókatóftir og endurnýjuðu girðingu. Einnig var skipt um merkingar og viðvörunarskilti víða í firðinum og öll skilti máluð. Sett voru upp bráðabirgða upplýsingaskilti á fjórum stöðum, þ.e. við Smalahelluna, Gíslahelli, Flókatóftir og Nafnlaus fossinn. Útbúa þarf framtíðarskilti við helstu sögustaði og náttúruperlur í friðlandinu. Setja þarf upp skilti við bílastæði í Vatnsdal með upplýsingum um lengd gönguleiðar vestur með dalnum og um Smalahelluna, fossana og árnar á leiðinni. Setja þarf upp hraðatakörkunarskilti við veginn á Brjánslæk I þar sem börn og aðrir ganga yfir veginn á milli tjaldstæðanna. Sjálfboðaliðar Umhverfisstofnunar settu nýjar stikur á gönguleið meðfram Pennu að norðanverðu („Bláberjavegur“), á gönguleið vestur með Vatnsdal og á gönguleið að Lambagilseyrum sem og trjágreinar víða klipptar. Gönguleið að Lambagilseyrum var færð upp fyrir fjörugrjótið. Árið 2011 þarf að bæta þremur gönguleiðum inn á kort sem hanga uppi á tjaldstæðinu á Hótel Flókalundi þ.e. „Bláberjavegi“, leiðinni frá Pennu sunnanverðri að orlofsbyggðinni og leiðinni frá Lambagilseyrum að Þingmannaá. Einnig væri hægt að bæta við stikuðum leiðum, s.s. inn að Svarthamragili og inn í Smjörðal. Fara þyrfti betur í stígagerð upp Þróskulda. Ákveða þarf tilvistarrétt sumarhúss, sem stendur eitt og sér inn í Vatnsdal. Grísja þarf framandi tegundir af svæðinu. Einnig þyrfti að girða af svæði við Lómtjörn, laga stíga og loka öðrum inn að Þverá. Athuga þarf hvort að fjarlægja eigi hreysi, palla og tjaldvagna í niðurníðslu í firðinum.
<b>FJÁRHAGSÁÆTLUN</b>	Launakostnaður landvarðar auk búnaðar (bifreið, fatnaður, sími o. fl.).
<b>VÖKTUN</b>	Landvörður sér um vöktun á lífríki í samráði við Náttúrustofu Vesturlands. Refir eru vaktaðir á svæðinu. Himbrimi var með egg í hólma og Lómurinn á Lómtjörn. Haförn sveif yfir svæðinu og var með hreiður sitt utar í firðinum en oft áður.
<b>FRÆÐSLUÁÆTLUN</b>	Áætlað er að setja upp skilti árið 2013. Einnig á að gera bækling árið 2011. Huga þarf að því að halda utan um þekkingu heimamanna um svæðið og koma henni í ritað form svo hægt sé að miðla henni til gesta á svæðinu. Kanna þarf hvort setja ætti á stofn menningar-, sögu- og fræðslusetur í Vatnsfirði, e.t.v. á Brjánslæk.
<b>ANNAÐ</b>	Hótel, tjaldsvæði og greiðasala er innan friðlandsins. Tjaldsvæðin eru tvö og hefur svæðið ofan við hótelið verið stækkað um helming sem kom vel til móts við aukinn fjölda ferðamanna á tímabilinu. Hluti friðlandsins fellur innan verndarsvæðis Breiðafjarðar sbr. lög nr. 54/1995. Gera þarf úttekt á ástandi og verndargildi svæðisins. Talsvert álag ferðamanna er á svæðinu í Vatnsfirði.4.1.4 Hrísey, Reykhólahreppi
<b>FRIDLÝST</b>	Auglýsing nr. 425/1977 í Stjórnartíðindum B.

<b>STÆRÐ</b>	63 ha.
<b>LOKUNARÁKVÆÐI</b>	Vegna fuglaverndar er óheimilt að fara um svæðið frá 15. apríl til 15. júlí.
<b>FRAMKVÆMDIR</b>	Útbúa þarf fræðslu- og upplýsingaskilti á landi með upplýsingum um eyna.
<b>FRÆDSLÚÁÆTLUN</b>	Áætlað er að setja upp skilti árið 2014.
<b>ANNAÐ</b>	Friðlandið fellur innan verndarsvæðis Breiðafjarðar sbr. lög nr. 54/1995.



*Dynjandi*

## 4.2 NÁTTÚRUVÆTTI Á VESTFJÖRÐUM

### 4.2.1 Dynjandi, Ísafjarðarbæ

<b>FRIDLYST</b>	Auglýsing nr. 348/1986 í Stjórnartíðindum B.
<b>STÆRÐ</b>	645 ha.
<b>LANDVARSLA</b>	Sumarið 2010 fór landvörður í friðlandinu í Vatnsfirði (og Surtarbrandsgili) í eftirlitsferðir að Dynjanda á um 1-2 vikna millibili.
<b>SKILTI</b>	Skilti á vegum Ferðamálastofu og Vegagerðarinnar. Skilti eru við fossaröðina þar sem heiti einstakra fossa kemur fram.
<b>STÍGAR</b>	Göngustígur liggur upp að fossinum.
<b>FRAMKVÆMDIR</b>	Sumarið 2011 eru fyrirhugðar ýmsar endurbætur við Dynjanda þar sem nýta á sjálfbóðaliða Umhverfisstofnunar. Laga þarf göngustíginn upp að fossinum, endurnýja staura og reipi og mála skilti við fossaröðina.
<b>FJÁRHAGSÁÆTLUN</b>	Sama og Vatnsfjörður.
<b>VÖKTUN</b>	Gera þyrfti gróðurfarsúttekt reglulega a. m. k. þriðja hvert ár. Seinast gert árið 2008 af NV.
<b>FRÆDSLÚÁÆTLUN</b>	Áætlað er að setja upp skilti árið 2013.
<b>ANNAÐ</b>	Fyrir nokkrum árum var unnið að lagfæringum m. a. aðkomu og bílastæði á vegum Ferðamálastofu og Vegagerðarinnar. Salerni er á svæðinu. Hreinlætis-aðstæður eru með ágætum og tjaldsvæði hefur verið stækkað. Sumarið 2010 var tjaldsvæði og klósett vel hirt.

Samkvæmt gestabók við Dynjanda komu 1680 gestir þangað árið 2010. Svæðið er á appelsínugula lista Umhverfisstofnunar yfir þau svæði sem þarf að fylgjast sérstaklega með að tapi ekki verndargildi sínu.





Surtarbrandsgil

#### 4.2.2 Surtarbrandsgil, Vesturbyggð

<b>FRIDLÝST</b>	Auglýsing nr. 103/1975 í Stjórnartíðindum B.
<b>STÆRD</b>	150 ha.
<b>LOKUNARÁKVÆÐI</b>	Almenning er að fengnu leyfi ábúenda heimil för um gilið.
<b>LANDVARSLA</b>	Landvörður í Vatnsfirði sinnir svæðinu, starfaði í tvo mánuði sumarið 2010.
<b>SKILTI</b>	Umhverfisstofnun setti upp aðkomu og fræðsluskilti við Surtarbrandsgil sumarið 2010.
<b>STÍGAR</b>	Stikuð gönguleið liggur frá Brjánslæk inn í gilið.
<b>ÖRYGGI</b>	Í giliinu slútir bergið víða fram og ekki þarf mikið að gerast svo að það fari að hrynja úr berginu.
<b>RANNSÓKNIR</b>	Engar á vegum Umhverfisstofnunar. Setlöggin eru áhugaverð til rannsókna.
<b>FJÁRMÖGNUN</b>	Fé vantar mjög til verkefna. Þyrfti að vera fjárveiting frá ríkinu í framkvæmdir/landvörslu á svæðinu.
<b>FRAMKVÆMDIR</b>	Sumarið 2010 voru sett upp bráðabirgða skilti í giliinu og við upphaf gönguleiðar að giliinu til að minna á friðun þess og að allt rask sé bannað. Kanna þarf möguleikann á að setja upp sýningarramma utan við gilið með sýnishornum af steingervingum úr því. Árið 2011 þarf að vinna stefnu varðandi gilið, ákveða með hvaða hætti steingervingar verða verndaðir, herða eftirlit, auka fræðslu. Sumarið 2010 kom í ljós að göngustígur í giliinu liggur í gegnum miðja steingervingabreiðu í klettum og til bráðabirgða voru staurar og reipi færð neðar í klettana til að reyna að koma í veg fyrir að fólk gangi á steingervingunum. Sjálfboðaliðar Umhverfisstofnunar settu upp staura og reipi til að afmarka gönguleið og löguðu þann hluta stígsins inni í giliinu sem var orðinn mjög hættulegur fólki vegna skriðu og bratta.
<b>FRÆDSLÚÁÆTLUN</b>	Sumarið 2010 var komið á fót skipulögðum fræðsluferðum í Surtarbrandsgil með landverði þrjá daga vikunnar. Þörf er á þjálfun eða leiðbeiningar um steingervinga til landvarða.
<b>ANNAD</b>	Svæðið var sett á rauðan lista Umhverfisstofnunar árið 2010 sem eitt þeirra 10 svæða sem stofnunin telur í hættu á að missa verndargildi sitt. Mikið rask er í Surtarbrandsgili bæði af völdum mikils straums ferðamanna og af náttúrulegum ástæðum. Mikil þörf er á úrbótum í giliinu. Gera þarf úttekt á ástandi og verndargildi svæðisins. Náttúruupplifun, jarðfræði og mannvistarminjar gera svæðið mjög áhugavert. Spurning um að ganga til samninga við ábúendur Brjánslækjar um umsjón svæðisins að einhverjum hluta til að koma til móts við aukinn fjölda ferðamanna.



### **4.3 FRIDLÝSTAR LÍFVERUR, BÚSVÆÐI, VISTGERÐIR OG VISTKERFI Á VESTFJÖRÐUM**

Á Vestfjörðum eru engar lífverur friðlýstar umfram þær sem friðlýstar eru á landinu öllu samkvæmt auglýsingu nr. 184/1978, um friðlýsingu nokkurra plöntutegunda. Í landshlutunum eru ekki heldur nein friðlýst búsvæði, vistgerðir eða vistkerfi.

### **4.4 FÓLKVANGAR Á VESTFJÖRÐUM**

Engir fólkvangar hafa verið stofnaðir á Vestfjörðum.

### **4.5 ÖNNUR SVÆÐI Á VESTFJÖRÐUM**

#### *4.5.1 Breiðaffjörður, Vesturbyggð, Reykhólahreppi, Saurbæjarhreppi, Dalabyggð, Helgafellssveit, Stykkishólmi, Grundarfjarðarbæ og Snæfellsbæ*

Auk þess heyrir verndarsvæði Breiðafjarðar til Vesturlands og Vestfjarða, en svæðið er verndað með lögum nr. 54/1995 um vernd Breiðafjarðar. Sérstök nefnd, Breiðafjarðarnefnd, er umhverfissráðherra til ráðgjafar um vernd svæðisins.



# 5 Norðurland vestra

Á Norðurlandi vestra eru 6 landsvæði friðlýst samkvæmt lögum um náttúruvernd. Þar eru 2 friðlönd, 2 náttúruvætti og 2 fólkvangar.

## 5.1 FRIÐLÖND Á NORÐURLANDI VESTRA

### 5.1.1 Miklavatn, Sveitarfélaginu Skagafirði

**FRIÐLÝST** Auglýsing nr. 29/1977 í Stjórnartíðindum B.

**STÆRD** 1.484 ha.

**LOKUNARÁKVÆÐI** Vegna fuglaverndar er óheimilt að fara um svæðið á varptímanum frá 15. maí til 1. júlí.

**LANDVARSLA** Landvörður starfaði sumarið 2010 á 2 svæðum, Miklavatni og austara Eylendisinu, sem er á náttúruminjaskrá. Mestur tími landvarðar felst í rannsóknum og vöktun á fuglalífi.

**SKILTI** Tvö stöðluð skilti eru á friðlýsta svæðinu. Fleiri skilti með upplýsingum í næsta nágrenni eru í jaðri svæðanna, áður en komið er inn í þau. Aðkomuskilti og fræðsluskilti við Áshildarholtsvatn, Garðsvatn, sunnanvert Hegranes og tjarnirnar við flugvöllinn. Skilti voru löguð og sett girðing í kringum fuglaskiltið hjá Garðsvatni til að losna við ágang hrossa. Sumarið 2010 fór fram viðgerð á upplýsingaskilti um fuglalíf Garðsvatns.

**VÖKTUN** Fuglatalningar fóru fram á vötnum í nágrenni við og innan austara Eylendisins og friðlandsins við Miklavatn og Borgarskóga. Flatarmálmæling á svæðinu liggur ekki fyrir en nánari niðurstöður verða birtar í skýrslu sem fjallar um vöktun vatna á votlendissvæðum Skagafjarðar. Einn yrðlingur sást á vappi við greni.

**RANNSÓKNIR** Fuglatalningar fóru fram á vötnum í nágrenni við og innan Austara Eylendisins og friðlandsins við Miklavatn og Borgarskóga frá 27. maí til 28. júlí 2010. Alls sáust 30 tegundir fugla í talningunum. Punktmælingar til að meta þéttleika mófugla voru gerðar í Borgarskógum þann 11. júní 2010.

**ANNAÐ** Svæðin voru kynnt nokkuð vel erlendis sumarið 2010 en ábúendur á bænum Hofsstöðum eru farnir af stað í markaðssetningu í tengslum við fuglatengda ferðaþjónustu. Um 2000 eintökum af bækling um fuglíf sem gefinn var út fyrir nokkrum árum síðan var dreift af Náttúrustofu Norðurlands.

### 5.1.2 Guðlaugstungur og Álfgeirstungur, Húnavatnshreppur

<b>FRIDLÝST</b>	Auglýsing nr. 1150/2005 í Stjórnartíðindum B.
<b>STÆRÐ</b>	39820 ha.
<b>SAMNINGUR</b>	Umsjón friðlandsins skal vera í höndum þriggja manna umsjónarnefndar. Sveitarfélagið tilnefnir tvo og Umhverfisstofnun einn og er sá formaður nefndarinnar.
<b>LANDVARSLA</b>	Landvarsla var á miðhálandinu frá 30. júní til 10. ágúst og voru nokkrar leiðir farnar í friðlandið á þeim tíma.
<b>LOKUNARÁKVÆÐI</b>	Umferð almennings er bönnuð um norðurhluta Guðlaugstungna frá 1. maí til 20. júní hvert ár til að vernda varpsvæði heiðargæsarinnar. Veiði í ám og vötnum er óheimil án sérstaks leyfis í samræmi við lög og reglur Veiðifélags Blöndu og Svartár. Notkun skotvopna er bönnuð á svæðinu nema til refa- og minkaveiða og eyðingar á dýrum sem valda tjóni í samræmi við verndaráætlun og lög um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, nr. 64/1994.
<b>SKILTI</b>	Árið 2010 voru sett upp 3 aðkomu- og fræðsluskilti við þær leiðir er liggja inn í friðlandið
<b>VÖKTUN</b>	Æskilegt að auka vöktun, t. d. á heiðagæsum. Þá þarf að vakta rústasvæði og leggja mat á hrossabeit á svæðinu.
<b>VÁLISTATEGUNDIR</b>	Fjallkrækill (LR) og fléttan, Lecinophysma finmarckicum (LR).
<b>ALPJÓÐASAMNINGAR</b>	Á IV viðauka Bernarsamningsins, rústamýrar einhverjar þær víðáttumestu á hálandinu.
<b>ANNAÐ</b>	Talsverð þörf fyrir aukið eftirlit bæði vetur og sumar með þeirri fjölþættu umferð sem er um svæðið. Lokunarákvæði eru ekki virt en vitað er til þess að fólk (veiðimenn) sé á ferð um svæðið með byssur og veiðistangir á þeim tíma sem umferð almennings er bönnuð. Einnig er vitað til þess að skotveiði fari fram innan friðlandsins á gæsaveiðitímabilinu. Mikið af skothylkjum hefur fundist innan friðlandsins.



Hveravellir á Kili

Ljósmynd: Þorsteinn Ásgeirsson

## 5.2 NÁTTÚRUVÆTTI Á NORÐURLANDI VESTRA

### 5.2.1 Hveravellir á Kili, Húnavatnshreppi

<b>FRIDLÝST</b>	Auglýsing nr. 217/1975 í Stjórnartíðindum B. Friðað fyrst sem náttúruvætti 1960.
<b>STÆRÐ</b>	170 ha.
<b>LANDVARSLA</b>	Sumarið 2010 var annað sumarið sem landverðir störfuðu á miðhálandinu með aðsetur á Hveravöllum. Til stóð að tveir landverðir störfuðu á hálandinu en vegna lélegs og þröngs húsakosts fékk annar landvörðurinn sig lausan frá störfum og var því eingöngu einn landvörður á svæðinu frá 30. júní – 10. ágúst. Sumarið 2009 lögðu fyrri landverðir til að lengja tímabil landvörslu í báða enda. Landverði ber að fara í eftirlits ferðir í Þjórsárverum og Guðlaugstungum en sumarið 2010 var það ekki mögulegt því að jeppi sem landvörður hafði til umráða var ekki á nógu stórum dekkjum til að fara yfir ár á leiðinni að þeim svæðum. Landvörður metur sem svo að jeppa á 36 tommu tekkjum þurfi í slíkar ferðir. Sex sjálfbóðaliðar á vegum Umhverfisstofnunar unnu á Hveravöllum sumar 2010.
<b>FRÆÐSLA</b>	Sumarið 2010 var ferðamönnum veitt aðstoð og upplýsingar eins og unnt var en ekki var mögulegt að hafa skipulagðar gönguferðir um svæðið.
<b>BÆKLINGUR</b>	„Hveravellir – Dvalarstaður á fjöllum“, almennur bæklingur sem á sínum tíma var unninn í samráði við Ferðafélag Íslands, sem þá var rekstraraðili á Hveravöllum.

<b>SKILTI</b>	Vegagerðin hefur sett upp skilti um svæðið og aðra áhugaverða áningarstaði á Kili. Á Hveravöllum er vöntun á skiltum að mati landvarða, bæði leiðarvísunum, varnaðarskiltum um að ganga eigi á göngupöllum/slóðum, að vatnið sé heitt og staðháltarskiltum. Einnig vantar fleiri skilti á Kili sem banna utanvegaakstur. Sumarið 2010 voru nokkur skilti máluð og lagfærð, m.a. við Eyvindarhelli, á gönguleið sem vísar á Eyvindahelli og Strýtur og skilti sem vísar á Hveravelli sett upp. Einnig voru sett upp nokkur göngubann skilti á hverasvæðinu.
<b>GÖNGULEIÐIR</b>	Gönguleið á milli Hveravalla og Þjófadala (Sóleyjardals) var stikuð, alls 7,5 km. Einnig var 6 km gönguleið að Strýtum stikuð. Gönguleiðakort vantar á Hveravöllum. Sumarið 2010 afmarkaði landvörður betur gönguleið við Eyvindarhelli með steinum að gönguleið sem liggur upp að Strýtum. Einnig lagfærðu sjálfboðaliðar á vegum Umhverfisstofnunar stíga innan Hveravalla, máluðu stikur á gönguleiðum eða endurnýjuðu. Þeir útmáðu kindagötur upp við Eyvindarhelli þar sem fólk er gjarnt á að ganga.
<b>FRAMKVÆMDIR</b>	Hveravellir eru í umsjá Umhverfisstofnunar og skálarnir í umsjá Hveravallafélagsins sem Húnavatnshreppur rekur. Landvörður vann ýmis verk, m.a. voru tíu nestisborð máluð og komið fyrir á Hveravöllum, pallar við gamla skála málaðir auk handriðs sem komið var upp sumarið 2009. Sjálfboðaliðar unnu ýmis verk á Hveravöllum, t.d. yfirfóru þeir göngupalla á hverasvæðinu, styrktu nestisborð og brúuðu læk með drumbum. Landvörður leggur til að fræðsluhringur verði skipulagður, þar sem fræðsluskilti væru sett upp við hverina, laugina, Eyvindarkofa, gamla gangnamannakofann, Eyvindarhelli og Eyvindarétt. Í deiliskipulagi fyrir Hveravelli er gert ráð fyrir nýrri þjónustumiðstöð og tjaldsvæði sem eiga að rísa skammt frá núverandi innviðum sem eiga þá allir að víkja að Gamla skála undanskildum. Flytja þarf hús á svæðið fyrir landverði.
<b>ÖRYGGI</b>	Endurskoða þarf fjarskiptabúnað landvarða. gsm samband er lélegt, Tetra síma þarf að hlaða daglega og hann er afar óhentugur vegna stærðar.
<b>RANNSÓKNIR</b>	Tengdar jarðhita og fornum mannvistarleifum.
<b>FRÆÐSLUÁÆTLUN</b>	Áætlað var að að setja upp skilti árið 2010 og gera bækling árið 2011. Skiltið fór ekki upp árið 2010 vegna óvissu um rétt útmörk hins friðlýsta svæðis, en áætlað er að setja það upp árið 2011.
<b>ANNAÐ</b>	Svæðið var sett á rauðan lista Umhverfisstofnunar árið 2010 sem eitt þeirra 10 svæða sem stofnunin telur í hættu á að missa verndargildi sitt. Töluvert er um utanvegaakstur á Kili og eru hjólför mest áberandi frá afleggjara Kerlingafjalla að Hveravöllum og eitthvað áleiðis norður. Þann 10. júlí 2010 var landverði tilkynnt um mikinn og ljótan utanvegaakstur við skilti Dúfunefsfells. Ekki voru nein vitni að verknaðinum og reyndi landvörður að raka yfir förin. Skálarnir á Hveravöllum eru farnir að láta á sjá og subbulegt í kringum þá, salernis- og hreinlætisaðstöðu ábótavant, og svæðið í heild sinni illa skipulagt. Mikið er um átroðning bæði fólks og sauðfjár á hverasvæðinu, út fyrir göngupalla. Kindur marka kindagötur út um allt hverasvæðið til að fara í grasið við hverina og ferðamenn fylgja gjarnan á eftir. Brýn þörf talin á að girða af svæðið. Skoða þarf hvaða aðferðum er megi beita til að minnka traðk þ.e. hvort bæta eigi við göngupöllum eða að láta bannskilti duga. Færa þarf skilti Vegagerðarinnar af grasinu en mikið traðk hlýst af núverandi staðsetningu.

### 5.2.2 Kattarauga, Húnavatnshreppi

<b>FRIDLÝST</b>	Auglýsing nr. 522/1975 í Stjórnartíðindum B.
<b>STÆRÐ</b>	0,1 ha.
<b>FRÆÐSLUÁÆTLUN</b>	Áætlað er að setja upp skilti árið 2013.
<b>ANNAÐ</b>	Vantar skilti, kanna þarf ástand og aðstæður á svæðinu.





Spákonufellsböfði

### 5.3 FRIDLÝSTAR LÍFVERUR, BÚSVÆÐI, VISTGERÐIR OG VISTKERFI Á NORÐURLANDI VESTRA

Á Norðurlandi vestra eru engar lífverur friðlýstar umfram þær sem friðlýstar eru á landinu öllu samkvæmt auglýsingu nr. 184/1978, um friðlýsingu nokkurra plöntutegunda. Í landshlutanum eru ekki heldur nein friðlýst búsvæði, vistgerðir eða vistkerfi.

### 5.4 FÓLVANGAR Á NORÐURLANDI VESTRA

#### 5.4.1 Hrítey í Blöndu, Blönduósbae

<b>FRIDLÝST</b>	Auglýsing nr. 521/1975 í Stjórnartíðindum B.
<b>STÆRÐ</b>	11 ha.
<b>LOKUNARÁKVÆÐI</b>	20. apríl - 20. júní takmörkun vegna varps, engin gæludýr leyfð, bannað að kveikja eld.
<b>LANDVARSLA</b>	Engin formleg landvarsla. Sveitarfélagið og Skógræktarfélag A-Hún. fylgjast með svæðinu reglulega.
<b>SKILTI</b>	Skilti á vegum Blönduósþéttbæjar og Skógræktarfélags A-Hún. Upplýsingaskilti um fugla og sögu eyjarinnar. Ráðgert að auka fróðleik um fugla.
<b>STÍGAR</b>	Stígar á vegum Blönduósþéttbæjar og Skógræktarfélags A-Hún. Gott ástand göngustíga, brú þarfnast viðhalds. Góðar gönguleiðir, enda þótt álag sé talsvert og fer vaxandi.
<b>FRÆÐSLA</b>	Skógræktarfélag A-Hún. gaf út bækling um sögu eyjarinnar, gönguleiðir og aðbúnað árið 2003. Grunnskólinn notar eyjuna mikið til skoðunarferða og rannsókna. Fræðsluferðir á vegum Skógræktarfélagsins.
<b>RANNSÓKNIR</b>	Vantar náttúrufræðirannsóknir.
<b>ANNAR</b>	Uppbygging svo sem stígar, brýr, borð, bekkir og merkingar hafa verið á vegum Skógræktarfélags A-Hún. og sveitarfélagsins. Tjaldsvæði nærri með upplýsingar um svæðið. Svæðið friðað fyrir beit og vel gróið. Mest umferð ferðamanna um svæðið frá 20. júní-20. sept. Æskilegt að auka aðgengi fatlaðra. Trjágróður hefur verið grísaður og tekin jólatré.

## 5.4.2 Spákonufellshöfði, Höfðahreppi

<b>FRÍÐLÝST</b>	Auglýsing nr. 444/1980 í Stjórnartíðindum B.
<b>STÆRÐ</b>	30 ha.
<b>SKILTI</b>	Upplýsingaskilti eru við tvær helstu aðkomuleiðir inn á Höfðann. Skiltin eru með korti sem á eru merktar gönguleiðir og örnefni ásamt umgengnisreglum. Átta fræðsluskilti með gönguleiðum, á þeim eru jafnframt upplýsingar um helstu fuglategundir og plöntur.
<b>STÍGAR</b>	Göngustígar eru um allan Höfðann og fólk hvatt til að nýta sér þá. Gönguleiðirnar eru flestar stuttar og henta fyrir alla fjölskylduna.
<b>BÆKLINGUR</b>	Gefinn hefur verið út fallegur bæklingur um Spákonufellshöfða. Í honum er að finna ýmiss konar fróðleik um Skagaströnd og Höfðann, gróðurfar, jarðfræði og fuglalíf. Birt er loftmynd og inn á hana merktar gönguleiðir og örnefni. Bæklingurinn var fyrst gefinn út vorið 2008, en síðan reglulega endurútgefinn og er nú til á íslensku, ensku og þýsku.
<b>FRAMKVÆMDIR</b>	Sveitarfélagið Skagaströnd hefur umsjón með Spákonufellshöfða. Borð og bekki er að finna meðfram gönguleiðum
<b>SAMNINGAR</b>	Samningur er um rannsóknir á Höfðanum í samvinnu við „The Wild North“ (TWN) og Náttúrustofu Norðurlands vestra. TWN er alþjóðlegt samstarfsverkefni sem hefur það markmið að vinna að sjálfbærri þróun náttúrulífsferðamennsku á norðlægum slóðum. Innan verkefnisins eru gerðar þriggja ára rannsóknir á völdum áfangastöðum þar sem dýra- og fuglalíf er í forgangi. Niðurstöður rannsókna verða m.a. notaðar til þess að útbúa svokallað „Wild North code of conduct – WNCC“ fyrir ferðaþjónustuaðila og gesti á áfangastöðum þar sem villt dýr eru skoðuð
<b>VERNDARÁÆTLUN</b>	Markmið Sveitarfélagsins Skagastrandar er að vernda fugla- og plöntulíf í Spákonufellshöfða með því að stýra ferðamönnum um ákveðin svæði og hvetja þá til að fara ekki af göngustígum.
<b>VÖKTUN</b>	Starfsmenn Sveitarfélagsins Skagastrandar fylgjast með Höfðanum. Heimamenn nýta sér hann mikið til útivistar og þeir fylgjast grannt með aðstæðum.
<b>RANNSÓKNIR</b>	Sveitarfélagið Skagaströnd hefur talið nauðsynlegt að rannsaka þau áhrif sem aukinn fjöldi ferðamanna á Spákonufellshöfða kann að hafa á fuglalíf og leita leiða til að lágmarka þau. Sveitarfélagið hefur falið Náttúrustofu Norðurlands vestra að rannsaka fuglalíf í Spákonufellshöfða. Verkefnið felst í því að kortleggja fuglabyggðina, telja fugla sem þar eru og hreiðurstæði þeirra, ásamt því að skoða áhrif ferðamanna á daglegt líf fugla á svæðinu. Verkefnið hófst vorið 2009 og mun standa í þrjú ár. Sveitarfélagið Skagaströnd sér um að telja fólk sem leggur leið sína um Höfðann. Áætlað er að milli 1.500 og 2.000 manns leggi árlega leið sína um svæðið.
<b>ANNAÐ</b>	Á vefsíðu sveitarfélagsins <a href="http://www.skagastrond.is/umhverfi">www.skagastrond.is/umhverfi</a> má fá bæklinginn um Spákonufellshöfða á pdf formi



*Skútustaðagígar*

## *6 Norðurland eystra*

Á Norðurlandi eystra eru 10 landsvæði friðlýst samkvæmt lögum um náttúruvernd. Þetta voru 3 friðlönd, 4 náttúruvætti og 3 fólkvangar. Þar að auki er kúluskítur sem lifir m.a í Mývatni friðlýstur sem tegund. Jökulsárgljúfur og Askja teljast nú til Vatnajökulsþjóðgarðs. Mývatn og Laxá eru friðlýst samkvæmt sérlögum.





Völundur Jónsson

## 6.1 FRIDLÖND Á NORÐURLANDI EYSTRA

### 6.1.1 Friðland í Svarfaðardal, Dalvíkurbyggð

<b>FRIDLÝST</b>	Auglýsing nr. 443/1980 í Stjórnartíðindum B. Fyrst lýst friðland 1972.
<b>STÆRÐ</b>	567 ha.
<b>SKILTI</b>	Aðkomuskilti og fræðsluskilti (almennt og fuglar). Árið 2010 voru sett upp 30 skilti með blómum og plöntum meðfram göngustíg í Hríshöfða.
<b>STÍGAR</b>	Frá Húsabakkaskóla liggja merktar, auðfarnar göngu- og reiðleiðir um hluta friðlandsins en vissara er göngumönnum að vera í vaðstígvélum. Best er að komast inn á stígana við Náttúrufræðisetrið að Húsabakka í Svarfaðardal.
<b>FRAMKVÆMDIR</b>	Sumarið 2010 var fuglaskoðunarhús reist við Hrísatjörn með aðstoð nemenda Dalvíkurskóla (styrkur Ferðamálaráðs). Einnig var göngu- og reiðleið við Tjarnartjörn lagfærð með aðstoð Reiðvegasjóðs.
<b>FRÆÐSLUÁÆTLUN</b>	Árið 2011 er fyrirhugað að ljúka við uppsetningu skilta, annars vegar á göngu- leiðinni í Hríshöfða og hins vegar við Tjarnartjörn. Um er að ræða 70 lítil skilti á hvorri leið með blómum, fuglum, jarðfræði og sögulegum minjum. Einnig er fyrirhugað að setja upp stór upphafsskilti við hvora leið. Auk þess er stefnt að því að gera útskot á þjóðveginum við Hrísatjörn og setja þar upp merkingar og aðstöðu til fuglaskoðunar ekki síst með tilliti til fatlaðra. Áætlað er að setja upp skilti árið 2011.
<b>VÖKTUN</b>	Vöktun á vatnafuglum og skordýrum á vegum Náttúruvísunarsvæðisinnar við Mývatn.
<b>RANNSÓKNIR</b>	Rannsóknir á vatnafuglum og skordýrum á vegum Náttúruvísunarsvæðisinnar við Mývatn.
<b>ANNAÐ</b>	Umhverfisnefnd er virk hvað varðar eftirlit með svæðinu. Nemendur Dalvíkurskóla eru með svæðið „í fóstri“ og sjá um viðhald á merkingum og ruslatínslu. Árið 2011 mun hefjast fjármögnun á sýningunni „Friðland fuglanna“ sem sett verður upp á Húsabakka. Verður hún eins konar gestastofa Friðlands Svarfaðæla. Hún mun fjallar um fugla, votlendi og náttúruvernd á nýstárlegan hátt og á barnvænum nótum.

### 6.1.2 Herðubreiðarlindir, Skútustaðahreppi

<b>FRIÐLÝST</b>	Auglýsing nr. 272/1974 í Stjórnartíðindum B.
<b>STÆRD</b>	16.361 ha.
<b>SAMNINGUR</b>	Samningur um samstarf við Ferðafélag Akureyrar. Samningur er milli Umhverfisstofnunar og Vatnajökulsþjóðgarðar.
<b>LANDVARSLA</b>	Sem fyrr stendur Ferðafélag Akureyrar (FFA) að rekstri og nú í samvinnu við Vatnajökulsþjóðgarðs (VJP), þriðja árið í röð. Árið 2010 störfuðu landverðir á svæðinu frá 18. júní til 24. september sem er umtalsverð lenging á starfstíma miðað við fyrri ár. Landvörsluvikur voru rúmlega 53 sem skiptust á milli sex landvarða. Í maí 2010 var ráðinn til starfa hálendisfulltrúi þjóðgarðsvarðar á norðursvæði Vatnajökulsþjóðgarðs. Hálendisfulltrúi er búsettur í Mývatnssveit og mun sinna málefnum svæðisins auk Herðubreiðarlinda, allt árið um kring.
<b>BÆKLINGUR</b>	Herðubreiðarlindir og Askja, útgefandi Umhverfisstofnun, Öskjuvegur, útgefandi Ferðafélag Akureyrar.
<b>SKILTI</b>	Aðkomuskilti, fræðsluskilti (fuglar og plöntur) og vegvísar. Við innkomuna á svæðið eru skilti með grunnupplýsingum um svæðið og til að láta fólk vita að það sé komið í friðland. Það eru heimagerð skilti við öll vöðin á svæðinu þar sem fólk er bent á hvernig það ætti að fara yfir vöðin. Við bílaplanið við skálana er skilti sem sýnir gönguleiðir. Við Eyvindarkofann er skilti með grunnupplýsingum varðandi Eyvind og vetursetu hans á svæðinu. Á einni gönguleiðinni, í hrauninu, eru á sumrin sett upp lítil fræðsluskilti um jarðfræðifyrirkæri í Ódáðahrauni. Á hálfgerðri eyju milli lækja í Lindunum hefur verið settur upp á hverju ári „blómastígur“ þar sem lítil skilti eru notuð til að benda á blómin á svæðinu og veita grunnupplýsingar varðandi þau.
<b>FRAMKVÆMDIR</b>	Sumarið 2010 fór fram almennt viðhald og málning stika á gönguleiðum. Vegna mikils vatnagangs í Jökulsá á Fjöllum stóð Vegagerðin að gerð varnargarða við Herðubreiðarlindir. Á haustmánuðum voru skoðaðir möguleikar til að hemja Jökulsá í farvegi sínum með því að veita ánni austar, í gamlan farveg. Ráðgert er að fara í framkvæmdir þeim tengdum veturinn 2010-2011. Merkingum við Herðubreið er mjög ábótavant og vantar stórlega fræðsluefni um aðstæður í fjallinu fyrir göngufólk. Hjá VJP er nú unnið að gagngerum úrbótum á merkingum við Herðubreiðarlindir og uppgöngu á Herðubreið.
<b>RANNSÓKNIR</b>	Árið 2010 var jarðfræðirannsóknnum fyrri ára fram haldið meðal annars á skjálftavirkni og jarðskorpuhreyfingum. Vatnajökulsþjóðgarður tekur þátt í rannsókn þar sem langtímaáhrif loftslagsbreytinga á plöntur og gróður á Íslandi eru athuguð (skipulögð af Líffræðistofnun Háskóla Íslands og unnið í samvinnu við Samtök sveitarfélaga og Landgræðslu ríkisins). Í tengslum við rannsóknina fylgdust landverðir með blómgunarstigi lambagrass og músareyra tvisvar í viku í Herðubreiðarlindum.
<b>ANNAD</b>	Sumarið 2010 var mikið vatnsmagn í Jökulsá á Fjöllum sem rekja má til hlýs veðurfars og ösku úr gosi í Eyjafjallajökli sem féll á norðvestanverðan Vatnajökul. Áin flæddi á tímabili í miklum straumi yfir melana norðaustur af Herðubreiðarlindum og skildi þar eftir sig 20-50 cm þykkt aurlag. Vegna vatnagangs lentu 18 bílar í vandræðum á vaði á Lindaá og svo fór að loka varð vegi F88 norðan Herðubreiðarlinda. Lokunin stóð alls í 14 daga yfir sumarið, 3 daga í júlí (vegna vaðs á Lindaá) en 11 daga í ágúst (vegna nýs farvegar sem Jökulsá ruddi sér á melunum um 4 km suður af Lindaá). Alltaf var þó opin leið á svæðið að sunnanverðu, um brú við Upptyppinga.

### 6.1.3 Vestmannsvatn, Aðaldelahreppur og Þingeyjarsveit

<b>FRIDLÝST</b>	Auglýsing nr. 30/1977 í Stjórnartíðindum B.
<b>LOKUNARÁKVÆÐI</b>	Takmarkanir á laxveiðitíma, má ekki veiða alla daga vikunnar, einnig ákvæði varðandi möskvastærð. Stangveiði leyfð frá júní til september.
<b>STÆRÐ</b>	563 ha.
<b>RANNSÓKNIR</b>	Rannsóknir á vegum Veiðimálastofnunar og RAMÝ, í Reykjadalssá og Eyvindarlæk. Um 1980 fóru fram rannsóknir á Vestmannsvatni. Lax hefur átt undir högg að sækja í Reykjadalssá, urriði hefur verið að sækja á. Netaveiði í Vestmannsvatn, urriði og bleikja, og smá laxveiði, óöruggari tölur frá vatninu. Fylgjast þarf með efnamengun í Reykjadalssá, frá iðnaði og landbúnaði, vöktun og/eða rannsóknir æskilegar.
<b>FRÆÐSLUÁÆTLUN</b>	Áætlað er að setja upp skilti árið 2012.
<b>ANNAÐ</b>	Skipulagðar minkaveiðar í gildrum á veturna. Mikið fuglalíf og góð silungsveiði á seinni árum. Álag á hestaslóð, sem er þó vel troðin, talsverður rykmökkur, talsvert álag á svæðið vegna hestamanna, sem fara meðfram vatni. Einnig fara mótörhjólamenn um reiðslóðina. Slatti af forhlöðum við vatnið sunnanvert, sem bendir til nokkurrar skotveiði innan verndarsvæðisins sem er bönnuð. Skoða þarf beitarálag í skóginum og meta hvort það þurfi að takmarka hana til að skógurinn geti endurnýjað sig. Umsjón með framkvæmd friðlýsingarinnar hefur náttúruverndarnefnd S-Þingeyjarsýslu sem getur sett nánari reglur og veitt undanþágur frá ákvæðum 2. - 5. gr. friðlýsingarinnar, ef brýn ástæða þykir til, að höfðu samráði við Umhverfisstofnun.
<b>ÁGENGAR PLÖNTUR</b>	Mikið er um skógarkerfil við Lauga í Reykjadal. Svo virðist vera sem hann sé að fíkra sig niður eftir ánni. Gert er ráð fyrir að skoða þessi mál betur sumarið 2011.

## 6.2 NÁTTÚRUVÆTTI Á NORÐURLANDI EYSTRA

### 6.2.1 Hverastrýtur, á botni Eyjafjarðar

<b>FRIDLÝST</b>	Auglýsing nr. 249/2001 í Stjórnartíðindum B. Frekari auglýsing um Hverastrýtur, norður af Arnarnesnöfum auglýsing nr. 510/2007.
<b>STÆRÐ</b>	12 ha. Hverastrýturnar eru á u. þ. b. 65 m dýpi og nær önnur upp á u. þ. b. 33 m og hin upp á u. þ. b. 15 m dýpi.
<b>LOKUNARÁKVÆÐI</b>	Köfun við strýturnar ber að tilkynna hafnaryfirvöldum á Akureyri áður en kafað er.
<b>SKILT</b>	Búið er að koma upp 2 aðkomuskiltum með fræðsluefni. Annað þeirra er við afleggjarann að Grenivík og hitt á Hjalteyri. Koma þarf upp fræðsluskiltum við helstu aðkomuleiðir kafara að strýtunum.
<b>FRAMKVÆMDIR</b>	Nauðsynlegt er að gera ráð fyrir eftirlits og hreinsunarferð á hverju ári. Strýturnar voru hreinsaðar í sumar áður en franskir sjónvarpsupptökumenn komu til að mynda fyrirbærið. Mikið var tekið af netdruslum og ýmsu öðru rusli.
<b>VERNDARÁÆTLUN</b>	Útgefin 2004. Ráðgjafarnefnd um svæðið þarf að koma saman og endurskoða verndaráætlanir.
<b>ANNAÐ</b>	Búið er að koma fyrir bóli við strýturnar og liggur strengur (40 mm) á milli flotbauju og tveggja tonna járnklumps sem komið hefur verið fyrir á botninum við rætur hæstu strýttunnar. Með tilkomu þessa mannvirkis þarf ekki lengur að varpa akkeri á eða við strýturnar. Einnig virkar bólið sem öryggi fyrir kafara við köfun á strýturnar.

Strýturnar eru afar viðkvæmar og hafa þegar orðið nokkrar skemmdir á þeim sem má rekja til þess að bátar sem komu með kafara til að kafa á strýturnar vörpuðu akkeri á þær. Eftir að ból var sett við strýturnar hefur umgengni lagast og eru þær byrjaðar að jafna sig þó sjá má stóran mun á þeim í dag og þegar kafað var fyrst á þær.



### 6.2.2 Hverastrytur í botni Eyjafjarðar, norður á Arnarnesnöfum (Arnarnesstrytur).

<b>FRIDLYST</b>	Auglýsing nr. 510/2007 í Stjórnartíðindum B.
<b>STÆRÐ</b>	101 ha. Samkvæmt botnkorti gert með fylgeislamæli sjást ca. 10 stærri strýtur á friðaða svæðinu. Strýturnar ná grynnt á 15 metra dýpi og dýpst niður á 45 metra dýpi. Við köfun hefur komið í ljós fjöldi lítilla strýta sem ekki sjást á botnkorti eða dýptamæli og eru einnig innan friðaða svæðisins.
<b>LOKUNARÁKVÆÐI</b>	Allar veiðar eru bannaðar innan marka náttúruvættisins.
<b>FRAMKVÆMDIR</b>	Nauðsynlegt er að gera ráð fyrir eftirlits og hreinsunarferð á hverju ári. Strýturnar voru hreinsaðar í sumar áður en franskir sjónvarpsupptökumenn komu til að mynda fyrirbærið. Mikið var tekið af netdruslum og ýmsu öðru rusli
<b>ANNAD</b>	Sett hefur verið út ból við grynntu strýtuna fyrir kafara. Hugsunin með því bóli var að reyna að beina köfurum þangað og með þeim hætti friða aðrar strýtur á svæðinu og hefur það reynst vel. Aðeins litill hluti friðaða svæðisins hefur verið rannsakaður, en það sem hefur komið í ljós er mikil fjölbreytni dýra og plöntulífs á harða botninum á og við strýturnar.

### 6.2.3 Skútustaðagígar, Skútustaðahreppi

<b>FRIDLYST</b>	Auglýsing nr. 399/1973 í Stjórnartíðindum B.
<b>STÆRÐ</b>	28 ha.
<b>LANDVARSLA</b>	Landvarsla fellur undir Mývatnssvæðið.
<b>BÆKLINGUR</b>	Bæklingur um Mývatn og Laxá.
<b>SKILTI</b>	Skilti voru endurnýjuð 2004. Fræðsluskilti (almennt, gönguleiðir og myndun gíganna). Aðkomuskilti að gönguleiðinni austan Stakhólstjarnar vantar sem og göngukort þar sem leiðin um gíganna annars vegar og Stakhólstjörn hins vegar skiptast.
<b>STÍGAR</b>	Þokkalegir göngustígar um suðvesturhluta svæðisins. Göngubrú var endurnýjuð sumarið 2008.
<b>FRAMKVÆMDIR</b>	Sumarið 2010 var öllum þrílum svæðisins skipt út fyrir hlið, ýmist venjuleg eða „kissing gate“ sem ekki er hægt að skilja eftir opin. Einnig voru settar mottur milli Rófugerðishólana yfir tún þar sem ekki er hægt að nota venjulegan ofaníburið í stíginn. Við þessar framkvæmdir hefur aðgengi að gígumum stórbatnað. Laga þarf göngustíginn á syðri Kleyfarhólnum þar sem tilhneiging hefur verið að ganga utan göngustígsins.
<b>ALÞJÓÐASAMNINGAR</b>	Skútustaðagígar eru innan Ramsar-svæðisins.



Dettifoss

#### 6.2.4 Dettifoss, Selfoss og Hafragilsfoss

- FRIÐLÝST** Auglýsing nr. 518/1975 í Stjórnartíðindum B.
- STÆRÐ** 5 ha.
- SAMNINGUR** Umsjónarsamningur milli Umhverfisstofnunar og Vatnajökulspjóðgarðs.
- LANDVARSLA** Sumarið 2010 sá Vatnajökulspjóðgarður í Jökulsárgljúfrum um eftirlit á svæðinu eins og sumrin 2009 og 2008. Farið var í daglegar eftirlitsferðir á svæðið á háannatíma (júní til ágúst) en í september var farið annan/þriðja hvern dag.
- SKILTI** Við Dettifoss eru tvö upplýsingaskilti á bílastæði og á útsýnisstað.
- STÍGAR** Stígur er frá bílastæði að Dettifossi. Stígur er frá Dettifossi að Selfossi. Stígur liggur frá bílastæði norður að Hafragilsfossi.
- FRAMKVÆMDIR** Sumarið 2010 var unnið mikið í stiginum að Selfossi. Í september 2010 var opnað fyrir umferð á nýjan veg, upphækkaðan og malbikaðan, hinu vegin á (austan megin). Tilkoma þessa vegar mun að öllum líkindum draga úr notkun og þar af leiðandi viðhaldi á vegi 864. Þörf er á að uppfæra skiltin og setja inn fleiri upplýsingar. Æskilegt er að setja upp upplýsinga og móttökuskilti við bílastæðið. Auk þess er æskilegt að bæta við vegvísunum til að merkja upphaf gönguleiða betur.
- ANNAÐ** Vatnssalerni er við Dettifoss sem gengur fyrir dísilknúinni tölvustýrðri rafstöð. Sumarið 2010 var ný siturlögn lögð frá rotpró frá salerni við Dettifoss vegna þess að gamla siturlögnin var stífluð.
- Náttúruvættið Dettifoss, Selfoss og Hafragilsfoss er með þekktari og vinsælli ferðamannastöðum á Íslandi. Mikil umferð ferðamanna um svæðið krefst þess að metnaður og fjármagn sé til staðar til að sinna viðhaldi og úrbótum. Æskilegt er að bæta aðkomuleiðir, laga stíga og gera þarf betur í skiltamálum. Seinnihluta sumars 2010 var settur upp bílateljari á afleggjarann niður að bílastæði við Dettifoss.

## 6.3 FRIDLÝSTAR LÍFVERUR, BÚSVÆÐI, VISTGERÐIR OG VISTKERFI Á NORÐURLANDI EYSTRÁ

### 6.3.1 Kúluskitur, vaxtarforms grænþörungsins vatnaskúfs (*Aegagropila linnaei*).

<b>FRIDLÝST</b>	Auglýsing nr. Nr. 523/2006 í Stjórnartíðindum B.
<b>ANNAÐ</b>	Vatnaskúfur lifir í fersku vatni og finnst í nokkrum vötnum hér á landi, m. a. Mývatni, Þingvallavatni, Kringluvatni í Suður-Þingeyjarsýslu og Snjóölduvötnum á Héraði. Minni þörungakúfur hafa fundist í nokkrum öðrum vötnum hér á landi. Kúluskiturinn vex á þremur svæðum á botni Mývatns og er hvert um sig 0,5-2 hektarar að stærð. Hefur flatarmál stærsta flekksins minnkað mikið hin síðari ár af ókunnum orsökum.

## 6.4 FÓLKVANGAR Á NORÐURLANDI EYSTRÁ

### 6.4.1 Böggvistaðafjall, Dalvíkurbyggð

<b>FRIDLÝST</b>	Auglýsing nr. 432/1994 í Stjórnartíðindum B.
<b>STÆRÐ</b>	260 ha.
<b>SKILTI</b>	Ekkert skilti
<b>STÍGAR</b>	Vegslóðar liggja inn á svæðið á tveimur stöðum. Ekki liggja formlegir stígar um svæðið.

### 6.4.2 Krossanesborgir, Akureyri. Eyjafjarðarsveit.

<b>FRIDLÝST</b>	Auglýsing nr. 160/2005 í Stjórnartíðindum B.
<b>STÆRÐ</b>	115 ha.
<b>LOKUNARÁKVÆÐI</b>	Lausaganga hunda og umferð hesta er óheimil innan fólkvangsins. Þá er umferð vélknúinna farartækja óheimil innan fólkvangsins, nema vegna verkefna á vegum sveitarfélagsins. Losun jarðefna, rusls og sorps er óheimil í fólkvanginum.
<b>SAMNINGUR</b>	Umhverfisnefnd Akureyrar hefur umsjón og eftirlit með fólkvanginum í umboði Umhverfisstofnunar og bæjarstjórnar Akureyrar.
<b>STÍGAR</b>	Vegslóði liggur nú inn á svæðið að vestanverðu frá Hörgárbraut en vinna við framtíðarþrengingastæði við Óðinsnes gengt Baldursnesi er nánast tilbúin en eftir er að gera nýja stíga frá þeim stað sem munu tengjast við þá sem fyrir eru.

### 6.4.3 Hraun í Öxnadal.

<b>FRIDLÝST</b>	Auglýsing nr. 534/2007 í Stjórnartíðindum B.
<b>STÆRÐ</b>	115 ha.
<b>LOKUNARÁKVÆÐI</b>	Öll meðferð skotvopna er bönnuð í fólkvanginum, en umsjónarnefnd fólkvangsins getur veitt heimild til að veiða refi og minka.
<b>SAMNINGUR</b>	Umsjón og rekstur fólkvangsins skal vera í höndum 3 manna umsjónarnefndar sem skipuð er einum fulltrúa Hörgárbyggðar, einum fulltrúa Hrauns í Öxnadal og einum fulltrúa Umhverfisstofnunar, samkvæmt samningi við Umhverfisstofnun.
<b>STÍGAR</b>	Engir merktir stígar hafa verið gerðir á svæðinu en gefinn var út gönguleiðabæklingur og kort um svæðið 2007. Í honum er lýst 14 mismunandi gönguleiðum um fólkvanginn. Sum staðar eru fjárgötur sem vísa leiðir.



- ANNAÐ** Núverandi Umsjónarnefnd: Bergþóra Kristjánsdóttir (UST), Bjarni E. Guðleifsson (Hraun í Öxnadal), Guðmundur Sigvaldason (Hörgárbyggð).
- SKILTI** Engin upplýsingaskilti hafa verið sett upp á svæðinu, en gönguleiðum er lýst í áður nefndum gönguleiðabæklingi. Hugmynd er að setja upplýsingaskilti við upphaf (og lok) hvernar gönguleiðar.
- FRAMKVÆMDIR** Framkvæmdir hafa hingað til verið umhverfis bæjarhúsin og er það svæði utan við fólkvanginn. Hins vegar liggur fyrir að fjarlægja þurfi gamlar girðinga-leifar innan svæðisins. Einnig þarf að endurbæta girðingu sem aðgreinir land bæjarhúsanna og fólkvangsins.



*Mývatn*

## 6.5 ÖNNUR SVÆÐI Á NORÐURLANDI EYSTRA

### 6.5.1 Mývatn og Laxá, Skútustaðahreppi, Þingeyjarsveit og Norðurþingi

- FRIDLÝST** Upphaflega með lögum um verndun Mývatns og Laxar í Suður-Þingeyjarsýslu nr. 36/1974. Núna með lögum um verndun Mývatns og Laxar í Suður-Þingeyjarsýslu nr. 97/2004. Reglugerð um framkvæmd laga nr. 36/1974 um verndun Mývatns og Laxar í Suður-Þingeyjarsýslu nr. 136/1978.
- STÆRÐ** 440.000 ha.
- STARFSMENN** Á svæðinu starfar sérfræðingur á vegum Umhverfisstofnunar síðan 2006. Sumarið 2010 voru landvarðavikur 24 talsins miðað við 35 árið 2009. Tveir starfsmenn voru ráðnir á svæðið í gegnum átaksverkefni ríkisstjórnarinnar. Sjálfboðaliðar Umhverfisstofnunar störfuðu í samtals 43 vinnuvikur á svæðinu samanber 26 vinnuvikur árið áður.
- SKILTI** Skilti hafa að einhverju leiti verið endurnýjuð innan og utan verndarsvæðis. Einnig hefur verið komið upp fjölmörgum vegvísum. Aðkomuskilti eru tilbúin til framleiðslu en ekki hefur náðst samkomulag um uppsetningu þeirra.
- STÍGAR** Reglulega er farið eftir göngustígum til að sjá til þess að þeir séu í lagi. Grjót fjarlægt og þeim viðhaldið.
- BÆKLINGUR** Mývatn og Laxá á íslensku og ensku. Bæklingur um Mývatns og Laxá þarfnast

endurskoðunar. Var einnig til á frönsku og þýsku.

<b>FRAMKVÆMDIR</b>	Átak var gert í aðgengi að Skútustaðagígum, sett var upp svokallað „kissing gate“ en það eru hlið sem ekki er hægt að skilja eftir opin. Bílastæði við Vindbelg voru afmörkuð og merkt betur. Umhverfisstofnun og Skútustaðahreppur unnu saman við lagfæringu stíga í landi Kálfastrandar með styrkveitingu frá Ferðamálastofu. Stígar voru bættir á svæðinu og þeir afmarkaðir, stíkur endurnýjaðar og staurum skipt út nýja. Þriðja árið í röð var unnið að átaksverkefni vegna skógarkerfils á verndarsvæðinu. Svo virðist sem kerfillinn sé nú að hopa. Einnig var unnið að eyðingu lúpínu við Sandvatn ytra eins og árið á undan.
<b>VÖKTUN</b>	Engin á vegum Umhverfisstofnunar. Vöktun er á vegum RAMÝ Náttúruvísindisstofnunar við Mývatn stendur fyrir reglulegri vöktun flest allra stofna vatnafugla og fiska (frá 1975). Stöðin stendur einnig fyrir vöktun á átuskilyrðum vatnsins (mý frá 1977, krabbadýr frá 1989). Eins er fylgst með plöntu- og dýrasvífi. Fylgst er með efnasamsetningu lindarvatns og vatnshita í Mývatni og Laxá. Vatnamælingar Orkustofnunar (nú Veðurstofa Íslands) skrá vatnshæð og vatnsrennsli. Nokkrar sjálfvirkar veðurstöðvar eru á svæðinu en Veðurstofa Íslands rekur veðurathuganir í Reykjahlíð, Syðri Neslöndum (lofthiti, vindur, sólgeislun) og Haganesi (sólskin). Síðan ágúst 2006 hefur fjöldi ferðamanna verið talinn inn í gestastofu Umhverfisstofnunar í Reykjahlíð.
<b>RANNSÓKNIR</b>	Engar á vegum Umhverfisstofnunar. Rannsóknir við Mývatn og Laxá eru eftirfarandi samkvæmt Árna Einarssyni: (1) Áhrif rykmýs á gróður og vistkerfi við stöðuvötn í Pingeyjarsýslum. Fjögurra ára verkefni á vegum Wisconsinháskóla í Bandaríkjunum. Um 11 Bandaríkjamenn vinna á svæðinu (2 ár eru búin). (2) Fornlíffræði Mývatns. Verið að skoða setlög og þá sérstaklega leifar af mýflugum, krabbadýrum og þörungum og stöðugar samsætur í borkjörnum. Þetta er doktorsverkefni Ulf Hauptfleisch undir leiðsögn Árna. (3) Forngarðar. Verið að kortleggja og aldursgreina garðlög síðan á þjóðveldisöld sem liggja víða um Pingeyjarsýslur. Verkefni unnið af RAMÝ í samvinnu við Fornleifastofnun Íslands. (4) Fornleifauppgröftur á ruslahaug gamla bæjarins á Skútustöðum. Unnið af allstórum hópi fornleifa- og fornvistfræðinga frá NABO (North Atlantic Biocultural Organisation). (5) Gróður á gervígum. Diplomverkefni Oliver Bechberger frá Freiburg í Þýskalandi. Verkefninu lauk 2009. (6) Laxagöngur í Laxá. Notuð eru senditæki sem eru sett á laxana til að fylgjast með hrygningargöngu laxins. Kristinn Ó. Kristinsson sér um þá rannsókn og er það meistaraþrófsverkefni hans frá HÍ í samvinnu við Veiðimálastofnun, RAMÝ og NNA. (7) Mikilvægi vistfræðilegra þátta fyrir þróun líffræðilegs fjölbreytileika hornsíla í Mývatni annars vegar og tjörnum í Belgjarskógi hins vegar. Samstarfsaðilar verkefnis EAWAG, Sviss, Katja Räsänen, Veiðimálastofnun, Hólaskóli, Jón S. Ólafsson, RAMÝ. (8) Verkefni um atferli gjáarlontu. Hólaskóli.
<b>ALÞJÓÐASAMNINGAR</b>	Mývatn og Laxásvæðið er Ramsar-svæði, 20.000 ha.
<b>FRÆÐSLUÁÆTLUN</b>	Áætlað er að setja upp skilti árin 2011 og 2012.
<b>ANNAÐ</b>	Gestastofan er í gangi aftur nú frá 2006. Þarfnast uppfærslu. Svæðið er á appelsínugula lista Umhverfisstofnunar yfir þau svæði sem þarf að fylgjast sérstaklega með að tapi ekki verndargildi sínu. Gera þyrfti reglugerðir um verndarsvæði og vatnsverndarsvæði sem skilgreint er í lögum nr. 97/2004. Vinna þarf að endurverndun svæða samkvæmt sömu lögum. Verndaráætlun svæðisins er langt komin.





# 7 Austurland

Á Austurlandi eru 14 landsvæði friðlýst samkvæmt lögum nr. 44/1999, um náttúruvernd. Þar af eru 7 friðlönd, 4 náttúruvætti og 4 fólkvangar.

## 7.1 FRIÐLÖND Á AUSTURLANDI

### 7.1.1 Hólmanes, Fjarðabyggð

<b>FRIÐLÝST</b>	Auglýsing nr. 393/1973 í Stjórnartíðindum B. Fólkvangur og friðland.
<b>STÆRD</b>	200 ha.
<b>SKILTI</b>	Náttúrustofa Austurlands (NA) hefur séð um skiltagerð, fræðsluskilti, sem sett hafa verið upp í friðlandinu. Fræðsluskilti eru endurnýjuð ár hvert af NA ef þörf er á.
<b>STÍGAR</b>	NA hefur haldið við göngustígum. Fræðlustígur lagður um svæðið á kostnað Fjarðabyggðar og til stendur að merkja frekari gönguleiðir, til þess fékkst styrkur frá Ferðamálaráði.
<b>BÆKLINGUR</b>	NA sá um gagnasöfnun og útgáfu bæklings um friðlandið sem Fjarðabyggð kostaði.
<b>FRAMKVÆMDIR</b>	Endurnýja þyrfti gömlu skilti Náttúruverndarráðs. Vegna nýja vegarins sést það ekki frá veginum. Leggja þarf göngustíga á Hólmanes.
<b>VÖKTUN</b>	Engin á vegum Umhverfisstofnunar. NA hefur rannsóknareiti vegna umhverfisvöktunar í tengslum við álverið á Reyðarfirði.
<b>RANNSÓKNIR</b>	Engar rannsóknir á vegum Umhverfisstofnunar. NA gerði úttekt á náttúrufari í friðlandinu og næsta nágrenni sem að hluta til var kostað af Vegagerðinni vegna breytingar á veglínu.
<b>VÁLISTATEGUNDIR</b>	Hrafn (VU) verpir á svæðinu.
<b>FRÆDSLÚÁÆTLUN</b>	Áætlað er að setja upp skilti fyrir árið 2014
<b>ANNAÐ</b>	Breyting á vegi hefur valdið auknu aðgengi. Hægt að komast niður í nes sem eykur álag á svæðinu. Vottur af lúpínu Eskifjarðarmegin. Lítil áningastaður er á plani, þar verða væntanlega upplýsingar um svæðið. Gamla veginum er haldið við sem reiðgötu og hjólastíg.

### 7.1.2 Salthöfði og Salthöfðamýrar, Sveitarfélaginu Hornafirði

<b>FRIÐLÝST</b>	Auglýsing nr. 249/1977 í Stjórnartíðindum B.
<b>STÆRD</b>	231 ha.
<b>FRAMKVÆMDIR</b>	Nauðsynlegt er að merkja svæðið og koma upp fræðsluskiltum.
<b>FRÆDSLÚÁÆTLUN</b>	Áætlað er skilti fyrir árið 2013.
<b>ANNAÐ</b>	Lítið er um ferðamenn á svæðinu enda er nánast engin kynning eða fræðsla um það. Það má benda á að rétt norðan við Salthöfða (Hnappavallahamrar) er að byggjast upp mikið klifur æfingarsvæði og e.t.v. möguleikar á að gera svæðinu hærra undir höfði m.t.t. ferðamanna og almennrar kynningar.

### 7.1.3 Skríður, Fjarðabyggð

<b>FRIDLÝST</b>	Auglýsing nr. 513/1995 í Stjórnartíðindum B.
<b>STÆRÐ</b>	20 ha.
<b>LOKUNARÁKVÆÐI</b>	Óheimilt er að fara í eyna án leyfis ábúanda.
<b>ALPJÓÐASAMNINGAR</b>	Stormsvala hefur verið alfriðuð hér á landi frá 1954. Samkvæmt Bernarsamningnum ber að friða stormsvölu í Evrópu og vernda búsvæði hennar sérstaklega.
<b>FRÆÐSLUÁÆTLUN</b>	Áætlað er skilti fyrir árið 2013.
<b>VÁLISTATEGUNDIR</b>	Stormsvala (VU).

### 7.1.4 Hvannalindir í Krepputungu, Fljótsdalshéraði

<b>FRIDLÝST</b>	Auglýsing nr. 32/1973 í Stjórnartíðindum B.
<b>STÆRÐ</b>	4.300 ha.
<b>SAMNINGUR</b>	Samningur um umsjón við Vatnajökulsþjóðgarð.
<b>LANDVARSLA</b>	Landvarsla var í Hvannalindum og Krepputungu sumarið 2010 frá 25. júní til 3. september. Landvörður sinnti einnig eftirliti í Krepputungu.
<b>SKILTI</b>	Fyrir mörgum árum var sett upp skilti við innkomu í friðlandið. Huga þarf að betri merkingum.
<b>STÍGAR</b>	Merkt gönguleið frá bílastæði niður að Eyvindarrústum. Þetta er um 1 km.
<b>BÆKLINGAR</b>	Engin fræðslugögn eru til um svæðið nema bæklingur sem gefinn var út af Náttúruvernd ríkisins fyrir mörgum árum. Það upplag er að klárast. Bæta þarf fræðslumál almennt séð en þó einkum um fugla og plöntur í Hvannalindum. Æskilegt væri að útbúa nýjan bækling sem landverðir geta afhent ferðamönnum.
<b>FRAMKVÆMDIR</b>	Sumarið 2010 var ástand vegarins við Krupputungu slæmur og mikið um utanvegaakstur einkum meðfram veginum. Landvörður reyndi að raka slóðir og hlaða grjóti meðfram veginum til að fyrirbyggja slíkt sem reyndist vera góð forvörn. Gott væri að fá sjálfboðaliða á vegum Umhverfisstofnunar í þetta starf. Hefla þyrfti veginn.
<b>HREINLÆTISMÁL</b>	Ástand kamra á svæðinu er ekki viðunandi. Kamarinn á bílastæði við gönguleið að Eyvindarrústum er að hruni kominn og þarf að fjarlægja. Kamar við Lindarsel þarf að endurnýja og gera boðlegri gestum sem og starfsmönnum þjóðgarðsins.
<b>ÖRYGGI</b>	Bætt símasamband er á svæðinu fyrir utan Hveragil en þar er lítið sem ekkert símasamband. Einnig má benda á Hálandsgæsluna sem gefur ferðamönnum sem dvelja á svæðinu mikið öryggi. Vakta þyrfti vatnavexti í ám einkum Jökulsá og Kreppu til að læra á hegðunarmynstur.
<b>VÖKTUN</b>	Koma þyrfti á formlegri vöktun í samstarfi við vísindamenn sem landvörður gæti séð um, s.s. á framvindu gróðurs, talning á gæsaheiðrum og að fylgjast með klaki eggja, fylgjast með umferð minks og skrá veðurfar.
<b>ANNAÐ</b>	Straumur ferðamanna hefur verið að aukast um Hvannalindir ár frá ári. Íslendingar virðast hafa meiri áhuga á sögu staðarins, útlendingar á náttúrufari. Utanvegaakstur er viðvarandi vandamál og sjást á sumum stöðum viðvarandi för svo árum skiptir. Hlaða þarf meðfram og loka fyrir marga slóða þar sem hugsanleg hætta er á akstri utan vegar. Þetta verður ekki gert nema með átaki sem einn landvörður hefur ekki bolmagn í.

### 7.1.5 Ingólfshöfði, Sveitarfélaginu Hornafirði

<b>FRIDLÝST</b>	Auglýsing nr. 388/1978 í Stjórnartíðindum B.
<b>STÆRD</b>	120 ha.
<b>SKILTI</b>	Ekkert skilti er við eða í Ingólfshöfða. Á bílastæði við Hofsnæs var sett upp skilti í sumar við upphaf leiðar útí höfðann. Á því skilti eru fyrst og fremst sögulegar upplýsingar. Brýnt er að setja upp aðkomuskilti þar sem að fólk á einkabílum kemur að friðlandinu. Að sögn ferðaþjónustuaðilans í Hofsnesi þá er nokkuð um að fólk keyri inn í friðlandið og upp að vita án þess að það viti að það sé inni á friðlandi.
<b>STÍGAR</b>	Engin stígagerð hefur verið framkvæmd. Að sögn ferðaþjónustuaðila þá komu troðningar í landið eftir hestaferðir sem farnar voru en nú er búið að afstýra þeim. Einhverjir kindastígar eru í höfðanum sem fólk gengur eftir.
<b>BÆKLINGUR</b>	Umhverfisstofnun fékk ferðaþjónustuaðila í Hofsnesi fræðslubækling um Ingólfshöfða sem stofnunin hefur látið útbúa og hefur hann dreift honum til ferðamanna við mjög góðar undirtektir. Bæklingurinn kláraðist hins vegar og var ekkert upplag sent út seinasta sumar. Ferðaþjónustuaðili hefur mikinn áhuga á að fá meira upplag af bæklingnum og þá helst á ensku, en að hans sögn þá mældist þetta mjög vel fyrir hjá þeim sem heimsóttu höfðann. Ferðaþjónustuaðili bauðst einnig til að taka þátt í efniskostnaði til að fá bæklinginn aftur.
<b>FRAMKVÆMDIR</b>	Landeigendur Hofsnæs hafa sýnt áhuga á aðstöðusköpun á nærsvæðinu í tengslum við ferðaþjónustu. Því væri gott að Umhverfisstofnun vinni að uppbyggingu í samvinnu við Skipulagsyfirköld og landeigendur. Ferðaþjónustuaðilar eru með í bígirð að koma upp þurrsalerni við upphaf leiðar út í höfðann, eins og er þá er einn kamar á bílastæðinu.
<b>ALPJÓÐASAMNINGAR</b>	Stormsvala hefur verið alfriðuð hér á landi frá 1954. Samkvæmt Bernarsamningnum ber að friða stormsvölu í Evrópu og vernda búsvæði hennar sérstaklega. Strandtittlingur er friðaður, en eini þekkti varpstaður hans er Ingólfshöfði. Samkvæmt Bernarsamningi þarfnast strandtittlingur friðunar í Evrópu.
<b>VÁLISTATEGUNDIR</b>	Stuttnefju (VU), hefur fækkað, meira en 20% fækkun á 10 árum. Stormsvala (VU), fáir varpstaðir. Sjósvala (VU), fáir varpstaðir. Strandtittlingur (CR), lítill stofn.
<b>FRÆÐSLUÁÆTLUN</b>	Áætlað er skilti fyrir árið 2014 og endurskoðun á bækling fyrir árið 2010.
<b>ANNÆÐ</b>	Viti er í eygni sem og neyðarskýli. Einnig er þar radióviti á vegum ISAVIA. Ferðaþjónustuaðili telur að í sumar þá hafi rúmlega 5000 manns farið á hans vegum út í Ingólfshöfða sem er smávægileg aukning frá seinustu árum. Ferðaþjónustuaðili saknar reglubundinnar vöktunar á fuglalífi í Ingólfshöfða. Sumarið 2008 voru gerðar rannsóknir á lunda af Lundarannsóknafélagi Vestmannaeyja en þeim rannsóknum var lítið fylgt eftir sumarið 2010. Svæðið er á appelsínugula lista Umhverfisstofnunar yfir þau svæði sem þarf að fylgjast sérstaklega með að tapi ekki verndargildi sínu.

### 7.1.6 Kringilsárrani, Fljótsdalshéraði

<b>FRIDLÝST</b>	Auglýsing nr. 181/2003 í Stjórnartíðindum B. Var fyrst lýst friðland 1975.
<b>STÆRD</b>	6.372 ha.
<b>SAMNINGUR</b>	Umhverfisstofnun og Vatnajökulspjóðgarður eru með samning um reksturinn.
<b>LANDVARSLA</b>	Hvorki þjóðgarðsvörður né landverðir fóru inn í Kringilsárrana árið 2010. Þjóðgarðsvörður og aðstoðarmaður hans stefna á skoðunarferð með NA sumarið 2011.
<b>VÖKTUN</b>	Náttúrufræðistofnun Íslands og NA fylgjast með hreindýrum og heiðargæs-

um. NA er með gróðurreiti í Kringilsárrana sem eru hluti af langtíma vöktunarverkefni þar sem fylgst er með hugsanlegum breytingum á gróðurfari vegna Hálslóns.

**ANNAD** Svæðið er á appelsínugula lista Umhverfisstofnunar yfir þau svæði sem þarf að fylgjast sérstaklega með að tapi ekki verndargildi sínu.

Breytingar hafa orðið á mörkum friðlandsins vegna framkvæmda. Erfiðara er nú en áður fyrir ferðafólk að komast í Ranann þar sem kláfurinn á Kringilsá er horfinn undir Hálslón. Aðgengi að Rananum á bát er auðveldara en áður, þó svo að ekki hafi borið mikið á slíkri umferð í ár.

### 7.1.7 Lónsöræfi, Sveitarfélaginu Hornafirði

<b>FRIDLÝST</b>	Auglýsing nr. 31/1977 í Stjórnartíðindum B. Tilheyrir nú Vatnajökulspjóðgarði.
<b>STÆRÐ</b>	34.528 ha.
<b>SAMNINGUR</b>	Umhverfisstofnun og Vatnajökulspjóðgarður eru með samning um reksturinn.
<b>LANDVARSLA</b>	Sumarið 2010 var landvörður í friðlandinu, með aðstöðu í Múlaskála, frá 26. júní til 22. júlí og frá 28. júlí til 12. ágúst. Landeigendur á Stafafelli og Brekku hafa umsjón með svæðinu, í samvinnu við Vatnajökulspjóðgarð. Ekkert sjálfbodaliðastarf á vegum Umhverfisstofnunar var unnið árið 2010.
<b>SKILTI</b>	Tvö fræðsluskilti eru í Lónsöræfum, annað fyrir utan friðlandið við Kollumúlaveg og hitt við bílastæðið á Illakambi. Landeigendur á Stafafelli og Brekku eru óánægðir með skiltið við Kollumúlaveg því ekki var haft samráð við þá um texta og staðsetningu skiltis. Að mati landeigenda ætti skiltið m.a. að benda fólk betur á hættuna að keyra yfir Skyndidalsá. Einnig hafa borist kvartanir um staðsetningu skiltisins. Það er á vegamótum, þar sem Kollumúlavegur og slóði að Dímu greinast en reglulega hefur komið fyrir að ferðamenn, sem héldu að slóðinn að Dímu væri Kollumúlavegurinn, reyndu að keyra yfir Jökulsá við Dímu og lentu á kaf í ánni. Við bílastæðið á Illakambi eru 5 upplýsingarskilti um algengar plöntur, algenga fugla, sögu, sauðfjárbætur, jarðfræði og vinsæla staði í Lónsöræfum. Við hliðið stutt frá eyðibýlinu Þórisdal er gamalt skilti sem Náttúruverndarráð hefur á sínum tíma sett upp. Skiltið er með öllu ólæsilegt og ætti að setja upp nýtt skilti þar, ef leyfi til þess fæst hjá landeigendum.
<b>STÍGAR</b>	Víða eru stikaðar gönguleiðir og er svæðið fyrst og fremst gönguland. Gönguleiðir liggja inn í friðlandið úr Lóni, Álftafirði, Fljótsdal og frá Snæfelli. Einnig er hægt að ganga úr Hoffellsdal í nesjum yfir í Skyndidal. Síðustu ár hafa orðið miklar úrbætur með tilkomu tveggja brúa yfir ár sem hafa lengi verið farartálmi göngufólks. Merkt gönguleið liggur áleiðis yfir í Víðidal frá skálanum á Leirás í Geithellnadal. Leiðin frá Stafafelli í Eskifell er að hluta til merkt, leiðin frá Stafafelli í Hvannagil er stikuð. Leiðin úr Geithellnadal yfir í Víðidal er einnig merkt. Aðrar gönguleiðir í friðlandinu eru ómerktar.
<b>BÆKLINGUR</b>	Samstarfshópurinn „Átak í merkingu gönguleiða í Austur-Skaftafellssýslu“ hóf vinnu sumarið 2008 og hefur nú gefið út gönguleiðakort fyrir Nes og Suður-sveit og er að undirbúa útgáfu gönguleiðakorta fyrir Mýrar og Öræfi. Sumarið 2011 er fyrirhugað að gefa út nýtt gönguleiðakort fyrir Lón í tengslum við átakið. Ýmsir gönguleiðabæklingar eru til fyrir svæðið t.a.m. gönguleiðabæklingur sem var gefinn út af Náttúruverndarráði ríkisins 1996.
<b>FRAMKVÆMDIR</b>	Sumarið 2010 voru flest skilti milli Múlaskála og Egilssels fúavarinn sem ekki voru fúavarin árið á undan, sem og skiltin á Stórahjalla og í Eksifelli og skipt um skrúfur. Æskilegt væri að setja upp nokkur skilti í friðlandinu um bann við utanvegaakstri en ekki hefur náðst samstaða við landeigendur um það. Árið





Ingólfshöfði

2011 þarf að setja upp skilti við Tröllakróka, fjóra vegvísa við Egulssel og við leiðin „milli gilja“. Stígar í kringum Múlaskála voru lagfærðir og mól bætt við stíginn að salerninu. Einnig voru stígar í Gjöggrinu og inn með Jökulsá lagfærðir og breikkaðir og stikur reistar við, bætt við stikur og málaðar á öllum gönguleiðum frá Stórahjalla að Egilsseli, sem og á Stórahjalla, við Ásavatn og í Eskifelli. Auk þess var stikuð leið við Svarthöfða yfir læk og til baka (eldri leiðin lá á öðrum stað, yfir líparíthrygg). Æskilegt er að færa nokkrar gönguleiðir til að koma í veg fyrir frekari gróðurskemmdir og myndun hliðarstíga, þ.e. við Þilgil, á Víðibrekkuskerjum, í Leiðartungum og í Eskifelli. Hugmyndir hafa komið upp um að stíka tvær stuttar tengileiðir, þ.e. sem tengir leiðirnar um „Flumbrugil“ og Víðibrekkusker við jeppavegin á Kjarrdalsheiði, og sem tengir stígin á Múlakolli við stíginn sem liggur frá Múlaskála í Egilssel.

**ÖRYGGI** GSM samband er nánast hvergi í friðlandinu. Sumarið 2010 var slökkt á NMT-sendingum og nauðsynlegt er að eitthvað komi í staðin, Tetra- eða 3G-sendingar. Ferðafélag Austur-Skaftafellssýslu er að skoða möguleika á að setja upp GSM loftnet.

**ANNAD** Í deiliskipulagi fyrir Lónsöræfi er gert ráð fyrir fimm tjaldsvæðum. Þau eru í Smiðjunesi, í Eskifelli við Ásavatn, á Keiluvöllum innst inn í Skyndidal, við Múlaskála og við bæjarrústirnar á Grund í Víðidal, en eitt þessara tjaldsvæða er rétt utan við friðlandið (Smiðjunes). Í Eskifelli var reist klósethús árið 2004 en það hefur aldrei verið fullklárað. Ákveðið var að breyta ókláraða þurrsalerninu í vatnslósett og stór rotþró var flutt í Eskifell. Sumarið 2006 var byrjað að grafa rotþróna niður. Stutt frá tjaldsvæðinu við Múlaskála eru vatnslósett og vaskar. Sumarið 2007 var þar einnig sett upp sturta, sem er kynt með gasi. Eins og er, er engin þjónusta til staðar á Keiluvöllum í Skyndidal og á Grund í Víðidal, þó að á þessum stöðum séu merkt inn tjaldsvæði á gönguleiðakortinu fyrir Lónsöræfi, sem Mál og Menning hefur gefið út.

Skáli í Lónsöræfum sem tilheyrir FÍ. Fjöldi gistinátta í Múlaskála var rúmlega 600 árið 2010 en undir 400 árin 2005-2008 og tæplega 500 árið 2009. Erfitt er að bera fjöldann saman millia ársins 2010 og fyrri ár því að skráningaraðferðin breyttist. Landvörður hélt mjög nákvæma skráningu um fjölda gistinátta árið 2010 en áður var fjöldinn byggður á bókunum í skálann. Sumarið 2010 var töluvert meira af fé í friðlandinu en áður og miklar líkur á gróðurskemmtm vegna þess. Nauðsynlegt er að rannsaka beitarþol friðlandsins og að setja takmarkanir á fjölda fjár ef um ofbeiti hefur verið að ræða. Í friðlandinu eru stundaðar rjúpna- og hreindýraveiðar og hefur borið töluvert á veiðipjófum. Eftir að nýja göngubrúin yfir Jökulsá við Eskifell var tekin í notkun hefur þó nokkuð verið um að unglingar á torfæruhjóllum hafa farið yfir brúna og leikið sér á hjólunum á Kollumúlaveginum. Á sumum stöðum eru ljót för í mosanum eftir torfæruhjól. Girðing sem er umhverfis svæðið liggur niðri og þarf að fjarlægja.

## 7.2 NÁTTÚRUVÆTTI Á AUSTURLANDI

### 7.2.1 Díma í Lóni, Sveitarfélaginu Hornafirði

<b>FRIÐLÝST</b>	Auglýsing nr. 523/1975 í Stjórnartíðindum B.
<b>STÆRÐ</b>	6 ha.
<b>SKILTI</b>	Gamalt skilti er til staðar en illa farið. Huga þarf að endurnýju upplýsingaskiltis. Einnig væri möguleiki að gera grein fyrir merktum gönguleiðum í Lónsöræfum.
<b>FRÆÐSLUÁÆTLUN</b>	Áætlað er skilti fyrir árið 2014 og endurskoðun á bækling fyrir árið 2011.
<b>ANNAÐ</b>	Lítill umferð er að náttúruvættinu og er það líklega vegna þess að upplýsingar eru takmarkaðar.

### 7.2.2 Háalda, Sveitarfélaginu Hornafirði

<b>FRIÐLÝST</b>	Stjórnartíðindi B, nr. 519/1975.
<b>STÆRÐ</b>	5 ha.
<b>SKILTI</b>	Lítið upplýsingaskilti frá Náttúruverndarráði er við bílastæðið. Skilti sem vísar á athyglisverðan stað er við þjóðveginn. Tækifæri til að koma að upplýsingum um framgang, hopun og þróun jökla.
<b>STÍGAR</b>	Óskipulagðir troðningar eru á svæðinu.
<b>FRAMKVÆMDIR</b>	Nauðsynlegt er að koma upp fræðsluskiltum við náttúruvættið um myndun dauðislandslagsins, eftir hörfun jökuls. Háalda er aðeins brot af þessu landslagi og hafa komið ábendingar um að vernda þurfi mun stærra svæði. Einnig hefur verið bent á að bændur eru farnir að dreifa heyrúllum um svæðið með það að markmiði að græða upp landið.
<b>FRÆÐSLUÁÆTLUN</b>	Áætlað er skilti fyrir árið 2011.
<b>ANNAÐ</b>	Eftir að Vegagerðin afmarkaði bílastæðið (2002) við Háöldu hafa fleiri ferðamenn áð á verndarsvæðinu. Gera þarf úttekt á ástandi og verndargildi svæðisins.

### 7.2.3 Helgustaðanáma, Fjarðabyggð

<b>FRIÐLÝST</b>	Auglýsing nr. 525/1975 í Stjórnartíðindum B.
<b>STÆRÐ</b>	1 ha.
<b>SKILTI</b>	Fræðsluskilti frá Vegagerðinni er á bílastæðinu. Náttúrustofa Austurlands setti upp upplýsingaskilti frá Umhverfisstofnun á bílastæðið þar sem tekið er fram að steinataka sé bönnuð. Náttúrustofa Austurlands gerði tvö fræðsluskilti á gönguleið.
<b>STÍGAR</b>	Gönguslóð er upp að námu.
<b>FRÆÐSLUÁÆTLUN</b>	Áætlað er skilti fyrir árið 2012.
<b>ANNAÐ</b>	Svæðið var sett á rauðan lista Umhverfisstofnunar árið 2010 sem eitt þeirra 10 svæða sem stofnunin telur í hættu á að missa verndargildi sitt. Gera þarf úttekt á ástandi og meta verndargildi svæðisins. Svæðið er mikið sótt af íslenskum og erlendum ferðamönnum. Bæta þarf fræðslu á bæði íslensku og erlendum málum. Fréttir um steinatöku ferðamanna færast sífellt í aukana.



Við Dyrhólaey

#### 7.2.4 Teigarhorn, Djúpavogshreppi

<b>FRIDLÝST</b>	Auglýsing nr. 518/1975 í Stjórnartíðindum B.
<b>STÆRD</b>	120 ha.
<b>SKILTI</b>	Áætlað var að setja upp skilti sumarið 2010 en það var ekki gert. Ástæðan er sú að ekki náðist samkomulag við ábúendur og vegna hugsanlegrar sölu Teigarhorns.
<b>FRAMKVEMDIR</b>	Bækling þarf að gera fyrir svæðið og ætti að kanna möguleika á samstarfi við Þjóðminjasafnið um gerð og útgáfu bæklingins.
<b>FRÆÐSLUÁÆTLUN</b>	Áætlað er skilti fyrir árið 2010 og bæklingur fyrir árið 2014.
<b>ANNAÐ</b>	Sýningarsalur er á steinum á Teigarhorni en sumarið 2009 var sýningarsteinunum stolið af sýningunni. Ábúendur hyggjast setja upp aðra sýningu. Svæðið var sett á rauðan lista Umhverfisstofnunar árið 2010 sem eitt þeirra 10 svæða sem stofnunin telur í hættu á að missa verndargildi sitt. Gamla húsið á Teigarhorni (Weyvadt –húsið) er í vörslu Þjóðminjasafns Íslands. Teigarhorn hefur nú verið sett á sölu og ábúandi er fluttur burtu. Skoða þarf möguleika á eftirliti með svæðinu fyrir sumarið 2011 í formi landvörslu.

### 7.3 FRIDLÝSTAR LÍFVERUR, BÚSVÆÐI, VISTGERÐIR OG VISTKERFI Á AUSTURLANDI

Á Austurlandi eru engar lífverur friðlýstar umfram þær sem friðlýstar eru á landinu öllu samkvæmt auglýsingu nr. 184/1978, um friðlýsingu nokkurra plöntutegunda. Í landshlutunum eru ekki heldur nein friðlýst búsvæði, vistgerðir eða vistkerfi.





## 7.4 FÓLKVANGAR Á AUSTURLANDI

### 7.4.1 Álfaborg, Borgarfjarðarhreppur

<b>FRIDLÝST</b>	Auglýsing nr. 71/1976 í Stjórnartíðindum B.
<b>STÆRÐ</b>	9 ha.
<b>SKILTI</b>	Árið 2010 var sett upp nýtt skilti á vegum sveitarfélagsins með upplýsingum um Álfaborg. Þar er einnig gamalt skilti frá Náttúruverndarráði og nýrra skilti frá Ferðamálaráði
<b>STÍGAR</b>	Stígar á vegum sveitarfélagsins. Árið 2010 voru merkingar á stígum yfirfarnar.
<b>FRAMKVÆMDIR</b>	Gróðursetningar fóru fram sumarið 2010 og voru flatir innan Álfaborgar snyrtar. Einnig var unnið að gróðursetningu trjáplantna á afmörkuðu skóg-ræktarsvæði sunnan við friðlýsta svæðið með nemendum grunnskólans. Árin 2009 og 2010 hefur verið unnið markvisst að eyðingu lúpínu innan friðlýsta svæðisins með góðum árangri.
<b>FRÆÐSLA</b>	Sveitarfélagið vinnur að því að setja upp símafræðslu þar sem hægt verður að hringja í númer og fá fræðsluefni í símann á að minnsta kosti 3 tungumálum.

### 7.4.2 Fólkvangur Neskaupsstaðar, Fjarðabyggð.

<b>FRIDLÝST</b>	Auglýsing nr. 333/1972 í Stjórnartíðindum B.
<b>STÆRÐ</b>	300 ha.
<b>BÆKLINGUR</b>	NA sá um gagnasöfnun og útgáfu á bæklingi fyrir fólkvanginn sem kostað var af sveitarfélaginu.
<b>SKILTI</b>	NA sá um gagnasöfnun vegna skilta sem sett voru upp og kostuð af sveitar-



félaginu.

- STÍGAR** NA hefur eftirlit með stígnum og sér til þess að lagfæringar verði gerðar.
- FRAMKVÆMDIR** Stígurinn hefur verið lagfærður mikið á undanförunum árum. Handrið sett upp og nýr stigi er kominn niður í Páskahelli. Viðhald á stígum er þó nauðsynlegt og eftirlit með mannvirkjum sem þar eru. NA og Fjarðabyggð hafa séð um lúpínuslátt í fólkvanginum. Fræðsluskilti eru endurnýjuð ár hvert ef þörf er á.
- ANNAD** Fólkvangurinn er mjög vinsælt útivistarsvæði allt árið mest sóttur af Norðfirðingum. Auðvelt er að ganga út í fólkvang. Gróska er mikil og þar finnast nokkrar sjaldgæfar plöntutegundir. NA hefur í nokkur ár séð um gönguferð með leiðsögn á Degi hinna villtu blóma í Fólkvangi Neskaupstaðar. Páskahellir er áhugaverður jarðfræðilega séð. Búið er að koma upp hringsjá sem Norðfirðingafélagið gaf þar sem hægt er að skoða örnefni fjalla sem sjást frá svæðinu. Talsverð útivistar- og skógrækt er utan við sjálfan fólkvanginn og er góð tenging við hann.

### 7.4.3 Hólmanes, Fjarðabyggð

- FRIÐLÝST** Auglýsing nr. 393/1973 í Stjórnartíðindum B. Fólkvangur og friðland.
- STÆRD** 260 ha.
- SKILTI** Fræðsluskilti er á svæðinu. NA sá um gagnasöfnun vegna fræðsluskiltis á gönguleið sem kostað var af sveitarfélaginu. Fræðsluskilti eru endurnýjuð ár hvert af NA ef þörf er á.
- BÆKLINGUR** NA sá um gagnasöfnun og útgáfu á bæklingi fyrir Hólmanes fólkvang og friðland sem kostað var af Fjarðabyggð.
- FRAMKVÆMDIR** Endurnýja þyrfti gömlu skilti Náttúruverndarráðs. Vegna nýja vegarins sést það ekki frá veginum. Fræðsluskilti við bílastæði vantar og einnig þarf að leggja göngustíga frá bílastæðinu. Brýnt er að fara í framkvæmdir vegna mikillar útbreiðslu lúpínu sem er þar afar gróskumikil.
- ANNAD** Hólmanesið er mjög vinsælt útivistarsvæði. Skipulagðar fræðsluferðir eru farnar þangað á vegum Ferðapjónustunnar Mjóeyri í gönguvíkunni á „fætur í Fjarðabyggð“.

### 7.4.4 Ósland, Sveitarfélaginu Hornafirði

- FRIÐLÝST** Auglýsing nr. 427/1982 í Stjórnartíðindum B.
- STÆRD** 15 ha.
- ANNAD** Gera þar úttekt á ástandi svæðisins. Sveitarfélagið hefur óskað eftir að fara með umsjón svæðisins.

## 7.5 ÖNNUR SVÆÐI Á AUSTURLANDI

### 7.5.1 Vatnajökulsþjóðgarður

Vatnajökulsþjóðgarður var stofnaður árið 2007 samkvæmt lögum nr. 608/2007. Vatnajökulsþjóðgarður er ríkisstofnun og fer umhverfisráðherra með yfirstjórn mála er varða þjóðgarðinn. Sérstök stjórn skipuð af ráðherra til fjögurra ára í senn fer með stjórn og hefur umsjón með rekstri þjóðgarðsins.



# 8 Suðurland

Á Suðurlandi eru 14 landsvæði friðlýst samkvæmt lögum nr. 44/1999, um náttúruvernd. Þar af eru 8 friðlönd og 6 náttúruvætti. Auk friðlýstu svæðanna sér Umhverfisstofnun um landvörslu á Geysissvæðinu á sumrin en það hefur enn ekki verið friðlýst. Þjóðgarðurinn á Þingvöllum er friðlýstur samkvæmt sérlögum.

## 8.1 FRIDLÖND Á SUÐURLANDI

### 8.1.1 Dyrhólaey, Mýrdalshreppi

<b>FRIDLÝST</b>	Auglýsing nr. 101/1978 í Stjórnartíðindum.
<b>STÆRD</b>	147 ha.
<b>LOKUNARÁKVÆÐI</b>	Umhverfisstofnun getur takmarkað ferðir út í Dyrhólaey á tímabilinu 1. maí til 25. júní, sem er varptíminn. Deila hefur staðið yfir vegna lokunar eyjunnar en fuglafræðingur hefur verið fenginn til að skera úr um opnunartíma vegna fuglavarps.
<b>LANDVARSLA</b>	Engin. Þyrfti svæðalandvörslu á Dyrhólaey og nálæg svæði.
<b>STÍGAR</b>	Í samþykktu deiliskipulagi er gert ráð fyrir lagningu og merkingu gönguleiða og stýringu umferðar með girðingum og stígum. Engar framkvæmdir hafa verið gerðar síðan skipulagið var samþykkt.
<b>SKILTI</b>	Fræðsluskilti (fuglar). Einnig búið að hanna fræðsluskilti um gönguleiðir og plöntur en það á eftir að koma þeim upp. Aðkomuskilti er í vinnslu. Sumarið 2010 var sett upp aðvörunar/bannskilti við Kirkjufjöru.
<b>FRAMKVEMDIR</b>	Ástandið er alls ekki nógu gott og mikilvægt er að gera úrbætur. Nauðsynlegt er að ná utan um umferð ferðamanna og stýra umferðinni. Deiliskipulag, sem er í gildi tekur á mörgum þáttum, en lítið hefur verið framkvæmt af því sem er á deiliskipulagi. Landeigendur, nytjaréttarhafar og Umhverfisstofnun hafa ekki komist að sameiginlegri niðurstöðu varðandi lokun á vorin.
<b>ÖRYGGI</b>	Öryggi ferðamanna er ábótavant, vegir eru lélegir bæði á svæðinu og upp að því. Brattar brúnir sem hrynur úr, fólk er að gægjast eftir lunda.
<b>VERNDARÁÆTLUN</b>	Ekki til fyrir svæðið.
<b>VÖKTUN</b>	Á undanförunum árum hafa fulltrúar Umhverfisstofnunar og Náttúrufræðistofnunar Íslands kannað æðarvarpið á Lágey vegna þrýstings ferðaþjónustuaðila um að opna fyrir umferð fyrir en verið hefur út í Dyrhólaey. Bændur sem nytja æðarvarpið hafa einnig leitað til sérfræðinga um ástand æðarvarpsins og hefur ráðunautur á þeirra vegum lagst gegn því að opna fyrir út í Dyrhólaey.
<b>RANNSÓKNIR</b>	Engar á vegum Umhverfisstofnunar.
<b>FRÆÐSLUÁÆTLUN</b>	Áætlað er skilti fyrir árið 2012 og bæklingur fyrir árið 2011.
<b>ANNAÐ</b>	Byggingar á Háey og landsvæði næst vitanum eru í eigu Siglingastofnunar. Í deiliskipulagi svæðisins er gert ráð fyrir salernisaðstöðu í gömlu fjárhúsunum og hlöðunni og hefur Siglingamálastofnun góðfúsleg veitt heimild til þess að nýta húsin í samræmi við skipulagið. Fyrirhugað er að koma upp snyrtiaðstöðu. Styrkur hefur fengist frá Ferðamálastofu þess efnis. Vatnssafntankar eru á svæðinu.

Svæðið var sett á rauðan lista Umhverfisstofnunar árið 2010 sem eitt þeirra 10 svæða sem stofnunin telur í hættu á að missa verndargildi sitt.

## 8.1.2 Friðland að Fjallabaki

<b>FRIÐLÝST</b>	Auglýsing nr. 354/1979 í Stjórnartíðindum B.
<b>STÆRD</b>	44.624 ha.
<b>SAMNINGUR</b>	Samningur er við Ferðafélag Ísland (FÍ) um ákveðið eftirlit og landvörslu, en skv. upplýsingum hafa skálaverðir aðeins getað sinnt skálavörslu og tiltekt í næsta nágrenni við skála.
<b>LANDVARSLA</b>	Tveir landverðir störfuðu á vegum Umhverfisstofnunar frá 14. júní til 22. ágúst sumarið 2010. Stór hluti landvörslu fer í tjaldaeftirlit, utanvega aksturseftirlit, viðhald og hreinsun svæðis. Að mati landvarða er mikilvægt að skerpa á hlutverki landvarða annars vegar og skálavarða FÍ hins vegar til að koma í veg fyrir misskilning. Lengja þyrfti starfstíma landvarða í báða enda að mati landvarða.
<b>SKILTI</b>	Aðkomuskilti og fræðsluskilti: plöntur, fuglar, einnig leiðakort af svæði, alls 4 skilti sett upp 2003. Fjölga þarf skiltum um ábendingar um bann við utanveg-arakstri. 30 km hámarkshraðaskilti vantar við innkomu í Landmannalaugar.
<b>STÍGAR</b>	Gönguleiðir umhverfis Landmannalaugar eru átta talsins, auk Laugavegarins, Hellismannaleiðar og leiðarinnar frá Landmannahelli upp á Löðmund.
<b>BÆKLINGUR</b>	Friðland að Fjallabaki, almennur friðlandsbæklingur.
<b>FRAMKVÆMDIR</b>	Mikið úrrennsli hefur orðið úr gönguleiðunum, mest umhverfis Brennisteinsöldu og Norður- og Suðurnámur. Sumarið 2010 fóru fram viðgerðir á þeim og dren voru útbúin. Hafist var handa við að lagfæra gamla og nýja gönguleið upp á Stút, timburtröppur voru smíðaðar á nýju leiðina. Sjálfboðaliðar Umhverfisstofnunar tóku þátt í þessum framkvæmdum. Halda þarf áfram lagfæringum gönguleiða á Stút sumarið 2011, lagfæra þarf gönguleið um Grænegil, upp-gönguna í Laugahrauni og merkja þarf gönguleiðirnar. Samkvæmt upplýsingum frá FÍ voru hlutar Laugavegarins endurstikaðir sumrin 2009 og 2010 þ.e. þeir hlutar sem brýnast var að stika. Vegir F-208 og F-225 voru heflaðir einu sinni sumarið 2010, um miðjan júní. Hefla þyrfti vegina oftar. Seinnipart sumars voru vegir á svæðinu orðnir mjög erfiðir yfirferðar, mikil þvottabretti og holur gerðu ferðalöngum erfitt fyrir, og algengt að ekið væri við hliðina á vegunum. Sumarið 2010 var settar upp gróðurverndargirðingar við tjaldstæðið í Landmannalaugum. Einnig var lúpína fjarlægð af svæði við Bjallavað, við nyrðri mörk friðlandsins. Sjálfboðaliðar Umhverfisstofnunar tóku þátt í þessum framkvæmdum.
<b>FRÆÐSLA</b>	Stórauðna fræðslu vantar, fleiri leiðalýsingar og upplýsingar um nauðsynlegan útbúnað og skilyrði fyrir ferðamenn, jafnvel mætti koma upp fræðslugöngum. Æskilegt að miðla upplýsingum um svæðið til ferðaþjónustu aðila, á forni bréfa og bæklinga.
<b>ÖRYGGI</b>	GSM samband í Laugar, VHF stöðvar virka vel. Auka mætti öryggi/leiðbeiningar um svæðin, fjölgun landvarða væri hluti af þessu. Varanlegt skilti er komið við Íshella. Fjárfesta þarf í Tetra-stöð fyrir landverði þar sem margir björgunar-sveitamenn eru eingöngu með slíkan búnað.
<b>VÖKTUN</b>	Vatnamælingar (Orkustofnun), veðurathuganir (Veðurstofan).
<b>RANNSÓKNIR</b>	Engar.
<b>FRÆÐSLUÁÆTLUN</b>	Áætluð er endurnýjun skiltis árið 2012 og endurskoðun bæklings árið 2013.
<b>ANNAÐ</b>	Landverðir hafa aðsetur í skálavarðahúsi FÍ í Landmannalaugum. Bíll, samskipta-búnaður (talstöðvar), sími og GPS tæki. Að mati landvarða er bíll sá sem þeir hafa til umráða með of lítil dekk, hann þyrfti að vera á 35 tommu tekkjum að lágmarki.

Svæðið var sett á rauðan lista Umhverfisstofnunar árið 2010 sem eitt þeirra 10 svæða sem stofnunin telur í hættu á að missa verndargildi sitt. Sumarið 2010 var minna vart við utanvegaakstur en fyrri ár. Mest bar á utanvega-akstri mótörhjólamanna og því verður að herða átak til að ná til þessa hóps sem og annarra. Lagfæra þarf bílastæði við Dómadalsvatn, Frostastaðavatn og Ljótapol. Laga þarf steinahleðslur meðfram vegum. Samkvæmt skýrslu sem var unnin fyrir Umhverfisstofnun þá komu 67.000 erlendir ferðamenn í Landmannalaugar á 12 mánaða tímabili frá september 2008 til ágúst 2009. Af þeim dvöldu 56.000 erlendir ferðamenn á svæðinu í júní til ágúst 2009.





Gullfoss

### 8.1.3 Gullfoss, Bláskógabyggð

<b>FRIDLÝST</b>	Auglýsing nr. 141/1979 í Stjórnartíðindum B.
<b>STÆRÐ</b>	155 ha.
<b>LANDVARSLA</b>	Landverðir með aðsetur á Landmannalaugum fóru í eftirlitsferðir að Gullfossi og Geysi 21. júní, 7. og 27. júlí, 15., 18. og 27. ágúst.
<b>SKILTI</b>	Skiltin sýna kort og upplýsingar um svæðið. Á neðra planinu er skilti sem sýnir göngustíga. Sett var upp lokunarskilti á 4 tungumálum við upphaf göngustígs við neðra bílastæði. Skiltin voru hengd á keðju.
<b>FRAMKVÆMDIR</b>	Sumarið 2010 var gróðurverndargirðing lagfærð. Nýlegur göngupallur frá Sigríðarstofu að tröppu virðist ekki hafa verið útfærður á réttan hátt. Of langt er á milli burðarbita undir klæðningu, klæðningin svagnar og hefur hún brotnað út við jarðana á nokkrum stöðum sem þarf að laga. Fúaverja/mála þarf á alla göngupalla, útsýnispalla og stigann frá neðra bílastæði upp á efri útsýnispall. Landverðir benda á að hentugt sé að færa stígin á efra svæðinu nær brúninni og útsýninu í stað þess að fylgja gömlum akvegi. Endurgera þarf skilti á neðra planinu sem sýnir göngustíga. Bæta þarf mól í malarstíg á neðra svæði og í aðrar gönguleiðir og jafnvel sá grasfræjum í nokkur svæði.
<b>ÖRYGGI</b>	Umhverfisstofnun hefur lokað neðra svæði frá og með 21. október til 31. mars vegna hættulegra skilyrða yfir vetrartímann. Endurskoða þarf öryggismál niðri við fossinn. Ferðamenn fara óhindrað að fremstu brún út fyrir öryggislinu.
<b>FRÆÐSLUÁÆTLUN</b>	Í vinnslu er Sigríðarstígur, fræðslustígur úti undir berum himni. Búið er að hanna og teikna stígin. Sett verða upp 6 fræðsluskilti og bætt verður við 200 m af göngustíg. Sigríðarstofa verður ekki lengur starfrækt eins og undanfarin ár en þar verður þó salernisaðstaða áfram.
<b>ANNAD</b>	svæðið var sett á rauðan lista Umhverfisstofnunar árið 2010 sem eitt þeirra 10 svæða sem stofnunin telur í hættu á að missa verndargildi sitt. Gullfoss svæðið er í niðurníðslu, bæði gróður og mannvirki og þarfnast svæðið gagngerrar endurnýjunar. Myndast hafa margir hliðarstígar frá stígnum á neðra svæði þar sem ferðamenn taka sveig út af stígnum til að forðast vatnsúða. Afleiðingin eru miklir og djúpir slóðar sem verða að mold og drullu. Einnig hafa myndast nokkrir slóðar í brekkuna í stað þess að notaður sé stígur hjá bílastæðum. Efra svæði, við útsýnispallana, er í góðu ásigkomulagi en þar sem pöllunum lýkur versnar ástandið. Mikið er gengið hjá klettabrúninni og komnir djúpir slóðar þar. Búið var að stika fyrir þessa gönguleið en sú girðing náði ekki nógu langt. Landverðir benda á að hægt væri að bæta við útsýnispalli við klettabrúnina á ofanverðu svæðinu þar sem búið er að girða af. Viðhaldi Sigríðarstofu er ábótavant.

### 8.1.4 Herdísarvík, Sveitarfélaginu Ölfusi


<b>FRIÐLÝST</b>	Auglýsing nr. 121/1988 í Stjórnartíðindum B.
<b>STÆRÐ</b>	4.218 ha.
<b>SKILTI</b>	Gamalt skilti (Náttúruverndarráðs) við mörk friðlandsins. Einnig er skilti á svæðinu á vegum landeiganda, Háskóla Íslands.
<b>STÍGAR</b>	Ekki stikanir, fornar slóðir eru greinilegar, frá tímum Hlínar Johnson (eiganda), milli Vogsósa og bæjarins eftir gömlum þjóðleiðum.
<b>BÆKFLINGUR</b>	Einn bæklingur á vegum Ferðamálafélags Ölfuss.
<b>FRAMKVÆMDIR</b>	Verið er að leggja Suðurstrandaveg rétt við Herdísarvík. Útbúa ætti bílaplan og merkja Herdísarvík fyrir ferðafólk.
<b>ÖRYGGI</b>	Öryggismál eru einkum tengd sjónum, en gæta þarf að sprungum á landi sem liggur fjær sjó.
<b>FRÆÐSLUÁÆTLUN</b>	Áætlað er að setja upp skilti árið 2014.
<b>ANNAÐ</b>	Setja mætti upp aðstöðu í Flataskógi og niður frá. Eftirlit vantar með húsi og landi. Merkar menningarminjar, verbúðir og mikið af minjum. Merkja þyrfti svæðið með skiltum, kort eru til og hægt að sjá ummerki um verbúðir. Tengja mætti svæðið við Strandakirkju. Þegar Suðurstrandarvegur verður opnaður, þarf aukna vernd, áætlun og eftirlit með svæðinu. Hverfisvernd er á Selvoginum. Huga þarf að bílastæðum í kring. Þörf á fræðslu- og gönguleiðaupplýsingum. Erlendir ferðamenn tjalda nálægt klappaðri leið. Mjög mikilvægt að hafa góða umgengni vegna minja. Viðræður þarf milli aðila sem annast svæðið, Sveitarfélagsins Ölfuss, Háskóla Íslands og Umhverfisstofnunar um framtíðarþróun deiliskipulags.

### 8.1.5 Oddaflóð, Rangárþingi

<b>FRIÐLÝST</b>	Auglýsing nr. 634/1994 í Stjórnartíðindum B.
<b>STÆRÐ</b>	568 ha.
<b>FRÆÐSLUÁÆTLUN</b>	Áætlað er að setja upp skilti árið 2013.

### 8.1.6 Pollengi og Tunguey, Bláskógabyggð

<b>FRIÐLÝST</b>	Auglýsing nr. 457/1994 í Stjórnartíðindum B.
<b>STÆRÐ</b>	658 ha.
<b>LANDVERÐIR</b>	Landverðir með aðsetur í Landmannalaugum fóru í tvær eftirlitsferðir á Pollengi sumarið 2010, 21. júní og 15. ágúst. Ekki var farið í Tunguey.
<b>FRÆÐSLUÁÆTLUN</b>	Áætlað er að setja upp skilti árið 2012.
<b>ANNAÐ</b>	Flæðiengi að hluta. Stór hluti alveg undir vatni. Ekki göngufæri í eyju, nema á ís. Fuglasvæði. Í fyrri ferð landvarða sumarið 2010 var mikið um vaðfugli auk krúu og álfta á svæðinu.



Surtsey

### 8.1.7 Surtsey, Vestmannaeyjabæ

- FRIDLÝSING** Auglýsing nr. 50/2006 í Stjórnartíðindum B. Friðlýst svæði frá árinu 1965. Samþykkt á heimsminjaskrá UNESCO í júlí 2008, sem einstakt svæði náttúruminja. Verið er að endurskoða friðlýsingu Surtseyjar og er auglýsingin fyrirhuguð 2011.
- STÆRÐ** Friðlandið Surtsey er samtals 65,6 km<sup>2</sup>. Innan þess er heimsminjasvæði UNESCO samtals 33,7 km<sup>2</sup>.
- MARKMIÐ** Markmiðið með friðlýsingu Surtseyjar er að tryggja að þróun eyjarinnar verði eftir lögmálum náttúrunnar sjálfar sbr. 1. gr. laga um náttúruvernd.
- LOKUNARÁKVÆÐI** Óheimilt er að fara í land í Surtsey eða kafa við eyna nema til rannsókna og verkefna sem tengjast þeim og þá með skriflegu leyfi Umhverfisstofnunar. Siglingar í friðlandinu umhverfis Surtsey eru heimilar.
- UMSJÓN** Sérfræðingur Umhverfisstofnar er með starfstöð í Vestmannaeyjum og sér um eftirlit með Surtsey. Engin landvarsla er í eyinni.
- SURTSEYJARSTOFA** Stofan var opnuð í Vestmannaeyjabæ 2. júlí 2010 með það markmið að skapa aðstöðu fyrir fræðslu og kynningar um friðlandið og heimsminjasvæðið Surtsey. Sýningin „Surtsey – jörð úr ægi“ hefur verið í Surtseyjastofnu frá opnun hennar. Sú sýning var áður í Þjóðmenningarhúsinu árin 2007-2009.
- FRÆÐSLA** Bæklingur um friðlandið Surtsey (á íslensku og ensku) var gefin út á árinu 2009. Endurprenta þarf íslenska útgáfu af Surtseyjarbækling. Endurskoða þarf bækling með tilliti til opunar Surtseyjarstofu þar sem fram kemur heimilisfang og símanúmer. Sett var upp fræðsluefni um Surtsey á heimasíðu Umhverfisstofnunar en það þarf jafnframt að hafa á ensku. Fræðsluefni þarf að útbúa fyrir skólahópa sem heimsækja Surtseyjarstofu. Ýmiskonar fróðleikur og tenglar á efni tengt Surtsey hefur verið sett upp á fésbókarsíðu. Í lok árs 2010 eru 510 vinir Surtseyjar á fésbók.
- SKILTI** Til stendur að setja upp fræðslu- og upplýsingaskilti um Surtsey á útsýnisstað á Heimaey í samvinnu við Vestmannaeyjabæ, sem sækir um styrk til Ferðamálastofu. Á árinu fékkst styrkur í verkefnið „Surtseyjargluggi“ sem ráðgert er að setja upp í Surtseyjarstofu. Það verkefni er í biðstöðu vegna óvissu með húsnæði og fjármagn til stofunnar.
- VERNDARÁÆTLUN** Umhverfisstofnun vinnur að verndaráætlun fyrir Surtsey og er verkið langt komið.
- VÖKTUN** Surtseyjarfélagið samræmir og leitast við að efla vísindarannsóknir í Surtsey og innan marka friðlandsins. Náttúrufræðistofnun Íslands stundar rannsóknir og annast reglubundna vöktun náttúrufars í friðlandinu í samvinnu við Haf-rannsóknastofnun og Surtseyjarfélagið.
- FRÆDSLÚÁÆTLUN** Áætlað var að setja upp skilti árið 2010 en ekki náðist að klára verkið og verður skiltið sett upp árið 2011.





Ummerki eftir utanvegaakstur í Þjórsárverum

### 8.1.8 Þjórsárver, Skeiða- og Gnúpverjahreppi og Ásahreppi

<b>FRIDLÝST</b>	Auglýsing nr. 507/1987 í Stjórnartíðindum B. Fyrst lýst friðland 1981.
<b>STÆRÐ</b>	37.500 ha.
<b>LOKUNARÁKVÆÐI</b>	Á tímabilinu 1. maí til 10. júní er umferð um varplönd heiðargæsar bönnuð.
<b>ALPJÓÐASAMNINGAR</b>	Ramsar og á Bernarviðauka III vegna heiðagæsar.
<b>LANDVARSLA</b>	Landvarsla var á miðhálandinu frá 30. júní til 10. ágúst árið 2010 með aðsetur á Hveravöllum. Engin eftirlitsferð var farin í Þjórsárver og Guðlaugstungur því að jeppi sem landvörður hafði til umráða var ekki á nógu stórum dekkjum til að fara yfir ár á leiðinni að þeim svæðum.
<b>VÖKTUN/EFTIRLIT</b>	Engin skipulögð vöktun, en talningar á gæs voru endurteknar á tímabilinu 1969 til 2001 vegna hugmynda um veituframkvæmdir við Norðlingaöldu.
<b>RANNSÓKNIR</b>	Viðamiklar rannsóknir voru gerðar á árunum 1971-1976 á gróðurfari og dýralífi í Þjórsárverum. Vistfræðirannsóknir voru stundaðar á árunum 1981 til 1991 til að meta áhrif lóns við Norðlingaöldu á náttúruverndargildi Þjórsárvera. Grasafræðirannsóknnum hefur verið haldið áfram og hafa beinst meira að vistfræði plantna á arktískum svæðum. Fugla- og vatnarannsóknir voru stundaðar fram til 2001 vegna mats á umhverfisáhrifum Norðlingaölduveitu. Rannsóknir á lífríki tjarna í Þjórsárverum hafa staðið yfir sl. 4 ár. Nýlega (2009) hófust rannsóknir á myndun Múlanna, jökulgarðsins framan við Múlajökul. Umhverfisstofnun veitti Jarðvísindastofnun Háskóla Íslands leyfi til lágflugs vegna rannsókna.
<b>FRÆÐSLUÁÆTLUN</b>	Áætlað var að setja upp skilti árið 2010 og einnig að endurskoða bækling. Þessum áformum var frestað vegna viðræðna sem eiga sér stað um stækkun friðlandsins í Þjórsárverum.
<b>ANNAÐ</b>	Utanvegaakstur er mikið áhyggjuefni í Þjórsárverum. Sumarið 2009 reyndu landverðir að sporna við akstrinum með því að setja upp staura með bandi á milli og akstursbanmerki en betur má ef duga skal. Sumarið 2010 sá Gísli Már Gíslason í gönguferð á svæðinu, ásamt fleira fólki, för eftir fjórhjól og hugsanlega jeppa við Arnarfell og undir austanverðum Arnarfallsmúlum, við sunnan- og austanverða Nautöldu og við Blautkvísl á leið í Setur. Í ferðinni kom einnig í ljós að búið er að grafa niður fiskikar í áreyrarnar við Nauthagajökul, við heita lind við austuranvert Ólafsfell, þar sem jeppamenn baða sig á vetrum.



## 8.2 NÁTTÚRUVÆTTI Á SUÐURLANDI

### 8.2.1 Álftaversgígar, Skaftárhreppi

<b>FRIDLÝST</b>	Auglýsing nr. 105/1975 í Stjórnartíðindum B.
<b>STÆRÐ</b>	3.650 ha.
<b>FRAMKVÆMDIR</b>	Afmarka þarf náttúruvættið og brýnt er að koma þar upp merkingum. Ferðamenn aka um svæðið án þess að vita um sérstöðu þess og merkar jarðmyndanir eða að það sé friðlýst. Efla þarf vitneskju og fræðslu um svæðið. Einnig þarf að afmarka bifreiðastæði og göngustíg
<b>FRÆDSLÚÁÆTLUN</b>	Áætlað er að setja upp skilti árið 2013.
<b>ANNAÐ</b>	Gera þarf úttekt á ástandi og verndargildi svæðisins.

### 8.2.2 Árnahellir í Leitahrauni, Sveitarfélaginu Ölfusi

<b>FRIDLÝST</b>	Auglýsing nr. 591/2002 í Stjórnartíðindum B.
<b>STÆRÐ</b>	8 ha.
<b>LOKUNARÁKVÆÐI</b>	Vegna verndar jarðmyndana er óheimilt að fara í hellinn án sérstaks leyfis.
<b>SAMNINGUR</b>	Hellarannsóknafélag Íslands hefur umsjón með friðlýstum hraunhellum og hraunhellum á friðlýstum svæðum og veitir einnig faglega ráðgjöf um vernd og friðun hraunhella.
<b>FRAMKVÆMDIR</b>	Árið 2010 var ryðguðum hengilás á hliði skipt út fyrir nýjan. Hliðið er nokkuð ryðgað en heldur sér þó ennþá vel.
<b>VÖKTUN</b>	Eftirlitsferð var farin í hellinn árið 2010 og var ekki að sjá að neinar mannaferðir hafi verið við hellinn eins og síðustu ár. Ástand hellisins var mjög gott eins og áður. Engar sjáanlega skemmdir höfðu átt sér stað. Gulur borði var fjarlægður úr hellinum sem notaður var til að afmarka viðkvæm svæði þegar hellirinn var friðlýstur sem náttúruvætti árið 2002.
<b>ANNAÐ</b>	Hellirinn er læstur með hengilás á hliði og er grjóti ávallt hlaðið fyrir hliðið til að hylja staðsetningu. Hellarannsóknafélagið hefur ekki staðið fyrir ferðum í hellinn. Nokkuð hefur verið um fyrirspurnir síðustu ár um möguleikann á að komast í hellinn en þeim hefur öllum verið hafnað af stjórn félagsins. Það er einfaldlega eina leiðin til að vernda hellinn.

### 8.2.3 Dverghamrar, Skaftárhreppi.

<b>FRIDLÝST</b>	Auglýsing nr. 446/1987 í Stjórnartíðindum B.
<b>STÆRÐ</b>	2 ha.
<b>SKILTI</b>	Fyrir nokkrum árum kom Vegagerðin upp fræðsluskilti á bílastæðinu rétt við þjóðveg nr. 1. Gott bílastæði er á svæðinu.
<b>STÍGAR</b>	Göngustígur frá hliði suður með náttúruvættinu og vestur að girðingarhorni (u. þ. b. 80m) var malarborinn vorið 2008 og sett upp 15 steinprep í stíginn vestur og niður að hömrnunum. Tréprepum var þá fækkað að austan og stíkað betur en áður var. Nauðsynlegt er að halda áfram lagfæringu þrepa og loka villustígum.
<b>FRAMKVÆMDIR</b>	Koma þarf upp fræðsluskiltum innan girðingar um bæði gróður og myndun stuðlabergs. Sett var hlið á girðingu árið 2008 sem afmarkar svæðið í stað ónýtrar prílu sem var fjarlægð haustið 2007. Koma þyrfti upp búnaði til að telja fjölda ferðamanna, sem um svæðið fer, til að kanna hvort þörf er á auknu viðhaldi og eftirliti.
<b>FRÆDSLÚÁÆTLUN</b>	Áætlað er að setja upp skilti árið 2013.
<b>ANNAÐ</b>	Vegagerðin hefur komið upp áningarborði við bílastæðið, utan verndarsvæðisins. Endurbætur voru einnig gerðar á stígakerfi og girðingu 2007. Verkið var unnið af sjálfboðaliðum og starfsmönnum Umhverfisstofnunar.



Kirkjugólf

### 8.2.4 Jörundur í Lambahrauni, Bláskógabyggð

<b>FRIDLÝST</b>	Auglýsing nr. 333/1985 í Stjórnartíðindum B.
<b>STÆRÐ</b>	15 ha.
<b>LOKUNARÁKVÆÐI</b>	Vegna verndar jarðmyndana er óheimilt að fara í hellinn án sérstaks leyfis.
<b>SAMNINGUR</b>	Hellarannsóknafélag Íslands hefur umsjón með bæði friðlýstum hraunhellum og hraunhellum á friðlýstum svæðum. Það veitir jafnframt faglega ráðgjöf um vernd og friðun hraunhella sbr. samning þar að lútandi dags. 25. júlí 2002.
<b>FRAMKVÆMDIR</b>	Árið 2010 var skipt um hengilás á hliði.
<b>VÖKTUN</b>	Eftirlitsferð var farin í hellinn árið 2010. Hellirinn er í góðu ástandi og engar skemmdir að sjá.
<b>ANNAÐ</b>	Hellirinn er læstur með hengilás á hliði. Hellirinn þolir einfaldlega alls enga umferð. Hellarannsóknafélagið fékk beiðni um hugsanlega för í Jörund strax í byrjun árs 2011 en henni var hafnað. Mikill sandur er við op hellisins og í kringum hliðið og hefur það skapað vandræði við að læsa honum almennilega þar sem lásinn á það til að fyllast af sandi.

### 8.2.5 Kirkjugólf, Skaftárhreppi

<b>FRIDLÝST</b>	Auglýsing nr. 426/1987 í Stjórnartíðindum B.
<b>STÆRÐ</b>	1 ha.
<b>ANNAÐ</b>	Lág stuðlabergsklöpp. Endi stuðlabergsdranganna sem snúa upp úr jörðu.

### 8.2.6 Rangárþingi

<b>FRIDLÝST</b>	Auglýsing nr. 477/1987 í Stjórnartíðindum B.
<b>STÆRÐ</b>	2.204 ha.
<b>SAMNINGUR</b>	Enginn.
<b>SKILTI</b>	Ferðamálaráð hefur sett upp fræðsluskilti í fossaröðinni en þau skilti voru styrkt af Eimskipafélaginu. Mikil þörf á nýjum skiltum.
<b>FRAMKVÆMDIR</b>	Sjálfbóðaliðar Umhverfisstofnunar unnu sumarið 2010 við lagfæringar á göngustígum í náttúruvættinu.
<b>FRÆDSLÚÁÆTLUN</b>	Áætlað er að setja upp skilti árið 2013.
<b>ANNAÐ</b>	Sveitarfélagið hefur umsjón með tjaldsvæðinu. Þar hefur m.a. verið komið upp salernishúsi. Skógafoss er afar vinsæll áningarstaður ferðamanna.

## 8.3 FRIDLÝSTAR LÍFVERUR, BÚSVÆÐI, VISTGERÐIR OG VISTKERFI Á SUÐURLANDI

### 8.3.1 Kúluskítur

Finnst á 4 fundarstöðum á landinu m.a. í Þingvallavatni.

## 8.4 FÓLKVANGAR Á SUÐURLANDI

### 8.4.1 Bláfjallafólkvangur

Tilheyrir að hluta sveitarfélaginu Ölfusi.

## 8.5 ÖNNUR SVÆÐI Á SUÐURLANDI


### 8.5.1 Geysir í Haukadal, Bláskógabyggð

<b>FRIDLÝST</b>	Svæðið er ekki friðlýst en þar gilda sérstakar umgengnisreglur sem settar voru af nefnd sem starfaði undir menntamálaráðuneyti.
<b>STÆRÐ</b>	15 ha.
<b>LANDVARSLA</b>	Landverðir með aðsetur á Landmannalaugum fóru í eftirlitsferðir að Gullfossi og Geysi 21. júní, 7. og 27. Júlí, 15., 18. og 27. ágúst. Í ferðinni 27. ágúst tóku landverðir einnig þátt í samráðsfundi Umhverfisstofnunar og nokkurra landeigenda á Geysissvæðinu um úrbætur í öryggismálum við helstu hverfi.
<b>SKILTI</b>	Nokkur fræðsluskilti eru við innganginn.
<b>FRAMKVÆMDIR</b>	Lagfæra þarf flesta núverandi göngustíga og athuga möguleikann á því að leggja göngustíg að útsýnisskífu því að í rigningu verður svæðið við hana mjög blautt.
<b>ÖRYGGI</b>	Í eftirlitsferð landvarða á svæðið kom í ljós að bæta þarf girðingu við hverina. Þó er vandséð hvernig koma má í veg fyrir að fólk stelist inn fyrir nema með aukinni gæslu.
<b>ANNAD</b>	Svæðið var sett á rauðan lista Umhverfisstofnunar árið 2010 sem eitt þeirra 10 svæða sem stofnunin telur í hættu á að missa verndargildi sitt. Svæðið er meðal fjölsóttustu áningarstaða ferðamanna. Í allmörg ár hefur verið unnið að lausn mála er varðar eignahald á svæðinu innan girðingar hjá Geysi. Afar brýnt er að leysa málið þar sem ekki er unnt að fara í neinar framkvæmdir innan svæðisins fyrr en endanleg og staðfest niðurstaða hefur fengist um eignahald. Hluti landeigenda hefur lagst gegn framkvæmdum innan svæðisins. Svæðið er ekki friðlýst og reynt hefur verið að ná samkomulagi vegna öryggismála innan svæðisins. Verið er að reyna að komast að samkomulagi. Landverðir lýsa aðkomunni að Geysi sem mjög slæmri þar sem allt hafi verið þakið af sigar-ettustubbum og slæm umgengni hafi einkennt svæðið. Stígar, skilti og kaðlar eru í slæmu ástandi.

### 8.5.2 Þjóðgarðurinn Þingvellir, Bláskógabyggð

Þjóðgarðurinn á Þingvöllum var stofnaður árið 1930 samkvæmt lögum nr. 59/1928, um friðun Þingvalla. Þingvallanefnd er þriggja manna nefnd, skipuð þremur alþingismönnum, sem fer með yfirstjórn þjóðgarðsins, fyrir hönd Alþingis. Um þjóðgarðinn á Þingvöllum lög nr. 47/2004.






*Þingvellir*









UMHVERFISSTOFNUN

2011